

BÆÐI HVERSDAGS OG SPARIMATUR

Nanna Rögnvaldardóttir gefur góð ráð í nýrri matreiðslubók

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

MÍN LUKKA AÐ LENDA Á SOGNI

RÉTTARGEÐDEILDIN AÐ SOGNI HEIMSÓTT 28&30

Sogn

RÉTTARGEÐDEILDIN AÐ SOGNI
ÖVIÐKOMANDI BANNAÐUR AÐGANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

9. maí 2009 — 110. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

VIÐTAL 34

Jón Eiríksson er oftast kallaður Drangeyjarjarlinn



NEYSLUVENJUR 36

Fæstir vilja kannast við eyðslu í góðærinu

BÍLAR 32

Bylting í bílaiðnaðinum



ÞRJÚ SÉRBLÖÐ Í DAG



STUTT Í STÓRU STUNDINA Á STÓRA SVIÐINU Það var ekkert lítið á seyði í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi en þá var hinn frægi söngleikur Söngvaseiður frumsýndur. Hér sjást Von Trapp-systkinin umkringja Þórhall Sigurðsson leikstjóra. Engan skrekk var að skynja hjá liðinu þóttuttugu mínútur væru í stóru stundina á Stóra sviðinu.

LÍÚ vill endurskoða leiguframsal kvóta

Útvegsmenn eru tilbúnir að vinna að endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Ný ríkisstjórn verður kynnt á morgun. Þing kemur líklega saman í næstu viku.

STJÓRNMÁL Ný ríkisstjórn Jóhannu Sigurðardóttur verður kynnt á morgun. Lokahönd verður lögð á samstarfsáttmála Samfylkingarinnar og VG í dag sem og skiptingu ráðuneyta milli flokkanna.

Í tengslum við gerð stjórnarsáttmála og sérstakrar aðgerðaáætlunar í efnahagsmálum hafa oddvitar stjórnarflokkanna, Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon, hlýtt á sjónarmið fjölda hagsmunaaðila. Meðal þeirra sem gengið hafa á fund þeirra síðustu daga eru fulltrúar ASÍ, BSRB, Samtaka atvinnulífsins, lífeyris-sjóðanna, Kennarasambandsins og Bændasamtakanna. Um kvöldmatarleytið í gær voru forystumenn

Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) í Stjórnarráðinu. Lýstu þeir áhyggjum af hugmyndum um fyrningu aflaheimilda og uppboð þeirra en sögðust um leið reiðubúnir að vinna að endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins með komandi ríkisstjórn.

„Við erum tilbúnir til að gera ákveðnar breytingar með stjórnvöldum og þá fyrst og fremst á því sem snýr að því að takmarka svokallað leiguframsal verulega þannig að útgerðunum verði gert að veiða meira af eigin kvóta,“ sagði Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. Frjálst leiguframsal hefur, með öðru, skap-

að óánægju með kvótakerfið. Það hefur til dæmis alla tíð verið þyrnir í augum sjómannasamtakanna.

Friðrik telur að verulegar takmarkanir á því fyrirkomulagi geti orðið til að skapa ríkari sátt um kerfið en nú er.

Stefnt er að setningu samarþings í næstu viku og áætlað að það standi í um fjórar vikur. Samist hefur um milli forystumanna stjórnarflokkanna að þingsályktunartillaga um Evrópusambandsmál verði lögð fyrir þingið. Skal hún fá ítarlega meðferð og umsagnir víða að. Tillagan verður svo tekin til endanlegrar meðferðar á nýju þingi síðar í sumar.

-bps

ÞINGHALDIÐ RÆTT

Forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna; Bjarni Benediktsson, Birgitta Jónsdóttir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, gengu á fund Jóhannu og Steingríms síðdegis í gær. Voru stórir komandi samarþings rædd. Samhliða gerð stjórnarsáttmálans hefur verið unnið að sérstakri aðgerðaáætlun efnahagsmála. Upplýst var um nokkur mál sem ríkisstjórnin telur brýnt að verði að lögum svo mæta megi bráðavanda í efnahagslífinu.

muundu eftir mjólkinni!



FERÐALÖG OG FRÍSTUNDIR
Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal 8.-10. maí 2009

Frábært tækifæri fyrir alla fjölskylduna til að skipuleggja sumarið!

Kynntu þér fjölbreytta dagskrá www.ferdalogogfristundir.is



34%

Morgunblaðið

74%

Fréttablaðið

Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



Gylfi, eru þessir menn ekki alveg í sambandi?

„Atvinnuþróunarfélögin virðast vera í betra sambandi við kaldr excel-formúlur en hina heitu hugmynda-smíði. Maður spyr sig hvort þau séu mönnum réttum manngerðum.“

Gylfi Gylfason í Símbæ er óánægður með dræmar viðtökur atvinnuþróunarfélaga á þeirri hugmynd að setja á fót GSM-minjasafn á landsbyggðinni.



KREPPTUR HNEFI ÆSKUNNAR Mótmælt var við Stjórnarráðið í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mótmæli Nýrra tíma:

Ráðherrar buðu mótmælendum inn í Stjórnarráð

EFNAHAGSMÁL Nokkrum úr hópnum Nýjum tímum var boðið inn á fund með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra, þegar þeir mótmæltu fyrir utan Stjórnarráðið í gær.

Nýir tímar vildu minna stjórnvöld á slæma skuldastöðu heimilanna í landinu og kröfðust tafarlausa aðgerða í þágu þeirra. Skjaldborg um heimilin væri enn hvergi sjáanleg og þolinmæði flestra Íslendinga að þrotum komin. Á þriðja hundrað mun hafa mótmælt í gær.

Illviðri víða um land í gær:

Hjólhýsi fuku og vegum lokað

VEDURFAR Illviðri var víða um land í gær og varaði lögreglan fólk við að vera á ferðinni. Þannig fuku tvö hjólhýsi í hvassviðri undir Ingólfsfjalli, en enginn slasaðist. Lögreglan á Selfossi mælir eindregið gegn því að fólk ferðist með slíkt í rokinu.

Fjarðarheiði á Austfjörðum var lokað í kolvittlausu veðri, að mati lögreglunnar þar. Fagrigdalur var sömuleiðis illfær. Í Vestmannaeyjum víðraði þó illskár, og lögreglan þurfti ekki að hlaupa á eftir nema einu trampólíni sem skoppaði um bæinn.

Björgunarsveitarmenn fara á snjóbilum á eftir átta skíðamönnum:

Veðurtepptir á Vatnajökli

BJÖRGUN Snjóþýlar frá björgunarsveitum frá Hellu, Reykjavík og Vík fóru í gær eftir átta göngu-skíðamönnum sem lentu í aftaka-veðri milli Grímsvatna og Esju-fjalla á Vatnajökli.

Svanur Lárusson, frá svæðisstjórn björgunarsveita í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, sagði við Fréttablaðið í gærkvöldi að ferðin væri seinfarin og gert var ráð fyrir að snjóþýlarnir kæmu að fólkinu um klukkan tvö um nóttina. Áður höfðu snjóleðar farið frá Höfn en þurft að snúa við um átta kílómetrum áður en komið var að hópnum. Þá færðist veðuröfufinn í aukana og

sleðarnir hættu að ganga. „Veðrið var orðið svo snarvitlaust að það var engin glóra í því að halda áfram,“ sagði Svanur. Hann sagði enn fremur að fólkið væri vel bútt og ekkert amaði að því. Það væri vant og hefði lagt allt kapp á að halda tjöldunum á yfirborði en annars hefði það grafist undir í snjóþýlunum. Í hópnum eru tveir Íslendingar og sex Spánverjar og var hann búinn að vera á ferðinni í tvo sólarhringa.

SNJÓBÍLL FRÁ LANDSBJÖRG Þeir eru ekki býna hraðskíðir snjóþýlarnir og því varð skíðafólkið að sýna mikla biðlund við verstu aðstæður í nótt.



Viðbrögð við flensu mikil en skiljanleg

Mikið er rætt um svínaflensuna um þessar mundir og þykir sumum nóg um. Sumir telja að verið sé að hræða almenning að óþörfu til að auka sölu á lyfjum og viðbúnaðarvörum. Aðrir telja að um eðlileg viðbrögð við hættu sé að ræða.

HEILBRIGÐISMÁL Fyrstu fregnir af svínaflensunni í Mexíkó báru með sér að um banvæna sótt væri að ræða sem legðist þungt á þá sem fyrir henni urðu. Fólk um allan heim bjó sig undir það versta; að nýr faraldur á borð við spænsku veikina væri á leiðinni með tilheyrandi dauðsföllum. Nú, rétt um hálfum mánuði síðan fyrstu fregnir bárust, hafa tæplega 2.500 manns sýkst, þar af um helmingur í Mexíkó, og 46 hafa látist.

Það er því kannski ekki óeðlilegt að menn spyrji sig hvort viðbrögðin hafi verið út úr kortinu. Hvort það að hamstra flensulyf og rykgrímur hafi verið nauðsynlegt. Nefna má til samanburðar að í Bandaríkjunum einum deyja um 36 þúsund úr venjulegri flensu árlega og á bilinu 250 til 500 þúsund um allan heim.

„Það er nú hægt að afsaka þessi viðbrögð í upphafi þar sem fyrstu fregnir báru með sér að pestin væri skæð. Þær voru einnig óljósar þannig að það var ekki verjandi annað en að hafa viðbúnað. Þetta voru óvissutímar og veður að fyrirgefast,“ segir Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir. Hann segir heilbrigðisfyrirvöld hér hafa talað gegn því að fólk væri að hamstra lyf og grímur. Nægar birgðir séu til hjá yfirvöldum og hvað grímurnar varði séu það helst heilbrigðisstarfsmenn í návígi við sjúkdóminn sem þurfi á þeim að halda.

Ýmsir, svo sem breski blaðamaðurinn Simon Jenkins, hafa velt því upp hvort stórfyrirtæki í lyfjaiðnaði og tengdum vörum ýti undir ótta fólks um heimsfaraldur. Þá



ÓTTINN VIÐ FLENSUNA Fólk víða um heim bjó sig undir heimsfaraldur á við spænsku veikina. Hér heima seldust rykgrímur upp í sumum apótekum. Myndin sýnir kennslustofu í Mexíkó.

NORDIC PHOTOS/AFP



HARALDUR BRIEM

hlaupi fjölmiðlar til í leit að æsifréttum og helli olíu á eldinn til að búa til góða frétt.

Haraldur segir að vissulega stýri fjölmiðlar umræðunni og ráði miklu um þá stemningu sem

ríkir. Hins vegar sé rétt að taka hættuna alvarlega, 41 ár sé síðan síðasti heimsfaraldur influensu kom upp og því líklegt að annar sé væntanlegur einhvern tímann á næstunni. Hve alvarlegur hann verði sé hins vegar ekki vitað.

Svínaflensan er nú að þróa út í að verða influensa með nýrri veiru. Haraldur segir útbreiðsluna nú í takt við fyrstu bylgju slíkrar flensu og gera megi ráð fyrir að hún komi aftur upp í haust. Mikilvægt sé hins vegar að taka hlutunum með ró; nægur tími sé til stefnu og verið sé að vinna að þróun bólu-eftnis. „Það er engin ástæða til að vera með ofsahræðslu núna.“

kolbeinn@frettabladid.is

Stjórnarsáttmálinn kynntur:

Flokksstofnanir funda á morgun

STJÓRNMÁL Stofnanir stjórnflokkanna koma saman til fundar á morgun og fjalla um fyrirhugað ríkisstjórnarsamstarf.

Flokksráð VG hittist á Grand hótel klukkan ný í fyrramálið en í lögum flokksins er kveðið á um samráð þingflokks og flokksráðs komi til stjórnarmyndunar með þátttöku VG.

Flokksstjórn Samfylkingarinnar kemur saman á Hótel Sögu klukkan eitt og veður borin upp tillaga um stjórnarsáttmálan og ráðherraskipan flokksins.

Áformað er að halda blaðamannafund í kjölfar fundanna.

- bps

Indversk kona á Seyðisfirði:

Á fjórða þúsund styður nú Japsý Jacob

INNFLYTIJENDUR Á fjórða þúsund hefur nú skráð sig í hóp á netinu til stuðnings Japsý Jacob, indverskri konu á Seyðisfirði, sem biður niðurstöðu Útlendingastofnunar um hvort hún megi vera á landinu eður ei.

„Það mun vekja mikla óánægju ef hún fær ekki landvistarleyfi,“ segir Pétur Kristjánsson, stofnandi hópsins. Hann telur málefni innflytjenda og hælisleitenda hér í miklum ólestri. Eftir að hann hóf afskipti af máli Japsýar, hafi hann gert sér betur grein fyrir þessu: „Aðstæður þeirra sem sækja um sem flóttamenn eru til dæmis alveg hörmlugar, sýnist mér.“



JAPSÝ JACOB

- kóp

Ástralíuher rýmir til:

Kengúrurdrápin vekja mótmæli

ÁSTRALÍA, AP Ástralíuher hyggst drepa sex þúsund kengúrur á æfingasvæði hersins skammt frá Canberra, höfuðborg Ástralíu.

Drápin er sögð til þess ætluð að vernda sjaldgæfar gróðurtegundir og skordýr.

Ekki eru þó allir á þetta sáttir. Í fyrra hugðist herinn drepa 400 kengúrur á öðru æfingasvæði en mótmælendur stöðvuðu þær framkvæmdir.

„Við ætlum ekki að sitja hjá og láta þetta gerast,“ segir Bernard Brennan hjá áströlskum dýraverndarsamtökum. Mótmælendur ætla að fara inn á svæðið í stórum hópnum á næstu dögum.- gp

Siggi stormur spáir mikilli hitasveiflu á landinu í næstu viku:

Hitinn gæti náð tuttugu stigum

VEDUR „Það er auðvitað draumi líkast að fá svona veður ofan í þennan harða vetur í efnahagslífi þjóðarinnar og alkulið sem ríkir í peningamálum bankanna. Ætli þetta séu ekki einu hlýindin sem munu sjást í bili,“ segir Sigurður Þórður Ragnarsson, Siggi stormur, veðurfræðingur. Siggi spáir hlýindum á landinu í næstu viku og gætu hitatölur á Norðausturlandi náð allt upp í tuttugu stig um miðja vikuna.

Að sögn Sigga verða íbúar Norðausturlands væntanlega vitni að algjörum veðurfarslegum viðsnúningi í byrjun vikunnar. „Þeir hafa þurft að þola þetta mikla norðanáhlaup, en sumarið kemur á mánudaginn. Ég staðfesti það hér með og legg mannorðið að veði,“ segir Siggi og skellir upp úr.

Þótt veðrið verði sýnu best fyrir norðan segir Siggi að spár geri ráð fyrir almennum hlýindum á landinu. „Þetta gerist hægar sunnan- og vestanlands, en hitinn er líka á uppleið þar og gæti orðið á bilinu þrettán til sextán gráður á miðvikudaginn. Um miðja vikuna verður sem sagt orðið gott veður um allt land, og vonandi fáum við líka fleiri góðar fréttir af Jóhönnu Guðrúnu í Eurovision. Þetta eru óvenju mikil hlýindi miðað við árstíma.“



SUMARIÐ Á LEIÐINI Siggi stormur lofar sumarkomu á mánudag. Besta veðrið verður á Norðausturlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Um sumarið fram undan segir Siggi að veðurlagsspár séu hagstæðar. Júní verði í meðallagi, júlí yfir meðallagi og ágúst verði þurr og hlýr. „En auðvitað verða þarna myndarlegar rigningarlægðir. Það er jafn öruggt og að sólin rís í fyrramálið,“ segir Siggi stormur.

- kg

SPARAÐU...

með því að losa þig við gluggapóstinn.

Kynntu þér málið á www.kaupthing.is og sparaðu þér þúsundir króna á ári.

KAUPPING

TAX FREE!

Aðeins í dag!

TAX FREE!

Gildir í Húsasmiðjunni
um land allt



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF RAFMAGNSVERKFAERUM

HITACHI
POWER TOOLS

**BLACK &
DECKER**

WORX
PROFESSIONAL

DWT 

 **FOX**

Borvélur - Batterísvélur - Herslúvélur - Borhamrar - Brotvélur - Hjólsagir - Nagari - Stingsagir
Sverðsagir - Borðsagir - Bútsagir - Fræsarar - Juðarar - Beltavélur - Slípirokkar - Heflar

Gildir ekki af garð- eða loftverkfærum



Úrval getur verið misjafnt
eftir verslunum

Sumaropnun í Skútuvogi
Opíð alla daga til 21:00

 **HÚSASMIDJAN**

x blómaval

Fráber saman

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	125,08 125,68
Sterlingspund	188,18 189,10
Evra	167,61 168,55
Dönsk króna	22,498 22,630
Norsk króna	19,331 19,445
Sænsk króna	15,913 16,007
Japanskt jen	1,2571 1,2645
SDR	187,82 188,94

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,1237
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Össur Skarphéðinsson kallaði fulltrúa breska sendiráðsins á fund til sín:

Mótmælti með hreinskiptum hætti

UTANRÍKISMÁL „Þessi yfirlýsing staðfestir með ótvíræðum hætti að Íslenska ríkisstjórnin fór með rétt mál, bæði hvað varðar AGS og ábyrgð á innlánnum breska sjúkráhusins,“ segir Össur Skarphéðinsson um yfirlýsingu breska forsætisráðuneytisins. „Það er mikilvægt að þarna kemur fram opinber yfirlýsing um að breska ríkisstjórnin styðji samkomulag okkar við AGS. Það styrkir okkar stöðu.“

Össur fundaði í gær með Emmu Davis, fulltrúa breska sendiráðsins hér á landi, en breski sendiherrann er erlendis. Eftir fundinn sagðist Össur hafa mótmælt yfirlýsingu Browns með hreinskiptum hætti.

„Og gat þess að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem Brown tæki með þessum hætti til orða um Íslandi,“ sagði Össur.

Auk þess gekk Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra í Bretlandi, til fundar við utanríkisráðgjafa Gordons Brown og afhenti mótmælalibré.

Aðspurður hvort þessi ummæli myndu hafa einhver áhrif á viðræður Íslendinga og Breta um Icesave, sagði Össur: „Það er aldrei gott þegar menn eru komnir með mál í ákveðinn jákvæðan farveg þegar svona mál skyndilega spretta upp. Að því leyttinu til var þetta alveg feikilega óheppi-



EMMA DAVIS Ég hef ekkert að segja, sagði fulltrúi breska sendiráðsins eftir fund með Össuri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

legt hjá breska forsætisráðherranum að segja þetta svona.“ - ss

Þingmaður íhaldsmanna:

Brown vissi ekki betur

UTANRÍKISMÁL Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, vissi ekki betur þegar hann sagði breskum þingmönnum frá málefnum Christie-sjúkráhusins, Íslandi og Breta.

Þetta segir Graham Brady, þingmaður breska Íhaldsflokksins, í viðtali við Stöð 2, en hann spurði Brown upphaflega út í málið.

Brown hafi því blekkst þingheim óviljandi, þegar hann sagði að Íslendingar bæru ábyrgð á glötuðum innstæðum í dótturfélagi Kauppings, Singer & Friedlander. Hið sanna er að S&F fellur undir breska fjármálaeftirlitið. - kóp



Á VINNUMÁLASKRIFSTOFUNNI Atvinnuleysi í Bandaríkjunum jafnast á við að Norðmenn og Svíar mæli göturnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Atvinnuleysi ekki meira í 26 ár: Fjórtán milljónir án vinnu

BANDARÍKIN Atvinnuleysi mældist 8,9 prósent í Bandaríkjunum í nýliðnum mánuði, samkvæmt upplýsingum bandarísku vinnu-
málastofnunarinnar í gær.

Þetta jafngildir því að 13,7 milljónir Bandaríkjamanna séu nú án atvinnu vestanhafs. Fjöldinn hefur ekki verið jafn mikill í 26 ár, eða frá 1983.

Til samanburðar eru allir íbúar Svíþjóðar og Noregs fjórtán milljónir talsins.

Samkvæmt gögnum Vinnu-
málastofnunarinnar var 539 þúsund manns sagt upp vestan hafs í mánuðinum. Það er talsvert minna en búist var við og eru menn bjartsýnir á að farið sé að hægja á uppsagnahrinunni. - jab

LEIÐRÉTTING

Vorganga á mæðradag

Vorganga Styrktarfélagsins Göngum saman verður farin frá Skautahöllinni í Laugardal og Eyrarlandsstofu á Akureyri klukkan 11 og gengið í klukkutíma. Ekki verða mismunandi vegalengdir eins og misritaðist í blaðinu í gær.

Downingstræti snýr út úr orðum sínum

Í svari breska forsætisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að Bretar viðurkenni ábyrgð á innlánnum í Singer Friedlander. Bretar eigi ekki í viðræðum við AGS, þrátt fyrir að Gordon Brown hafi sagt annað á breska þinginu.

UTANRÍKISMÁL „Við viðurkennum að breska fjármálaeftirlitið hefur skyldum að gegna gagnvart Kaupþing Singer Friedlander sem breskt dótturfélag,“ segir í yfirlýsingu frá breska forsætisráðuneytinu sem Fréttablaðinu barst í gær. Með orðum sínum á breska þinginu á þriðjudag um íslenska ábyrgð á eftirliti með innlánsstofnunum, hafi Brown hafi ekki verið að tala um Christie-sjúkráhusið, sem átti í viðskiptum við Singer Friedlander, heldur hafi hann verið að fjalla um áhrif falls íslensku bankanna á breiðari nótum.

„Hann var einungis að setja málið í sambengi,“ segir fjölmiðlafulltrúi breska forsætisráðuneytisins og vill ekki samþykkja að í ræðu Browns á þriðjudag hafi hann annað hvort ekki gert sér grein fyrir mismunandi breskum reglum sem giltu um Kaupþing Singer Friedlander sem breskum banka annars vegar og Landsbankann sem íslenskum banka hins vegar, eða Brown hafi vitað betur en verið að vísa umræðunni á rangar brautir með því að tala um ábyrgð Íslands í málinu.

Í yfirlýsingu segir að þegar Brown vísaði í samningaviðræður við AGS hafi hann átt við aðstoðsjóðsins við Ísland, sem Bretar styðji. Fjölmiðlafulltrúinn reyndi að útskýra fyrir blaðamanni að Brown hafi annars vegar verið að vísa til samningaviðræðna Íslands og AGS í nóvember og hins vegar til Icesave-viðræðna Bretlands og Íslands.

Það sem Brown hins vegar sagði á þinginu á þriðjudag var: „Ábyrgð-



GORDON BROWN Í yfirlýsingu sem breska forsætisráðuneytið sendi frá sér í gær er bakkað með allt það sem Gordon Brown sagði á breska þinginu á þriðjudag og olli óróa hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

in liggur fyrst hjá íslenskum yfirvöldum að borga. Því eigum við í samningaviðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðrar stofnanir um það hversu hratt Íslendingar geta borgað þær skuldir sem þeir eru í ábyrgð fyrir.“

Þegar fjölmiðlafulltrúanum breska var bent á að yfirlýsing breska forsætisráðuneytisins kæmi á engan hátt saman við það sem Brown sagði á þinginu, svaraði hann því til að tími til svara

í spurningatíma til forsætisráðherra væri knappur og því hafi þetta komið svona út. Hann hafi hins vegar meint allt annað.

Ekki fengust svör við því við hvaða aðrar stofnanir Brown var að vísa til, né heldur hvernig bresk yfirvöld munu bregðast við formlegum kvörtunum íslenskra stjórnvalda. „En ég er viss um að eitthvert svar mun berast,“ sagði fjölmiðlafulltrúinn að lokum.

svanborg@frettabladid.is

Frjálslyndi flokkurinn:

Guðjón fundar með flokksfólki

STJÓRNMÁL Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, efnir til fundar í dag með flokksmönnum. Hyggst hann ræða stöðu Frjálslynda flokksins og þjóðmálin.



GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

Sem kunnugt er þurkaðist Frjálslyndi flokkurinn út af þingi í kosningunum í apríl og á kjörtímabili sveitarstjórna hafa tveir af fjórum sveitarstjórnarmönnum flokksins sagt sig úr honum.

Fundurinn verður haldinn í húskynnum Frjálslynda flokksins að Skúlatúni 4 í Reykjavík og hefst klukkan eitt. - bps

Verkalýðsfélag Akraness:

Álverð auðveldi kjarasamninga

VINNUMARKAÐUR Fréttir af hækkandi álverði á heimsmarkaði eru gríðarlega jákvæðar að mati Verkalýðsfélags Akraness. Þetta auki atvinnuöryggi þeirra starfsmanna sem vinna í álverum.

Í pistli á heimasíðu félagsins eru bundnar vonir við að álverð hækki enn, því kjarasamningur starfsmanna hjá Norðuráli á Grundartanga eru lausir um áramót.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli að álverðið haldi áfram að stíga upp á við því það mun klárlega auðvelda samningsaðilum að ná saman,“ segir í pistlinum. Enda eigi stóriðjufyrirtæki að láta starfsmenn sína njóta góðs af velgengni í rekstri. - kóp

LAGER SALA

OPIÐ ALLA HELGINA

Rafha ehf.

Opið virka daga 10-18 laugardag 11-17 sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.rafha.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

VETRARLEGT
Heldur er vetrarlegt um að líta á norðanverðu landinu og nokkuð svalt þessa dagana, í það minnsta lítið sem minnir á sól og sumaryl. En það hlýnar frá og með morguneginum og búast má við tveggja stafa tölum um miðja vikuna.

HEIMURINN

Alicante	21°
Bassel	25°
Berlín	20°
Billund	14°
Eindhoven	13°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	25°
Gautaborg	16°
Kaupmannahöfn	16°
Las Palmas	20°
London	15°
Mallorca	25°
New York	24°
Orlando	33°
Ósló	13°
París	12°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	13°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN 3-8 m/s Suðlægur áttir.

MÁNUDAGUR Hvasst við vestantil annars hægari.

FYRIRMYNDARSTOFNANIR

SFR 2009

SFR – stéttarfélag í almannajónustu stendur enn á ný fyrir könnuninni Stofnun ársins. Könnunin var gerð meðal SFR félaga og annarra starfsmanna óháð stéttarfélögum, þar sem stjórnendur hafa leitað eftir að allir starfsmenn taki þátt. Þátttakendur voru spurðir út í vinnutengda þætti eins og trúverðugleika stjórnenda, sjálfstæði í starfi, vinnuálag, vinnuskilyrði, álag og kröfur, sveigjanleika í starfi og fleira.

SFR – stéttarfélag í almannajónustu kynnir einnig Hástökkvara ársins, en þann titil hlýtur sú stofnun sem hækkar sig um flest sæti milli ára.



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU



Stærri stofnanir

1. Umferðarstofa
2. Ríkisskattstjóri
3. Sjálfsbjargarheimilið
4. Reykjalundur
5. Siglingastofnun Íslands

Minni stofnanir

1. Sýslumaðurinn í Vík
2. Biskupsstofa
3. Skattrannsóknarstjóri ríkisins
4. Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
5. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Hástökkvari ársins

Siglingastofnun Íslands

SFR – stéttarfélag í almannajónustu þakkar öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni. Ítarlegri upplýsingar er hægt að fá á vef SFR www.sfr.is.



KJÖRKASSINN



Hefði gengi krónu þolað frekari stýrivaxtalækkun?

Já	71,7%
Nei	28,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti lögreglan að koma í veg fyrir rekstur fríbúðar á Vatnsstíg?

Segðu skoðun þína á Vís.is



Skógareldar í Kaliforníu eru óvenju snemma á ferðinni þetta árið:

Tugir þúsunda flýja eldana í Kaliforníu

BANDARÍKIN, AP Þúsundir slökkviliðsmanna í Kaliforníu hafa dögum saman barist við skógarelda skammt frá fjölmennri byggð í bænum Santa Barbara. Meira en 30 þúsund manns hafa flúið að heiman meðan eldarnir geisa.

Eldarnir höfðu vaxið í fyrrinótt og virtust ekkert ætla að draga úr látunum í gær, þar sem loftið var mjög þurr og heitar vindhviður báru eldinn æ víðar.

Slökkviliðið sér um að koma í veg fyrir að logarnir fari í íbúðarhverfin, sem að stórum hluta eru byggð frægu og ríku fólki, kvikmyndastjörnum og jafnvel fyrverandi forsetum.



BARIST VIÐ ELDINN Eldarnir eru sérlega erfiðir viðureignar vegna þess hve gróðurinn er þéttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvenjulegt er að eldar geisi á þessum slóðum á þessum árs-

tíma, algengara er að þeir brjótist út þegar líða tekur á sumar. Tom Franklin, slökkviliðsstjóri í Santa Barbara, sagði eldinn vera sérlega erfiðan viðureignar eftir að hann barst inn á svæði þar sem gróður er mjög þéttur og eldsmaturlinn því mikill.

Í fyrrinótt var ástandið orðið svo slæmt að stjórnvöld sögðu tólf þúsund manns að yfirgefa heimilin, í viðbót við átján þúsund manns sem áður höfðu þurft að gera slíkt hið sama.

Margir voru tregir til að skilja heimili sín mannlús eftir, hugsanlega til þess að verða eldinum að bráð.

- gb

Reykjanesbær:

Sektað fyrir hundaskít

REYKJANESBÆR Hundaskítur er til svo mikilla vandræða á almannaferi í Reykjanesbæ að unnið er að því að gera nýja lögreglu-samþykkt fyrir bæinn. Í henni er reiknað með að taka harðar á hundaeigendum sem hirða ekki upp eftir hunda sína og er hugsanlegt að hundaeigendur megi eiga von á sekt hirði þeir ekki skítinn upp.

Á vef Vísirfréttu kemur fram að kvartað sé yfir hundaskít á göngustígum bæjarins. Þar segir Björk Guðjónsdóttir, forseti bæjarstjórnar, að kvartað sé yfir þessu á opnum svæðum, sem börn sækja í til leikja.

- ghs



ÍSAFJÖRÐUR Taka þarf mið af erfiðleikum fólks segja bæjarfulltrúar.

Minnihlutinn á Ísafirði:

Bærinn láti af innheimtuhörku

SVEITARSTJÓRNIR Fulltrúar minnihluta Í-listans í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafa lagt til að bærinn hætti viðskiptum við Intrum Justitia þar sem ástandið í þjóðfélaginu réttlæti ekki slíka hörku í innheimtuáðgerðum, né heldur þann háan innheimtukostnað sem af því hljóttist.

„Sveitarfélögin í landinu þurfa að taka mið af þeim erfiðleikum, sem fólk og fyrirtæki standa nú frammi fyrir, í afleiðingum bankakreppunnar miklu á Íslandi,“ segir í tillögnum.

- gar

LÖGREGLUMÁL

Fimmtán óku of hratt

Fimmtán ökumenn óku of hratt á Norðurströnd á Seltjarnarnesi fyrir hádegi í gær þegar lögreglan stóð fyrir hraðamælingum í ómerktri bifreið. 139 ökumenn voru á ferðinni. Hámarkshraði á Norðurströnd eru 60 km á klst. en meðalhraði ökufanta var 74 km á klst.

60% óku of hratt

49 ökumenn af 86 óku of hratt í Arnarbakka í Breiðholti þegar lögreglan mældi hraða þar í gærmorgun. Nær 60 prósent voru því yfir löglegum hámarkshraða. Hámarkshraði er 30 kílómetrar en meðalhraði ökumanna var 48 kílómetrar á klukkustund.

29 yfir hámarkshraða

29 ökumenn af 133 sem voru á ferðinni í Langaríma í fyrradag óku of hratt samkvæmt mælingum lögreglunnar. Meðalhraði hinna brotlegu var 42 km/klst en þarna er 30 km hámarkshraði. Sá sem hraðast ók mældist á 52 kílómetra hraða. Hraðamælingarnar eru hluti af átaki lögreglunnar í og við íbúðagötur.



LEIGUHÚSNÆÐI FJÖLGAR Á höfuðborgarsvæðinu hefur leiguhúsnæði fjölgað mjög undanfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leigjendur semja um lækkun leigu

Fleiri leigja húsnæði nú en áður. Leiguverð hefur lækkað í kreppunni. Margar eignir í leigu standa ekki undir afborgunum á áhvílandi lánnum segja þeir sem til þekkja. Leigjendur eru farnir að semja um lægri leigu.

FASTEIGNIR Leiguverð á þriggja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu er nú um 80 til 120 þúsund segir Guðlaugur Þorsteinsson, leigumíðlari hjá Leigulistanum, en var í mesta góðærinu á bilinu 110 til 160 þúsund. Það þýðir þriðjungslækkun á hæsta verði. Leiguverð helst nokkuð í hendur við fasteignaverð hér á landi og hefur farið lækkandi með lægra fasteignaverði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er töluvert um að fólk sem er í leiguhúsnæði semji um lækkaða leigu við leigusala, lækki leigu til dæmis úr 140 þúsund í 120 þúsund á einu bretti. Aðrir flytja. Fréttablaðið þekkir nýlegt dæmi þess að einstaklingur hafi með því að skipta um leiguhúsnæði lækkað leigukostnað úr 120 þúsund í 77 þúsund fyrir þriggja herbergja íbúð.

Guðlaugur segir að sumu leyti erfitt að henda reiður á því sem er

að gerast á leigumarkaði um þessar mundir, margir séu farnir að hafa milligöngu um leigu og leigumarkaðurinn stækki hratt. „Margir sem eru að fara út úr íbúðunum sínum eru að missa þær, þetta fólk fer að leigja og mun væntanlega ekki kaupa sér íbúð á næstunni.“

Óskar Rúnar Harðarson fasteignasali bendir á að ungt fólk kaupi ekki fasteignir núna heldur fari út á leigumarkaðinn. „Það er raunhæfari kostur að leigja en að kaupa um þessar mundir, fleiri eignir eru í útleigu og þær þjóðast í lengri tíma.“ Einnig eru dæmi þess að fólk sem þarf að stækka við sig leigi íbúðina sína út og leigi sér stærra húsnæði.

Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að það sé ekki mikill gróði í því að leigja út eignir um þessar mundir, nema leigusalar eigi íbúðirnar skuldlausar, það séu

helst litlar íbúðir sem standi undir sér í leigu, því stærra sem eignirnar séu því ólíklegra sé að þær standi undir áhvílandi lánnum. Dæmi séu um að fólk leigi einbýlishús á 150 þúsund en afborganir lána séu um 300 þúsund. Sumir hafi líka keypt áður en þeir seldu og sitji því uppi með tvær eignir, aðra í útleigu þar til hún selst.

Leigulistinn er nú með 700 eignir til leigu á skrá, en þær voru um 1.100 um áramótin. Í góðærinu voru þær hins vegar íðulega einungis 250 til 300 að sögn Guðlaugs.

Í góðærinu var Leigulistinn nánast einráður á markaðnum en í harðnandi árferði hafa fasteignasölur tekið að sér leigumíðlun. Lausleg könnun Fréttablaðsins bendir til þess að margar fasteignasölur bjóði nú einnig upp á leigumíðlun um þessar mundir.

sigridur@frettabladid.is

Höfum opnað kaffihús í hjarta Hafnarfjarðar.



Strandgata 29
Hafnarfjörður

Matarmikil súpa og brauð í hádeginu. Kaffi frá Illy og gómsætar kökur o.fl. til kl. 21.00 á kvöldin.

Verið velkomin.

Lykill að lægra verði

Afsláttur, punktar og aukin þjónusta. Sæktu um Staðgreiðsulykilinn í dag á skeljungur.is.



Víkingaheimar á Fitjum í Reykjanesbæ tóku til starfa í gær:

Víkingatíminn er mikilvægur

REYKJANESBÆR „Þetta er mjög merkilegt og metnaðarfullt átak sem hér hefur verið farið í, og það er verið að gera hluti sem hafa ekki fyrr verið gerðir á Íslandi. Eg er sannfærður um að Víkingaheimarnir munu vekja mikla athygli,“ segir Kristján Pálsson hjá Ferðamálasamtökum Suðurnesja.

Víkingaheimar, sem hýsa víkingaskipið Íslending og Smithsonian-sögusýninguna „Vikings“, verða opnaðir óformlega í dag á Fitjum í Reykjanesbæ. Formleg opnun verður hins vegar haldin hinn 17. júní, nákvæmlega nú árum eftir að Íslendingur lagði úr höfn í sögulega siglingu til Vesturheims. Framkvæmdum og uppsetningu á sýningunni lýkur í lok maí.

Framkvæmdir við Víkingaheima hafa staðið yfir síðan snemma árs 2007. Um tíma leit út fyrir að skipið Íslendingur yrði selt til erlendra aðila, en fyrir atbeina Árna Sigfússonar, bæjarstjóra í Reykjanesbæ, og samstarfsfólks hans komst hann í varanlega höfn í bænum.

„Víkingatíminn er sá mikilvægasti í sögu Íslands, og það er gaman að sjá að þessum tíma sé gert hátt undir höfði. Eg trúir ekki öðru en að aðsóknin verði



VÍKINGAHEIMAR Formleg opnun verður haldin hinn 17. júní næstkomandi.

góð. Staðsetningin er auðvitað í alfaraleið, rétt við Reykjanesbrautina, og því sjöttíu prósent landsmanna í seilingarfjarlægð. Eg held að allir ættu að geta haft gaman af heimsókn í Víkingaheima,“ segir Kristján Pálsson.

- kg

ÚTSÖLULOK UM HELGINA

Vorútsölnni í Smáralind lýkur um helgina. Þú hefur enn tækifæri til að næla þér í gæðavörur á ótrúlegu verði.

Ekki missa af geggjaðri götumarkaðsstemningu!

VORÚTSALA

30. APRÍL - 10. MAÍ

OPIÐ Í DAG 11-18

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verðanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

 Smáralind



1 Hversu mikið voru stýrivextir Seðlabankans lækkaðir á fimmtudag?

2 Hvað heitir brasilíska fangelsið sem Ragnar Erling Hermannsson situr í?

3 Hvað heitir norskur dómari sem þurfti að smygla frá Bretlandi í lögregluþyglum eftir leik Chelsea og Barcelona?

SVÖRIN ERU Á Síðu 66

Fjórðu og næstsíðustu lotu þingkosninganna á Indlandi lokið:

Átök og óeirðir í Kasmír

INDLAND, AP Tugir mótmælenda lentu í átökum við lögreglu og her í Srinagar, höfuðborg Kasmírheraðs, þegar fjórða lota þingkosninganna á Indlandi var haldin þar á fimmtudag.

Fyrir fram var búist við óeirðum. Þúsundir hermanna höfðu verið sendar út á götur borgarinnar. Aðskilnaðarsinnar, sem vilja að heraðið fái sjálfstæði, höfðu hvatt fólk til að sniðganga kosningarnar og efna til allsherjarverkfalls.

Mikil óvissa ríkir um stjórnarmyndunarmöguleika að loknum kosningum.

Skoðanakannanir benda til þess

að hvorki Kongressflokkurinn, sem nú er stærsti flokkur samsteypustjórnar landsins, né þjóðernisflokkur hindúa, BJP, sem er stærsti stjórnarandstöðflokkurinn, fari með sigur af hólmi.

Alls eru meira en 700 milljónir á kjörskrá til þingkosninga á Indlandi. Framkvæmd kosninganna er því þung í vöfum og var gripið til þess ráðs að skipta þeim í fimm lotur, bæði til að auðvelda talningu og til að tryggja betur öryggi. Fyrsta lotan var haldin 16. apríl, en sú síðasta verður á miðvikudag í næstu viku. Búist er við úrslitum þremur dögum síðar, en nýtt þing á að koma saman 2. júní.



HERMAÐUR Á VERÐI Fyrir utan kjörstað í Srinagar stóð hermaður á verði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslensk mannúðarsamtök:

Þurfa að grípa til varasjóða

HJÁLPARSTARF Frjáls félagsamtök á Íslandi sem starfa að mannúðarmálum í þróunarríkjum hafa mörg hver neyðst til að grípa til varasjóða til þess að halda starfsemi gangandi. Samtökin hafa einnig dregið úr framkvæmdum eða leitað samstarfs við aðra um verkefni. Þetta kemur fram í Veftímariti um þróunarmál.

Þar kemur fram að samtök á borð við Hjálparstarf kirkjunnar, Samband íslenskra kristnibóðsfélaga og Rauða krossinn hafi öll þurft að grípa til slíkra aðgerða til að standa við áætlanir um fjárframlög og verkefni í þróunarlöndum.

- kg

Skýrsla um svínaflensu:

Tilfellunum fjölga hægar

HEILBRIGÐISMÁL Staðfest tilfelli svínaflensu, eða influensu A (H1N1), voru alls 2.489 í 24 ríkjum í heiminum í gærmorgun. Þeim hafði þá fjölgað um 272 sólarhringinn þar á undan samkvæmt upplýsingum Sóttvarnastofnunar ESB.

Í tilkynningu frá sóttvarnalækni og almannavarnadeild kemur fram að flest ný staðfest tilfelli séu í Bandaríkjunum, Mexíkó og Kanada.

Tilföllin voru mun færri í gærmorgun en í fyrradag, samkvæmt daglegri skýrslu Sóttvarnastofnunar ESB.

Alþjóðaheilbrigðisvöld halda óbreyttu viðbúnaðarstigi sínu enn um sinn.

Viðbúnaði hérlendis er haldið áfram á hættustigi.

- kg

Bandarískur málaliði fékk skilorðsbundið fangelsi fyrir að drepa afganskan fanga:

Skaut handjarnaðan fanga í reiðikasti

BANDARÍKIN, AP Reiðin var kannski skiljanleg. Bandaríski herverktafni Don Ayala varð vitni að því þegar afganskur maður kveikti í bandarískum mannfræðingi, Paulu Loyd, sem hafði starfað með hernum.

Afganinn, sem hét Abdul Salam, hafði verið í samræðum við Loyd um olíuverð þegar hann hellti skyndilega úr bensínfláti yfir hana og kveikti í. Hermenn reyndu að slökkva eldinn.

Ayala tók þátt í að yfirbuga árárarmanninn. Þegar í ljós kom að Loyd myndi varla ná sér af brunasárnum, og aldrei verða söm þótt hún héldi lífi, þá greip Ayala byssu sína og skaut Salam í höfuðið. Áður en hann skaut sagði hann túlki að segja Salam að hann teldi hann vera djöfulinn sjálfan. Ayala, sem er 46 ára, hafði lengi starfað fyrir

bandaríska herinn, meðal annars sem lífvörður Hamids Karzai, forseta Afganistans, og Nouri al-Maliki, forseta Íraks.

Atburður þessi gerðist 4. nóvember síðastliðinn í bænum Chel Geli í Afganistan. Loyd lá illa haldin á sjúkrahúsi þar til hún lést 7. janúar síðastliðinn.

Heitar umræður áttu sér stað í Bandaríkjunum um það, hvort Ayala ætti skilið harðan dóm fyrir að taka mann af lífi án dóms og laga eða hvort viðbrögð hans væru nægilega skiljanleg til þess að réttlæta vægan dóm.

Ayala var fyrst ákærður fyrir morð, en játaði á sig manndráp. Hann átti yfir höfði sér allt að átta ára fangelsi, en var í gær dæmdur til að greiða 12.500 dali í sekt og fékk að auki fimm ára skilorðsbundinn fangelsisdóm.

- gb



DON AYALA OG PAULA LOYD Ayala skaut afganskan fanga stuttu eftir að hann hafði kveikti í Loyd, sem lést af völdum brunasáranna tveimur mánuðum síðar.

NORDICPHOTOS/AFP

Græn skref í Reykjavík

Matjurtagarðar

- með ósk um góða uppskeru!

Reykjavíkurborg kemur til móts við borgarbúa sem vilja leigja matjurtagarða sumarið 2009

200 matjurtagarðar eru leigðir út á vegum borgarinnar í Skammadal en biðlisti hefur myndast. 120 lausir matjurtagarðar í Skólögörðum Reykjavíkur verða leigðir út eftir að börnin hafa skráð sig.

Leigugjöld eru 4.400 kr. í Skammadal, 4.000 kr. í Skólögörðum Reykjavíkur. Upplýsingar veitir Umhverfis- og samgöngusvið á www.umhverfissvid.is, í síma 411 8501 og um netfangið sigrigur.gudrun.olafsdottir@reykjavik.is.

Skráning fyrir 8-12 ára börn í Skólagarða Reykjavíkur er á netfangið skolagardar@reykjavik.is, til 23. maí. Sendið nafn, kennitölu og heimilisfang foreldris, nafn barns og takið fram í hvaða skólagarði sótt er um.

Reykjavíkurborg hefur einnig gert samning við Garðyrkjufélag Íslands um u.þ.b. 80 grenndargarða við Stekkjarbakka. Hver um sig er 25 m² og leigugjaldið 5.000 krónur. Upplýsingar eru veittar á www.gardurinn.is og í síma 552 7721.



SEYÐISFJÖRÐUR Jafnmikið atvinnuleysi og á höfuðborgarsvæðinu segja Seyðfirðingar.

Seyðfirðingar ósáttir:

Svar ráðuneytis sagt móðgun

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Seyðisfjarðar telur að utanríkisráðuneytið geti ekki notað atvinnuástand á höfuðborgarsvæðinu sem rök fyrir að flytja ekki störf út á land. „Ríkisvaldinu hefur hingað til gengið afar illa að standa við stóru orðin um að flytja störf frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar og því miður virðist það sama gilda þegar um ný störf er að ræða. Bæjarráð Seyðisfjarðar telur að í þessu tilviki séu tilvitnani- ir í atvinnuástand á höfuðborgarsvæðinu móðgun við þá fjölmörgu sem eru atvinnulausir hér á Seyðisfirði en atvinnuleysi hér á staðnum er í svipuðu hlutfalli og á höfuðborgarsvæðinu,“ segir í ályktun bæjarráðsins.

- gar


Flóð í Brasilíu:

Hundruð þúsunda flýja flóð

BRASILÍA, AP Verstu flóðin sem orðið hafa í norðanverðri Brasilíu svo áratugum skipti, hafa hrakið nærri 270 þúsund manns að heiman. Nærri fjörutíu manns höfðu látið í gær.

Fólkið forðar sér á hvaða farartæki sem tiltækt er, sumir fara með yfirfullum vörubílum upp til hærri landsvæða, aðrir fara siglandi innan um hættulega krökó-díla og önnur skriðkvikindi.

- gb



JÓNSSON & LEHMANN • J.L.S. • SÍA



Reykjavíkurborg

RISA
TAX FREE
DAGAR

**ALLUR fatnaður,
skór og snyrtivara**

MESTA úrvalið á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag

*Munið mæðradaginn
á sunnudag!*

ALLIR SKÓR!

Skóaðu þig upp!
Skór á alla fjölskylduna
án virðisaukaskatts
7.-10. maí.



ALLUR FATNAÐUR!

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

*Landsins mesta
vörvalið!*



**ALLAR
SNYRTIVÖRUR!**

*Landsins mesta úrval
af snyrtivörum!*


**TAX
FREE
DAGAR**

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. maí 2009.



HAGKAUP
Ein færð betra verð



FÉLAG
RAFEINDAVIRKJA
STOFNAD 1968

Auka aðalfundur Félags Rafeindavirkja

Félag Rafeindavirkja boðar til auka aðalfundar.

Fundurinn verður haldinn

mánudaginn 18. maí 2009 kl. 17:00

að Stórhöfða 31, gengið inn að neðanverðu.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Kveðja, Stjórnin

www.where.is/frv/



WALDORFSKÓLINN SÖLSTAFIR

Innritun fyrir skólaárið 2009-2010 er hafin!

Waldorfgrunnskólinn er fyrir börn á aldrinum 6-16 ára.

Starfið byggir á uppeldisfræði Rudolfs Steiner með sköpunarkraft einstaklingsins að leiðarljósi.

Listræn framsetning og úrvinnsla alls námsefnis og heilbriggt félagslegt umhverfi eru sett í forgrunn.

Opíð hús verður í skólanum laugardaginn 9. maí frá kl. 13-15.

Allir velkomnir!



Hraunbergi 12 • 111 Reykjavík • Sími 5771110

Vinnuálastofnun hefur sent tíu atvinnuumsóknir Íslendinga til Kanada:

Gengið hægar en við vonuðum

ATVINNUMÁL „Þessi mál hafa ekki gengið jafn hratt fyrir sig og við vonuðum. Upplýsingar hafa borist hægt frá Kanada og þar af leiðandi hefur upplýsingamiðlun frá okkur til þeirra sem hafa áhuga ekki verið eins mikil og vonir stóðu til,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar. Ásta R. Jóhannesdóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, og Nancy Allan, ráðherra atvinnu- og inflytjendamála í Manitoba í Kanada, undirrituðu í byrjun mars samkomulag sem ætlað er að skapa tímabundna atvinnuöguleika fyrir Íslendinga vestra.

Að sögn Gissurar voru fyrstu tíu

STÖRF Í BOÐI FYRIR ÍSLENDINGA Í MANITOBA- FYLKI Í KANADA

Samkvæmt vef Vinnuálastofnunar

Bifvélavirkjar
Starfsmenn við hleðslu múrsteina
Myllusmiðir og vélsmiðir
Rafvirkjar
Vélvirkjar fyrir þungavinnuvélar
Málarar og veggfóðrarar
Múrarar

starfsumsóknirnar frá Íslendingum sendar til Kanada í vikunni. „Ég vonast til að aðsóknin aukist þegar upplýsingamiðlunin kemst á skrið, og einhverjir tugir í það

minnsta nýti sér þetta tækifæri á þessu ári. Listi frá Kanada með upplýsingum um hvers kyns störf eru í boði barst ekki til okkar fyrr en nokkru eftir páska, og hann er nú að finna á vef Vinnuálastofnunar.“

Gissur fer til Kanada í lok mánaðarins til að kynna sér uppbyggingu vinnuarkaðarins og þau fyrirtæki sem auglýsa eftir starfsfólki. „Að sjálfsögðu er það mjög stór ákvörðun að rífa sig upp og fara um svona langan veg, og háð aðstæðum fólks. En það er mikill viljelji fyrir þessu verkefni, bæði þar vestra og eins hér hjá okkur,“ segir Gissur Pétursson.

- kg

Reynt að binda enda á Dyrhólaeyjardeilu

Tillögur um að taka gjald fyrir aðgengi að Dyrhólaey og að banna umferð einkabíla þar leggst illa í ferðaþjónustufólk. Tillögurnar eru ræddar í sveitarstjórn og er ætlað að binda enda á áralangar deilur um málið.

UMHVERFISMÁL Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur til umræðu drög að tilraunaverkefni til tveggja ára þar sem lagt er til að innheimt verði gjald fyrir aðgöngu að Dyrhólaey og umferð einkabíla bönnuð.

Umhverfisstofnun lagði tillögurnar fram og hafa þær vakið nokkurn ugg meðal fólks í ferðaþjónustunni. Farið verður á hópferðabílum sem koma „úr héraði“ eins og segir í drögunum og á sérstökum tilgreindum tímum sólarhrings. Á varptíma, frá 1. maí til 25. júní, verða einungis farnar ein eða tvær ferðir á dag en þess ber að geta að á þessu tímabili hefur umferð um eyna verið bönnuð undanfarin ár.



SVEINN PÁLSSON

„Þannig að það má segja að verið sé að opna fyrir umferð en ekki aðeins verið að hefta aðgang,“ segir Sveinn Pálsson sveitarstjóri. Hann segist þó ekki hafa tekið afstöðu til málsins. Það hefur Elías Guðmundsson, talsmaður Ferðamálafélags Mýrdalshrepps, hins vegar gert og er hann ekki alls kostar ánægður. „Það er margt í þessum drögum sem skarast á við hag þeirra sem vinna í ferðaþjónustunni,“ segir hann. „Hagur hennar snýr fyrst og fremst að því að hafa eyna alveg opna og að þar fari ekki fram nein gjaldtaka. Eins erum við ósátt við það hversu heft aðgengið er samkvæmt þessum tillögum.“



DYRHÓLAEY Réttur manna á að njóta náttúruperlna og réttur nytjahafa virðast skarast í Dyrhólaey. Tillögur Umhverfisstofnunar virðast enn sem komið er ekki líklegar til að binda enda á þá löngu deilu.

Ari Arnórsson leiðsögumaður segir það alvarlegt ef Umhverfisstofnun ætli að fara þá leið að láta ferðamenn borga fyrir aðgengi að okkar helstu náttúruperlum. „Hvað gerir leiðsögumaður sem kemur þangað með hóp og einir vilja borga sig inn og aðrir ekki?“ spyr hann. „Á að láta þá sem ekki vilja borga bíða á bílastæðinu? Þetta er ekki góð leið sem Umhverfisstofnun ætlar að opna fyrir.“

Þorsteinn Gunnarsson, bóndi á Vatnsskarðshólum, hefur ásamt fleirum ábúendum í grenndinni nytjarétt af eyjunni. Hann segir

fluglalífið ekki þola umferðina eins og hún hafi verið undanfarin ár. „Það er heldur ekki svo að við séum að fara að græða á gjaldtökunni,“ segir hann. „Heldur verður stofnað félag sem mun nota þessa peninga til að viðhalda staðnum.“

Ekki hefur verið ákveðið hvernær verkefnið hefst en sveitarstjórn Mýrdalshrepps mun ræða það á fundi sínum 20. þessa mánaðar. Hjalti Guðmundsson, sviðsstjóri náttúruauðlindasviðs Umhverfisstofnunar, segir að það verði kynnt almenningi áður en því verður ýtt úr vör.

jse@frettabladid.is

VÍK

bolur og leggings



Verð bolur: 13.800 kr.
Verð buxur: 10.800 kr.



Léttur flísfatnaður úr Polartec® Power Stretch®, efni sem teygist á fjóra vegu og heldur vægum hita á líkamanum.

66

SANDSTONE

La Sportiva

Verð: 19.800 kr.



Mjúkir og léttir gönguskór úr rúskinni með Vibram veltisóla, höggvörn á tá og GORE-TEX vatnsvörn.

66

HEIÐMÖRK

regnfatnaður

Verð stakkur: 18.900 kr.
Verð buxur: 10.800 kr.



Léttur, vatnsheldur fatnaður sem hleypir rakauppgufun vel í gegnum sig. Renndur á hlið til þess að auðvelt sé að fara í hann.

66

Svifryksmengun í Reykjavík:

Best að hvíla bílinn heima

MENGUN Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur minnir á að besta vörnin gegn svifryksmengun er að skilja einkabílinn eftir heima og taka frekar strætó.

Svifryksmengun var mikil í borginni í gær, og mældist svokallaður hálf tímastyrkur svifryks 198 míkrógrömm á rúmmetra, um þrjúleytið við Grensásveg. Heilsuverndarmörk svifryks eru aftur fimmtíu míkrógrömm á rúmmetra.

Umhverfis- og samgöngusvið ráðlagði fólki með viðkvæm öndunarferi því að forðast umferðargötur og minnir á að tími nagladekkja sé liðinn.

- kóp

Starfsmenn Merkjalistar brugðust skjótt við slæmri lagerstöðu á álplötum:

Menn vanir að redda sér úr vandræðum

FÓLK „Menn eru nú vanir að redda sér út úr svona vandræðum. Þetta hefst með góðu eða illu, eins og við segjum,“ segir Einar Hermannsson, annar eigenda Merkjalistar í Hafnarfirði. Fyrirtækið fékk pöntun upp á prentun og uppsetningu á miklum fjölda skilta vegna Pepsi-deildarinnar í knattspyrnu með skömmum fyrirvara á dögnum. Í ljós kom að réttu álplöturnar í skiltin voru ekki til á lager, hvorki hjá fyrirtækinu sjálfu né birgjum þess.

Einar segir að eftir efnahagshrunið sé algengt að fyrirtæki hafi minna á milli handanna til að geta haldið úti jafn drjúgri lagerstöðu og áður var. „Þessi pöntun frá Ölgerðinni vegna Pepsi-deildarinnar kom mjög brátt upp á. Þegar við fórum að kanna málið uppgötvuðum við fljótlega að ekki reyndist nægt

magn af réttum álplötum fyrir öll skiltin. Þá þurfti að grípa til ýmissa ráða til að redda málinum. Við smóluðum hér og þar og beittum ýmsum brögðum, kölluðum inn nokkra greiða og leituðum víða, og á endanum hafðist þetta að langmestu leyti.“

Að sögn Einars hafa starfsmenn Merkjalistar, sem eru níu talsins, unnið dag og nótt síðustu daga við skiltin, sem verða sett upp á heimavöllum allra liðanna í efstu deild í knattspyrnu. „Þetta reddast allt og fótboltinn getur hafist með pomp og prakt á morgun,“ segir Einar Hermannsson.

- kg

SKILTIN PRENTUÐ Starfsmenn Merkjalistar þurftu að beita ýmsum ráðum til að sanka að sér nægu magni af álplötum fyrir upphaf Pepsi-deildarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



VOGMÆR Nemendum þótti vogmærin sérkennileg.

Nemendur í Ártúnsskóla:

Fundu vogmey í fjörunni

FÓLK Fiskur af tegundinni vogmæri var meðal ýmissa sjávarlífvera sem nemendur í 4. bekk GV í Ártúnsskóla fundu í fjöru þegar þeir, ásamt kennurum og leiðbeinendum, brugðu sér í fjöruferð út á Gróttu fyrir skömmu.

Nemendurnir tóku með sér fleira sem þeir fundu í fjörunni, eins og bogkrabba, marflær, sprettfisk, skera, krossfisk, þang og þara. Þegar í skólann kom unnu nemendurnir með það sem þeir fundu og skoðuðu í víðsjá. Það er því óhætt að segja að nemendurnir hafi haft gagn og gaman af þessari Gróttuferð.

- kg

Atvinnuleysisbætur:

Ekki greiddar í veikindum

VINNUMARKAÐUR Vinnufærni er skilyrði fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta. Atvinnulaus einstaklingur sem veikist eða slást missir bætur þann tíma sem hann er ekki vinnufær. Ef hann hefur ekki greitt iðgjald til stéttarfélagis á hann ekki rétt á aðstoð þaðan heldur dagpeningum frá Tryggingastofnun. Dagpeningarnir eru innan við 1.500 krónur á dag fyrir utan greiðslur vegna barna.

Tæplega helmingur þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum greiðir ekki iðgjald til stéttarfélagis af atvinnuleysisbótum en hver og einn þarf að óska sérstaklega eftir því þegar hann skráir sig.

- ghs

Afganistan:

Vændi í fangelsi sem Finnar greiddu fyrir

FINNLAND Finniska utanríkisráðuneytið rannsakar nú hvort vændi viðgangist í kvennafangelsi í Afganistan sem var reist fyrir finniska peninga. Finniska ríkisútvarpið YLE greindi frá því í vikunni að vændi viðgangist milli kvenfanganna og afganskra starfsmanna sem starfa hjá finniska utanríkisráðuneytinu.

Kvenfangelsið var opnað fyrir tveimur vikum í Sheberghan í norðurhluta Afganistans. Rauli Suikkanen, starfsmaður ráðuneytisins, segir að grunur leiki á að stjórnendur fangelsisins blandist í málið.

- ghs

MPM

MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

SÆKTU UM
FYRIR
15. MAÍ

MEISTARANÁM

Í VERKEFNASTJÓRNUN

- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).
- Skemmtilegir nemendur og heimspekkir kennarar.
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim.
- Tveggja ára nám samhliða starfi.

MEÐAL NÁMSEFNIS

- Stefnumótun og sóknaráætlun
- Verkefnaleiðtogiinn: Sjálfsskilningur, þroski og þróun
- Raunhæft verkefni: Undirbúningur, framkvæmd og lúkning
- Verkefnaleiðtogiinn: Siðfræði verkefnastjórnunar
- Upplýsingar og upplýsingatækni í verkefnum
- Samningar í verkefnum: Samningagerð, deilu- og áfallastjórnun
- Arðsemi og fjármögnun verkefna
- Verkefnateymi og aflfræði hópa

ÞÁTTTÖKUSKILYRÐI

- B.A./B.S./B.Ed. eða sambærilegt
- Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífni
- Reynsla við verkefnavinnu æskileg



F I L E N / S T A

MPM • Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ • Hjarðarhaga 6 • 107 Reykjavík • sími 525 4700

mpm.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

ÍÐNADARVERKFRÆÐI-, VÉLAVERKFRÆÐI-
OG TÖLVUNARFRÆÐIDEILD



DÓMKIRKJA SPEGLAST í blíðviðrinu í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu, mátti sjá Alexander Nevskí-dómkirkjuna speglast í stórum polli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reynt að vinna bug á ólöglegu íbúðarhúsnæði í Hafnarfirði:

Fimmtíu þúsund í dagsektir

SKIPULAGSMÁL „Það eru fyrst og fremst eigendur iðnaðarhúsnæðis sem eru að græða peninga - kannski á neyð annarra,“ segir Bjarki Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, sem glímur við nokkurn fjölda ólöglegra íbúða í bænum.

Eigendum atvinnuhúsnæðis í Hafnarfirði þar sem leigðar eru út ólöglegar íbúðir hafa verið boðaðar dagsektir láti þeir ekki af starfsemi. Bjarki segir slíkar íbúðir víða en nefnir sérstaklega iðnaðarhúsnæði milli Reykjavíkurvegar og Fjarðarhrauts annars vegar og Hvaleyrarbraut næst höfninni hins vegar. „Þetta eru sennilega leifar



BJARKI JÓHANNESSON Fulltrúinn segir eigendur atvinnuhúsnæðis græða á neyð annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

frá þenslunni þegar það var erfitt fyrir fólk að ná sér í leiguhúsnæði og hér var mikið af útlendingum í vinnu. Það eru náttúrlega í og með Íslendingar sem eru að þessu,“ segir hann.

Bjarki bendir á að margir séu í kröggum og þurfi að leigja eða selja frá sér íbúðir. „Þessir eigendur atvinnuhúsnæðis eru eiginlega að keppa við það fólk um peningana á ólögmetan hátt,“ útskýrir hann.

Fyrir ári voru lagðar 50 þúsund króna dagsektir á eiganda Hvaleyrarbrautar 22 þar sem Bjarki segir yfir tuttugu manns hafa búið ólöglega.

„Það misförst svolítið að rukka þannig að við erum að fara í að innheimta aftur,“ segir Bjarki, sem kveður menn iðulega bregðast við þegar þeir sjái að dagsektir séu yfirvofandi. -gar

Sumar í Fjarðabyggð:

Íbúar keppa í sólblómarrækt

FÓLK Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð hafa skorað á íbúa sína í nýstárlega keppni.

„Nú er skorað á íbúa í Fjarðabyggð að rækta glæsilegt sólblóm og taka þátt í skemmtilegri samkeppni um hver getur ræktað stærsta eða flottasta blómið,“ segir á fjarðabyggd.is þar sem áhugasömum er bent á að nálgast sólblómfræ á söfnunarstöðvum og skrifstofum Fjarðabyggðar í næstu viku.

Verðlaun verða veitt fyrir hæsta blómið og líka fyrir fallegasta sólblómið. Keppninni lýkur hinn 22. ágúst í sumar.

Bæjarstjórnarskipti á Akureyri:

Hermann Jón tekur við í júní

STJÓRNMÁL Hermann Jón Tómasson, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Akureyrar, tekur við embætti bæjarstjóra í byrjun næsta mánaðar. Hann tekur



HERMANN JÓN TÓMASSON

við starfinu af Sigrúnu Björk Jakobsdóttur.

Skiptu meirihlutaflokkarnir embættinu á milli sín með þeim hætti að Sjálfstæðisflokkurinn fékk það til umráða fyrstu þrjú ár kjörtímabilsins en Samfylkingin síðasta árið.

Hermann Jón verður þriðji bæjarstjórinn á Akureyri á kjörtímabilinu.

Sigrún Björk tók við af Kristjáni Þór Júlíusssyni sem sagði starfinu lausu þegar hann var kjörinn á þing vorið 2007.

Sigrún verður að líkindum formaður bæjarráðs.

-bþs

Neytendastofa skoðar auglýsingu Garðlistar:

Telur auglýsinguna brjóta gegn lögum

NEYTENDUR Neytendastofa er með til skoðunar auglýsingu frá Garðlist þar sem „fólkið í næsta húsi“ skrifar bréf til nágannans. Framan á auglýsingunni, neðst í horninu vinstra megin, stendur smáum stöfum „Auglýsing frá Garðlist“.


Í bréfinu er bent á að íbúarnir í húsinu hafi verið misduglegir að sinna garðverkunum og því falið fyrirtæki að sjá um garðverkin. „Sigga á 3. hæðinni talaði um að hún vildi hafa meiri tíma með fjölskyldunni þegar hún átti á annað borð frí, í stað þess að standa sveitt vaktina í garðinum. Aðrir íbúar voru henni svo sannarlega sammála,“ segir í bréfinu.

Jóhannes Gunnarsson, formaður síðanefndar SÍA, telur að auglýsingin brjóti

gegn lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu þar sem ekki skuli leika vafi á að um auglýsingu sé að ræða. Hann fordæmir auglýsingar af þessu tagi. „Þarna er verið að setja þetta inn í annan búning en hreina auglýsingu. Þar af leiðandi tel ég þetta brot á þessum lögum. Neytendastofa á að framfylgja því að farið sé að lögum,“ segir hann.

Brynjars Kjærnested, framkvæmdastjóri Garðlistar, segir að auglýsingin hafi fengið jákvæð viðbrögð. „Við erum ekkert að skrifa í nafni annarra, við erum að vekja athygli á okkar þjónustu.“ -ghs

FRÁ FÓLKINU Í NÆSTA HÚSI Garðlist sendi íbúum á höfuðborgarsvæðinu bréf í vikunni.



LÖGREGLUBÍLAR Samkvæmt útbodslýsingu verða bílarnir seldir fyrir 550 milljónir og mun ríkið lána fyrir kaupunum. Bjóðendur gera svo tilboð í reksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flotinn ekki einkavæddur án hagræðis

Talið er að hægt sé að ná fram meiri hagræðingu með því að selja alla lögreglubíla landsins til einkaðila en með einkarekstri einum saman. Miklar kröfur eru gerðar til hugsanlegra kaupenda bílanna.

STJÓRNSÝSLA Einkavæðing bílflota lögreglunnar er háð því að tilboð berist í reksturinn sem leiðir til hagræðingar. Þetta segir Jón Magnússon, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu. „Ef tilboðin reynast ekki fjárhagslega gagnkvæm þá nær það ekki lengra og þá tökum við engu tilboði,“ segir hann.

Ríkiskaup hafa óskað eftir tilboðum í rekstur Bílamiðstöðvar lögreglunnar til sex ára. Í fyrrihugudum samningi felst að bílflotinn, 165 ökutæki metin á 550 milljónir, verði öll seld frá Ríkislögreglustjóra og ríkið láni fyrir kaupunum. Allir lögreglubílar landsins yrðu þannig í einkaeigu í minnst sex ár.

„Við erum að velta fyrir okkur öllum möguleikum og rekstur bíla er kannski ekki kjarnastarfsemi lögreglunnar,“ segir Jón. „Ástæðan fyrir því að menn ganga svo langt að hugsa um eignarhaldið á bílunum líka er helst að menn telja að þannig skapist enn meiri hagræðingarmöguleikar en bara með einkarekstri,“ segir Jón, og bendir jafnframt á að með þeirri aðferð yrði losað um fé hjá ríkinu sem annars væri bundið í bílunum.

Jón segir að vissir þættir geti sannarlega verið viðkvæmir vegna eðlis starfsmanna. Hins vegar verði fyllsta öryggis gætt við útbodslýsingu og samningsgerðina. Þannig séu gerðar strangar kröfur til þeirra sem kunna að

taka verkið að sér. Starfsmenn sem annist bílana skuli til dæmis hafa hreint sakavottorð og vera sérstaklega samþykktir af Ríkislögreglustjóra. Auk þess verði hvert verkstæði heimsótt óvænt tvisvar á ári og kannað hvort öllum reglum sé fylgt.

Jón tekur fram að ekki sé verið að ihuga breytinguna vegna þess að Bílamiðstöðin hafi gefist illa. Hún hafi þvert á móti gefist mjög vel. Menn vilji aðeins athuga hvort hagræðing geti náðst.

Jón segist hafa heyrt af nokkrum áhuga á útbodinu, en opnað verður fyrir tilboði síðar í mánuðinum. Hann segir menn vongöða um að nokkur tilboð berist.

Frá stofnun árið 2000 hefur Bílamiðstöðin verið stærsta einstaka verkefni Ríkislögreglustjóra, og hefur kostnaður við hana numið allt að þriðjungi heildarkostnaðar embættisins. Jónas Ingi Pétursson fjármálastjóri segir útbóðið þó gert í fullri sátt við embættið. „Við göngum ekki með þær grillur að við getum gert þetta betur en allir aðrir.“

Ef þetta er eitthvað sem getur skilað hagræðingu þá viljum við gjarnan stuðla að framgangi þessa verkefnis,“ segir Jónas.

Fjórir starfa nú hjá Bílamiðstöðinni. Í útbodslýsingu er mælt til þess að sá sem taki verkið að sér kanni möguleikann á því að bjóða þeim áframhaldandi starf.

stigur@frettabladid.is

Vertu með í uppbyggingunni

Miklar vonir bundnar við ferðapjónustu

Í Háskólanum á Hólum er boðið upp á háskólanám í ferðamálafræði:
Ferðamálafræði BA – 180 ects
Ferðamálafræði diplóma – 90 ects
Viðburðastjórnun diplóma – 60 ects

Námið er boðið í staðnámi og fjarnámi með staðbundnum lotum. Námið er hagnýtt, fræðilegt og fjölbreytt. Áhersla er á nýsköpun og vörupróun sem byggist á náttúru, menningu og fagmennsku. Námið miðar að því að efla vandaða viðskiptahætti.

Nemendur sem hafa útskrifast frá Hólum eru eftirsóttir til starfa. Það hefur sýnt sig og sannað að menntun þeirra stendur vel með þeim.

Umsóknarfrestur: 1. júní

www.holar.is



Háskólinn á Hólum,
551 Sauðárkrúkur,
s: 455 6300

Myndin er tekin í verklegum hluta námskeiðs um gerð göngustiga.

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2009

Merki sem ekki fellur á

Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2009

Rúmlega **10.000 starfsmenn** tóku þátt í stærstu vinnumarkaðskönnun landsins og hlutu alls 40 fyrirtæki nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2009**.

Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum mældust afar vel og óskum við þeim innilega til hamingju. Kynntu þér niðurstöðurnar í heild á www.vr.is.

Stærri fyrirmyndarfyrirtæki:

- | | |
|----------------------|----------------------------------|
| 1. Kraftvélar ehf. | 11. Háskólinn í Reykjavík |
| 2. Logos sf. | 12. Rauði kross Íslands |
| 3. Icepharma | 13. CCP |
| 4. Mannvit | 14. Deloitte hf. |
| 5. Betware á Íslandi | 15. Sporbaugur |
| 6. Gróðurvörur ehf. | 16. PricewaterhouseCoopers ehf. |
| 7. Lýsi hf. | 17. HugurAx |
| 8. Íslandspóstur hf. | 18. Skýrr |
| 9. Össur hf. | 19. ISS Ísland ehf. |
| 10. Maritech ehf. | 20. Vátryggingafélag Íslands hf. |

Minni fyrirmyndarfyrirtæki:

- | | |
|--------------------------|--------------------------------------|
| 1. Microsoft Íslandi | 11. Gogogic ehf. |
| 2. Vélfang ehf. | 12. VSB verkfræðistofa |
| 3. Sæmark | 13. Árnason Faktor ehf. |
| 4. Alskil hf. | 14. Spor ehf. |
| 5. Artasan | 15. Kemi ehf. |
| 6. Birtingahúsið | 16. Spölur ehf. |
| 7. Gróco ehf. | 17. Íspan ehf. |
| 8. Sensa | 18. Reykjalundur – plastiðnaður ehf. |
| 9. Auglýsingamiðlun ehf. | 19. Fastus ehf. |
| 10. Bókhald og uppgjör | 20. Skjal |

Ný krafa um **sparneytni.**



PIRELLA GÖTTSCHE LOWE

Allt hefur breyst. Golf eyðir aðeins frá 4,5l/100 km

Allt hefur breyst. Nú er einmitt rétti tíminn fyrir nýjan Volkswagen Golf. Nýjasta kynslóð vinsælasta bíls Evrópu setur ný viðmið að öllu leyti með fjölmörgum hönnunar- og tækninýjungum. Hann státar af hinni margverðlaunuðu TSI bensínvél og verður einnig fáanlegur með TDI dísilvél sem eyðir aðeins 4,5 l/100 km í blönduðum akstri. Hann er liprari og öruggari. Sterkari og nettari. Rúmbetri og hljóðlátari. Allt hefur breyst og þess vegna er Golf ennþá betri bíll fyrir þig.

Gerðu meiri kröfur. Prófaðu nýjan Golf.



Framsýning í dag
kl. 12-16
Kaffi, kleinur o.fl. í boði!



Das Auto.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 60

OMX ÍSLAND 15
251 +2,31%

Velta: 199 milljónir

OMX ÍSLAND 6
675+3,46%

MESTA HÆKKUN

↑ BAKKAVÖR +27,01%
MAREL +4,08%
FØROYA BANKI +3,33%

MESTA LÆKKUN

↓ CENTURY ALU. -9,93%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Alfesca 2,90 +0,00% ... Atlantic Airways 173,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 575,00 +0,00% ... Bakkavör 1,74 +27,01% ... Eik Banki 83,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 124,00 +3,33% ... Icelandair Group 4,50 +0,00% ... Marel Food Systems 53,60 +4,08% ... Össur 99,30 +3,12%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is


Lægri vextir í nýju líkani

Hraðari lækun í nýju líkani

Verðbólga og langtímavextir lækka mun hraðar í nýrri útgáfu QMM (Quarterly Macroeconomic Model), spálíkans Seðlabankans, að því er fram kemur í Peningamálum, efnahagsriti bankans. Líkaninu hefur verið breytt þannig að niðurstöður ráðast fremur af væntingum um framtíðarþróun, í stað þess að byggjast á gögnum um sögulega þróun. „Ekki er því þörf á eins háum stýrivöxtum í nýrri útgáfu QMM til að ná fram tiltekinni hjóðun verðbólgu eins og í þeirri eldri,” segir í riti bankans, sem út kom á fimmtudag. Seðlabankinn hefur stuðst við uppfærða útgáfu spálíkans síðan í janúar, en það er jafnframt matað á nýjum gögnum eftir því sem fram líða stundir. Efnahags sambönd eru nú metin með gögnum til ársins 2006, en voru áður metin með gögnum til 2004.

Orsök stefnubreytingar?

Því má vera að breytt spálíkan hafi eitthvað að segja í þeirri stefnubreytingu sem varð í vaxtaákvörðunum hjá Seðlabankanum síðasta fimmtudag, þegar vextir voru óvænt lækkaðir um 250 punkta (2,5 prósentustig) þegar greiðendur höfðu mest búið við 150 punkta lækun. Í umfjöllun IFS Greiningar um vaxtaákvörðunina var til dæmis velt upp spurningunni um hvort sjónarmið um að háir stýrivextir þjóni litlum tilgangi hafi fengið aukinn hljómgrunn í bankanum. Er þar vísað til togstreitu sjónarmiða um að hröð lækun vaxta ógni stöðugleika gengisins í ljósi þess að stefnt sé að afnámi gjaldeyrishafta og um að háir stýrivextir grafi undan gengi krónunnar vegna mikilla vaxtagreiðslna af erlendum krónueignum.



Veltumesta vika ársins til þessa

Heildarvelta með skuldabréf nam 58,3 milljörðum krónum í Kauphöllinni í vikunni og er þetta orðin veltumesta vika ársins þar.

Mest voru viðskipti með ríkisbréfaflokka fyrir rúma 34 milljarða og íbúðabréf fyrir 21 milljarð.

Haft er eftir Þórði Friðjónssyni, forstjóra Kauphallarinnar, að viðskipti með skuldabréf hafi tekið við sér á ný á undanföllum vikum eftir rólega tíð í kringum páskahtíðina og kosningar. Þá eigi lægra vaxta stig hlut að máli en það yti undir ásókn í skráð skuldabréf.

„Við væntum þess að framhald verði á líflegum skuldabréfviðskiptum á næstunni,” er haft eftir honum.

Seðlabankinn um þróun og horfur í efnahagsmálum: Álverð hefur náð botni

Ekki eru taldar miklar líkur á að álverð nái sér aftur á strik á næstu mánuðum nema dregið verði verulega úr framleiðslu og birgðir minnki, að mati hagdeildar Seðlabanka Íslands. Fjallað er um álverðshorfur í rammagrein í nýjasta hefti Peningamála, efnahagsriti bankans.

Álverð seig hratt eftir mitt síðasta ár, var komið undir 1.400 dali á tonnið um áramót. Það jafngilti 50 prósentu verðlækun frá því í júlí þegar það stóð hæst í 3.300 dólum. Verðið seig frekar og skrapaði botninn tímabundið í febrúar í rúnum 1.250 dólum á tonnið. Það hefur hækkað um tæp 27 prósent síðan þá, var í gær í 1.585 dólurum tonnið.

„Á hinn bóginn eru nú meiri líkur á því að verðið hafi náð lágmarki og taki smám saman að hækka á ný,” segir í Peningamálum, en meðalverð fyrstu fjórtán vikur ársins var nálægt 1.400 dólurum tonnið. Fram kemur að framvirkt verð LME (London Mineral Exchange) bendi til þess að meðalverð á þessu ári verði nálægt 1.470 dólurum tonnið, ríflega 55 prósentum frá hámarki síðasta sumars.



Í HELGUVÍK Frá framkvæmdum vegna fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikla lækun rekur Seðlabankinn til umróts vegna fjármálakreppunnar í heiminum. „Í fyrsta lagi varð minni aðgangur vogunarsjóða og hrávörkuþvöðnað að fjármagni til þess að þeir drógu sig að nokkru marki í hlé á mörkuðum með málma. Á hinn bóginn hefur vaxandi samdráttur í heimsbúskapnum, sérstaklega í byggingar- og bílaíðnaðinum þar sem notað er mikið af áli, leitt til minnkandi eftirspurnar eftir áli.“

Seðlabankinn gerir ekki ráð fyrir að ál hækki að marki í verði fyrr en á árinu 2010. Hækkun til 2011 verði þá 9,0 til 10,0 prósent. Álverð fari þá í um 1.800 dollara á tonn, sem sé svipað verð og árið 2005. - ók, jab

Stýrivextirnir koma til með að bíta víðar

Skortur á erlendu lánsfé kemur til með að þrengja kosti fólks og fyrirtækja á lánamarkaði. Samningar um að erlendir kröfuhafar eignuðust nýju bankana hefðu breytt allri þeirri mynd og líkast til orðið til að styðja við gengi krónu, að mati framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands boðar í yfirlýsingu sinni vegna stýrivaxtaákvörðunar síðasta fimmtudag að lánakjör fari versnandi vegna breyttra aðstæðna íslensku bankanna.

„Til viðbótar auknu aðhaldi í ríkisfjármálum, mun endurskipulagning starfsemi viðskiptabankanna, sem færir rekstur þeirra í eðlilegt horf, hafa í för með sér að lántakendur standi frammi fyrir lánskjörum sem endurspeglar fjármögnunarkostnað bankanna. Það felur í sér aðhaldssamari fjármálaskilyrði,” segir í yfirlýsinguinni.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA) telur vísað til þess að bankarnir fái ekki í brád aðgang að erlendu lánsfé. „Ég held að í bönkunum verði ákveðinn þrýstingur á viðskiptavinina þegar kemur að endursamningum eða endurskipulagningu erlendra



SEÐLABANKASTJÓRARNIR Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Svein Harald Öygard seðlabankastjóri kynntu yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands um 2,5 prósentu lækun stýrivaxta á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

lána. Þá munu bankarnir reyna að hækka vextina og breyta þeim yfir í íslensk lán á íslenskum kjörum, nái þeir ekki að fjármagna sig á móti með erlendum lánunum,” segir hann og kveður bankana í raun í „ómurlegri stöðu“ gagnvart viðskiptavinum sem tekið hafa erlend lán að geta ekki fjármagnað sig í erlendum gjaldeyri.

Í þröngri stöðu bankanna segir Vilhjálmur að endurspeglist afkastur þeirrar leiðar sem valin hafi verin í endurfjármögnun þeirra og SA hafi gagnrýnt. „Við höfum talið þá leið sem farin hefur verið í endurskipulagningu bankanna ganga út á að loka okkur af gagnvart erlendum lánardrottnum og það fáum við náttúrulega í hausinn með einhverjum hætti,” segir hann. Betri leið hefði verið að búa svo um hnúta að erlendu

kröfuhafarnir eignuðust bankana og byrjuðu að endurfjármagna lán þannig að inn í landið kæmi fé á móti afborgunum. „Þá myndi gengi krónunnar snarhækka og hlutirnir færu að rúlla á ný.“

Heimildarmaður blaðsins í einum viðskiptabankanna tekur í sama streng og Vilhjálmur og telur peningastefnunefndina helst horfa til þess í orðum sínum að erlend lán komi ekki til með að standa fólki til boða í sama mæli og verið hefur. Það þýði að stýrivextirnir fari nú að bíta víðar en þeir hafa gert áður því nú verði ekki hægt að fara fram hjá stýrivöxtum með erlendri lántöku. Lán standi heimilum og fyrirtækjum til boða í krónum, en ekki í erlendri mynt. Í því felist aðhaldssamari fjármálaskilyrði.

olirik@frettabladid.is

Kaupa meira núna

„Við höfum tekið eftir því að skipverjar og farþegar erlendra skipa kaupa vörur og þjónustu hér í meiri mæli en áður,” segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1. Mest er selt af olíu og smurolíu.

Skipin eru flest frá Grænlandi, Færeyjum og Rússlandi en slæðingur er af norskum skipum, að hans sögn.

Ekki er búið að taka saman tölur um breytingu á milli ára í bókum N1. Sala á eldsneyti til erlendra skipa eykst alla jafna mikið yfir sumarmánuðina, sérstaklega á Faxaflóasvæðinu.

Fiskiskipum við Faxaflóahafn-

ir fjölgaði um fimmtán á fyrstu þremur mánuðum ársins og tankskipum um tíu. Hins vegar lögðu 33 færri flutningaskip við bryggju Faxaflóahafna á fyrsta ársfjórðungi miðað við sama tíma í fyrra.

Flestir þeirra sem blaðið ræddi við í gær bíða spenntir eftir komu skemmtiferðaskipanna en fjöldi þeirra er svipaður og í fyrra. Farþegar þeirra verða sextíu þúsund talsins, samkvæmt nýjustu skráningu Faxaflóahafna frá í gær. „Skemmtiferðaskipin eru líkust vorboðunum,” sagði einn viðmælenda Fréttablaðsins. - jab



VILHJÁLMMUR EGILSSON

Gjalddagi á Bakkavararláni í vikunni

Viðræður standa enn yfir um framlengingu á gjalddaga 30 milljarða króna skuldabréfs Bakkavarar, sem er á gjalddaga í næstu viku. Viðræðurnar hafa dregist á langinn en stefnt er að því að niðurstaða fáiast í málið í næstu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Líkt og Morgunblaðið greindi frá eftir uppgjörsfund Bakkavarar í byrjun apríl gat félagið ekki stað-



BAKKAVARARBRÆÐUR Gengi hlutabréfa Bakkavarar hækkaði um 27 prósent í Kauphöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

íð í skilum á greiðslu skuldabréfs upp á 30 milljarða króna. Viðræður hafa staðið yfir um samkomulag til að fresta gjalddaganum, sem er í næstu viku og þykir mjög líklegt að það verði niðurstaðan.

Gengi hlutabréfa Bakkavarar hækkaði um 27 prósent í gær og endaði gengið í 1,74 krónum á hlut. Það hefur ekki verið hærra síðan í byrjun mars. Fyrir ári stóð það í 33,45 krónum á hlut. - jab

Toyota með mesta tap Japanssögu

Japanski bílarisinn Toyota tapaði 765,8 milljörðum jena, jafnvirði rúma 968 milljarða íslenskra króna, á síðasta ári.

Þetta er mesta tap í japanskri fyrirtækjasögu og skrifast á snarminnkandi bílasölu um allan heim og styrkingu japanska jensins gagnvart Bandaríkjadal.

Á sama tíma í fyrra nam hagnaður Toyota, sem er umsvifamesti

bílaframleiðandi í heimi, 316,8 milljörðum jena.

Stjórn bílaframleiðandans hefur ákveðið að skerða arðgreiðslur til hluthafa félagsins um helming vegna þessa. Arðgreiðslurnar, sem fram til þessa hafa verið greiddar út ársfjórðungslega, hljóðuðu í fyrra upp á 140 jén, jafnvirði 177 króna á hlut. Það er sömuleiðis í fyrsta sinn í

áratug sem arðgreiðslur bílarisans hækka ekki.

Bandaríska dagblaðið New York Times bendir á að þótt tap Toyota sé næstum tveimur milljörðum meira en GM í Bandaríkjunum, þá sé fáu við að líkja. Sjóðir þess bandaríska séu þurrausnir eftir áralangt hark. Toyota hafi á móti safnað fé í sjóði sem komi sér vel þegar harðni í ári. - jab

Til sölu úr þrotabúi
BT verslana ehf.

Til sölu úr þrotabúi BT verslana ehf. er lager og rekstur verslana BT. Um er að ræða rekstur tveggja verslana, í Smáralind og á Akureyri ásamt lager af tölvum, tölvuleikjum, sjónvarpstækjum, hljómfletningstækjum, myndavélum o.fl.

Tilboðum skal skila til LEX ehf., Borgartúni 26, Reykjavík, fyrir 18. maí n.k. kl. 17.00.

Skriptastjóri áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Jóhannesson, hrl., skriptastjóri, helgi@lex.is og Dagmar Arnardóttir hdl., dagmar@lex.is, sími 590 2600.

„Við viljum úrræði.“

Karlmaður, 35 ára.



Íslandsbanki býður fjölmörg úrræði fyrir heimilin

Greiðslujöfnun erlendra húsnæðislána

Lausn sem lækkar og jafnar greiðslubyrðina.



Greiðslujöfnun verðtryggðra lána

Greiðslujöfnun verðtryggðra húsnæðislána og annarra verðtryggðra lána með fasteignaveði.



Skuldbreytingar lána

Skoðað hvort hægt sé að hagræða með sameiningu skammtímalána og lengingu lána.

Skilmálabreytingar bílasamninga

Lækkun á leigugreiðslu bílasamninga í erlendri mynt í átta mánuði og lenging á samningi um fjóra mánuði.



Tímabundin opnun séreignarsparnaðar

Í flestum tilvikum hvetjum við fólk til að snerta ekki á lífeyrissparnaði sínum. En stundum getur það verið skynsamlegt, t.d. til að borga niður óhagstæðar skammtímaskuldir.

Hagræðing í rekstri heimilisins

Útgjöld heimilisins greind og skoðað hvar er hægt að hagræða til að ná endum saman.

Aðstoð við heimilisbókhaldið á islandsbanki.is

Á heimasíðu okkar islandsbanki.is eru netlausnir sem aðstoða þig við heimilisbókhaldið. Þú getur sett þér markmið í sparnaði og gert einfalt mat á stöðu fjármála heimilisins.

Mikið hefur verið rætt um úrræði við greiðsluvanda heimila landsins. Íslandsbanki býður lausnir sem fjölmargir hafa nú þegar nýtt sér, bæði til að hagræða í sínum fjármálum og til þess að komast í gegnum tímabundin greiðsluvandræði.

Úrræði Íslandsbanka eru sambærileg þeim sem Íbúðalánasjóður býður og í samræmi við tilmæli stjórnvalda. Bankinn hefur hins vegar gengið lengra og býður fjölmörg önnur úrræði til hjálpar heimilum í landinu.

Nýttu þér úrræðin sem eru í boði

- Komdu í næsta útibú Íslandsbanka og ræddu við ráðgjafa um hugsanlega hagræðingu og úrlausn þinna mála.
- Pantaðu Fjármálaviðtal á islandsbanki.is eða í síma 440 4000. Í Fjármálaviðtalinu förum við yfir stöðuna, leitum úrlausna og þú færð betri yfirsýn yfir fjárhagsstöðu heimilisins.

Nánari upplýsingar á islandsbanki.is



Íslandsbanki

Yfirvöld verða að bæta upplýsingagjöf.

Óvissu verður að léttu af heimilum

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Eftir því sem vikunum frá hrúni bankanna fjölga birtast afleiðingarnar víðar. Með hverjum deginum sem líður fjölga þannig heimilum sem standa frammi fyrir því að ráða ekki við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Margt af þessu fólki var þó alls ekki áhættusækið í fjármálum heimilisins heldur breytti eingöngu eins og það taldi ábyrgt að gera, og virtist ábyrgt meðan allt lék í lyndi. Að velja lán í erlendri mynt fram yfir íslenska krónu virtist skynsamlegt. Með því var hægt að komast undan verðtryggingunni, þeim fylgifiski íslenskra heimila sem gerir að verkum að seint sækist að saxa á höfuðstól skulda.

Vissulega mátti fólk gera sér grein fyrir gengisáættunni. Ráðgjafar í bönkum kepptust hins vegar við að sannfæra fólk um ágæti þess að taka fé að láni í erlendri mynt og fjármálalæsi Íslendinga er með minna móti samkvæmt könnunum, þannig að venjulegt fólk sem ekki vasast í fjármálum nema til að uppfylla grunnþarfir fjölskyldunnar um þak yfir höfuðið var ekki líklegt til að telja sig umkomandi þess að vita betur en ráðgjafinn í bankanum.

Íslendingar hafa ekki þekkt atvinnuleysi svo nokkru nemi áratugum saman. Því er kannski ekki von að almenningur hafi haft á því hugsun að skipuleggja greiðslubyrði sína miðað við að hana væri hægt að bera á atvinnuleysisbótum. Atvinnuleysi er þó orðið blákaldr veruleiki hjá meira en níu prósentum þjóðarinnar, sem hafa þá ekki nema bæturnar til að framfleyta sér og sínum og standa við gerðar skuldbindingar.

Í aprilmánuði þrefaldaðist ásókn í þjónustu Ráðgjafarstofu heimilanna og er biðin nú átta vikur eftir viðtali hjá ráðgjafa þar. Sú óvissa er algerlega óviðunandi fyrir þennan hóp. Sem betur fer stendur til að ráða bót á þessu og í gær tilkynnti félags- og tryggingamálaráðherra áform ríkisstjórnarinnar um að efla Ráðgjafarstofu heimilanna með því að tvöfalda starfsemi hennar og opna nýja starfsstöð. Þá verða starfsmenn Ráðgjafarstofunnar orðnir eitthvað á þriðja tug.

Vonast verður til að áformin gangi hratt og örugglega eftir og markmiðið um að vinna niður biðlista á fjórum vikum verði uppfyllt, því víst er að hver vika sem ekkert er aðhafst skiptir sköpum fyrir heimili í greiðsluvanda.

Ljóst er einnig að yfirvöld verða að stórefla upplýsingagjöf til þeirra sem glíma við greiðsluvanda og að það átak þolir enga bið. Svo virðist sem ráðaleysi sé víða ríkjandi, ekki síst vegna þess að óljóst er hvert er hægt að leita og hvaða þjónusta eða úrræði standa fólki í greiðsluvanda til boða.

Það er afar þungbært að standa frammi fyrir gerbreyttum veruleika sem felst í því að vera ekki fær um að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Slík staða veldur miklu álagi, ekki bara á skuldarana sjálfa heldur einnig umhverfi þeirra og þá ekki síst börnin.

Óvissan er þó áreiðanlega allra verst í þessari stöðu. Því verður að léttu henni af heimilum í greiðsluvanda. Það er gert með aukinni upplýsingagjöf og með því að tryggja að enginn þurfi að bíða meira en fáeina daga eftir viðtali við ráðgjafa á Ráðgjafarstofu heimilanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ný sumardekk
Dekkjaskipti



Sparaðu, láttu skipta um dekk hjá Max1

Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kaupu sumardekkinn hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshöfða 5a, Bildshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2. Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5. Skoðaðu www.max1.is



FRÁ DEGI TIL DAGS

Engar áhyggjur

Borgarahreyfingin kallaði í vikunni eftir að raforkuverð til álbræðslu yrði gert opinbert enda telur hreyfingin ástæðu til að ætla að orkuverð til neytenda sé ekki sanngjarnt. Vill hún aukinheldur að Eftirlitsstofnun EFTA kanni lögmati þess að orkuverð til álbræðslu sé haldið leyndu. Fróðlegt verður að sjá hvernig Eftirlitsstofnunin bregst við því sem að henni snýr en af opinberun orkuverðsins þarf Borgarahreyfingin ekki að hafa áhyggjur. Það verður nefnilega upplýst. Eða er ekki örugglega eitthvað að marka ályktanir stjórnmalaflokkanna? „Stuðlað



Laust embætti

Enn einn samkvæmisleikurinn er hafinn. Hann heitir: Hver verður næsti þjóðleikhússtjóri? Embættið er laust til umsóknar og þurfa áhugasamir að hafa menntun á sviði lista og staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Umsóknir sendist menntamálaráðuneytinu.

Hannes og kommarnir

Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor fékk á fimmtudag eina milljón króna úr rannsóknarstyrktarsjóði Bjarna Benediktssonar til að rannsaka íslenska kommúnista 1918 til 1998. Ekki er víst að öllum sé sérstakt fagnaðarefni að Hannes leggi stund á slíkar rannsóknir enda vitað að honum er heldur í nöp við komma. Skrif Hannesar um Laxness (1902-1998) um árið gengu ekki andskotalaust fyrir sig og allt eins líklegt að komi til áreksra nú. Annars er athyglisvert að rannsóknir Hannesar eiga að ná til 1998. Hvað gerðist þá í sögu íslenskra kommúnista? bjorn@frettabladid.is



Skipting útlána

Mörg heimili og fyrirtæki á Íslandi standa frammi fyrir miklum vanda vegna mikilla hækkana á lánum. Nokkur umræða hefur farið fram um hvort beita eigi sértækum eða almennum aðgerðum til að komast út úr vandanum. Stjórnvöld virðast frekar velja þann kost að grípa til sértækra aðgerða. Nokkur umræða hefur farið fram um almenna aðgerð sem felst í því að leiðrétta skuldir heimila og fyrirtækja um 20%. Greinarhöfundur hefur bent á að nauðsynlegt sé að leiðrétta vísitölu neysluverðs, þar sem forsendur hennar eru brostnar.



HARALDUR L. HARALDSSON Í DAG | Hækkun lána

Hlutfallsleg skipting útlána

Tafla 2 sýnir hvernig útlán innlánsstofnana á Íslandi skiptast á milli lána í íslenskum krónum og lána sem eru gengistryggð.

Það sem vekur athygli er hversu hátt hlutfall gengistryggðra lána er. Í árslok 2007 var skiptingin orðin 50% og í lok september 2008 er skiptingin orðin þannig að gengistryggð lán eru 63% af útlánum innlánsstofnana. Útlán gengistryggðra lána hækkðu um 90% á tímabilinu janúar til september 2008. Hækkunin nemur 1.405 ma. kr. Til samanburðar áætla fjármálaráðuneytið að verg landsframleiðsla í ár verði 1.496 ma. kr. Þannig hækkðu gengistryggð lán heimila og fyrirtækja á níu mánaða tímabili á sl. ári um samsvarandi upphæð og verg landsframleiðsla er áætluð í ár. Að miklu leyti vegna gengisfalls krónunnar. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að fá fyrirtæki og heimili geta tekið á sig slíka skuldaaukningu.

Ef framanritað er skoðað í samanburði við að í lok árs 2007 hafi eiginfjárstaða íslenskra fyrirtækja verið almennt á bilinu 10 til 20% og talið gott ef hún væri 20%, er rétt hægt að ímynda sér hver staða þessara fyrirtækja er og alveg ljóst að ef ekki verður gripið strax til rættækra almennra aðgerða mun illa fara í íslensku efnahagslífi.

Hvað er til ráða?

Með vísan til framanritaðs vill greinarhöfundur áréttta tillögu um að vísitala neysluverðs verði tekin til endurskoðunar og hún leiðrétta með hliðsjón af því sem gerðist á árinu 2008. Að auki, þar sem ekki hefur tekist að styrkja krónuna og fyrirtæki og heimili standa frammi fyrir gríðarlegum vanda, verði tekin ákvörðun um að gengistryggðum lánum innlánsstofnana verði breytt í íslensk verðtryggð lán. Þetta verði gert miðað við þá gengisvísitölu sem var þegar viðkomandi lán var tekið. Mikilvægt er að miðað verði við þá stöðu. Gera verður ráð fyrir að þegar lán hafi verið tekið hafi lántakan miðast við greiðslugetu viðkomandi heimilis eða fyrirtækis á þeim tíma. Þetta er sama tillaga og hagsmunasamtök heimila hafa lagt til. Það er mat greinarhöfundar að verði farið að þessum tillögum muni hjól atvinnulífsins fara að snúast á nýjan leik.

Höfundur er hagfræðingur.

ÚTLÁN Á ÍSLANDI SKV. REIKNINGUM INNLÁNSSTOFNANA

Tafla 1	31.12.2007	30.9.2008	Hækkun	Áætlun 31.12.2008	Hækkun
Óverðtryggð skuldabréf	516.535	629.556	22%	629.556	
Verðtryggð skuldabréf	842.964	971.426	15%	1.025.000	
Yfirdráttarlán, víxlar og greiddar óinnleystar ábyrgðir	226.110	263.796	17%	263.796	
Gengisbundin útlán	1.557.975	2.962.665	90%	3.357.926	
Niðurfærsla útlána	0	-105.068		-105.068	
Samtals	3.143.584	4.722.374	50%	5.171.210	65%

Heimild: Seðlabanki Íslands

SKIPTING ÚTLÁNA INNLÁNSSTOFNANA Á ÍSLANDI Í ÍSLENSKUMKRÓNUM OG GENGISTRYGGÐUM LÁNUM

Tafla 2	31.12.2007	Hlutfall	30.9.2008	Hlutfall
Útlán í íslenskum krónum	1.585.610	50,4%	1.864.778	39,5%
Útlán í gengistryggðum lánum	1.557.975	49,6%	2.962.665	62,7%
Niðurfærsla útlána	0	0,0%	-105.068	-2,2%
Samtals	3.143.584	100,0%	4.722.374	100,0%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

50 þúsund skattfrjálsir vinningar á árinu

www.das.is



6 stk.

BMW 318i

+ 5,2 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!

eða

5,2 milljónir
beint í vasann

+ 5,2 milljónir í hinn vasann
á tvöfaldan miða!

17 stk.

Vespa LX 125

+ 500 þúsund undir sætinu
á tvöfaldan miða!

eða

500 þúsund
beint í vasann

+ 500 þúsund í hinn vasann
á tvöfaldan miða!

dregið
viku-
lega!

52 útdrættir
á árinu!

60

milljónir
á mánuði

Nýtt happdrættisár
hefst í maí.



Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.
Kauptu miða á www.das.is

HAPPDRETTI



Vinningur í hverri viku

SUNWIND NÝTT Í HÚSASMIÐJUNNI



gott verð
54.900

Sunwind SD 3000

Burstað stál
Rafkveikja
Aðskilið grillsvæði og steikarflötur
Grillflötur: 1920 sm²
Steikarflötur: 1104 sm²
Heildar eldunarflötur: 3024 sm²
Fjöldi brennara: 3
Afl: 13,7 kW
Stærð (LxDxH): 1520 x 600 x 1150 mm
3000271



gott verð
45.990

Sunwind SD 2000

Burstað stál
Henta sérlega vel á svalir og minni palla.
Rafkveikja
Niðurfellanleg hliðarborð
Fjöldi brennara: 2
Heildar eldunarflötur: 2376 sm²
Afl: 9,1 kW
Stærð (LxDxH): 1280 x 570 x 1175 mm
3000270



Grillbursti
m.löngu handfangi
2999164

295

Húsasmiðjublaðið er komið út



8.989

BLACK & DECKER

Hekklippur, B&D
Rafmagn 400 W, 40 sm blað.
5083599

25% afsláttur
AF ÖLLUM HIPOINT - HEKKLIPPUM, GREINAKLIPPUM OG GRASKLIPPUM

1.499
~~2.299~~

Greinaklippur, Hipoint
5084669

Frábært verð

3.499

Rafmagnsorf, Ikra
250V, 24 sm sláttubreidd.
5086600

7.990

Garðstóll
Palma, staflanlegur
3899137

Garðstóll
11469155

2.879

Frábært verð

999

Laufhrifa
Union, 22 tinda.
5084345

OPIÐ TIL KL. 21 Í SKÚTUVOGI

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.



10%
af andvirði
mæðradagsvandarins rennur
til Göngum saman sem
hefur það að markmiði að
styrkja grunnrannsóknir á
brjóstakrabbameini.



Mæðradagurinn er á morgun



Einir
Bue Star
1.590 kr



Snædrífa
699 kr



Mæðradags-
vöndur
1990 kr



Gúlassúpa
190 kr
11:30-14:30
Ís á **10** kr
í Skútuvogi

10% af andvirði
rennur til
Göngum saman



Soldis
Silkitré & silkiblóm
30%

Einir
Blue Carpet
1.190 kr



Er ekkert að óttast?

UMRÆÐAN

Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um Ísland í Evrópu

Í Fréttablaðinu þann 1. Maí sl. tók ég mér fyrir hendur að leiðrétta 11 firur um Evrópusambandið, sem ýmsir frambjóðendur héldu að kjósendum í nýliðinni kosningabaráttu. Greinin vakti talsverð viðbrögð lesenda, bæði jákvæð og neikvæð. Sumir lesendur sögðu sem svo: Vera má að þú hafir rétt fyrir þér – eða allavega nokkuð til þíns máls – um þessi ellefu málasvið. En er það virkilega svo, að þú sjáir enga ókosti við Evrópusambandið?

Vissulega er það svo að ég óttast hvorki um sjálfstæði Íslands né fullveldi. Ég óttast hvorki um eignarhald á auðlindum okkar, né heldur að við getum ekki náð ásættanlegri samningsniðurstöðu um áframhaldandi forræði okkar yfir sjávarauðlindinni. Ég er líka alveg viss um, að við munum áfram stunda landbúnað á Íslandi. Og ég hef ekki áhyggjur af því, að við getum ekki gætt hagsmuna okkar og haft eðlileg áhrif í samstarfi við Norðurlanda- og Eystrasaltsþjóðir, innan Evrópusamstarfsins. Ég læt heldur engan telja mér trú um, að Evrópusambandið sé kapitalistísk valdastofnun, hvað þá heldur sósiálistísk ríkisforsjárbákn. Hvorugt er rétt.

En er þá virkilega ekkert að óttast? Frómt frá sagt þá hef ég mest áhyggjur af peningamálastefnunni. Hvað á ég við? Er það ekki einmitt fyrst og fremst evran – þessi trausti alþjóðlegi gjaldmiðill – sem Íslendingar sjá í hillingum í staðinn fyrir gengisfellda krónuna? Er það ekki einmitt peningamálasamstarfið, sem flestum okkar þykir eftirsóknarverðast? Er það ekki það sem á að færa okkur stöðugleika gengis og gjaldmiðils – stöðugt verðlag, lága vexti og lægra verð á lífsnauðsynjum?

Áföll – og áfallahljál

Er það ekki einmitt stöðugleikinn, sem fyrirtæki og heimili á Íslandi þróa og þurfa mest á að halda? Viljum við ekki fyrst og fremst losna við þessar ófyrirsjáanlegu sveiflur í verðlagi og vöxtum og þar með greiðslubyrði skulda? Höfum við ekki fengið okkur fullsödd af því



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

að vera fórnarlömb í fjárhættuspili með afkomu okkar og atvinnu? Sjálf evran – er hún ekki höfuðdjás og helsta hnoss Evrópusambandsins – sjálft haldreipi stöðugleikans?

Mikið rétt. Þjóð sem hefur orðið fyrir gjaldmiðilshruni, til viðbótar við hrun fjármálakerfisins, ætti að kunna öðrum þjóðum fremur að meta fyrirheit um traustan gjaldmiðil og þann stöðugleika í efnahagsumhverfinu, sem í því felst. Við erum þessi misserin að upplifa afleiðingar gjaldmiðilshruns. Við erum að upplifa innflutningsverðbólgu og óbærilega vexti í kjölfarið. Okkur stendur mörgum hverjum ógn af því, hvernig gengis- eða verðtryggð lán eru að stefna fjölskyldum okkar í greiðslu- eða gjaldþrot.

Nær 20.000 Íslendingar hafa misst vinnuna vegna þess að erlendar skuldir fyrirtækjanna hafa tvöfaldast í einu vetfangi. Þúsundir heimila horfa fram á að missa íbúðina um leið og atvinnuna. Þetta er neyðarástand. Og þetta neyðarástand er bein afleiðing af því, að þjóðargjaldmiðill okkar, íslenska krónan, er hrúnn. Flestir þeirra sem fást við það að reka fyrirtæki og hafa annað fólk í vinnu eygja enga von til framtíðar, aðra en þá að skipta um gjaldmiðil – taka upp evru.

Hvernig má þá vera að ég lýsi áhyggjum mínum helst út af peningamálastefnu Evrópusambandsins? Er sjálf evran – sem á að vera lausnin – orðin að vandamáli? Þetta virðist við fyrstu sýn vera dálítil þversögn. Það sem við nú eygjum sem höfuðkost, kann líka síðar meir að hafa í för með sér vandamál, sem kalla á aðrar lausnir. Hvað ætti það svo sem að vera? Eftir að við höfum einu sinni tekið upp evruna, með fyrirheitum um allan þann stöðugleika sem því fylgir – þá getum við ekki fella gengið.

Þjóðartjón eða töfralausn?

Hver var helsti kosturinn við krónuna að bestu manna yfirsýn á liðinni öld? Hann var að geta fella gengi hennar eftir þörfum. Í upphafi var íslenska krónan jafngildi dönsku krónunnar. Núna þarf ca. 2.000 íslenskar krónur til að veita upp eina danska. Þetta má orða svo, að hagstjórnin á Íslandi hafi



reynst vera tvö þúsund sinnum lélegri en í Danmörku. Og þetta teljum við okkar íslensku krónu helst til ágætis! Hún er svo sveigjanleg, segjum við.

Hvað er gengisfelling? Hún er afleiðing óstjórnar og viðurkenning á mistökum. En hún getur líka verið viðbrögð við ytri áföllum, sem við ráðum ekki við. Hún er aðgerð til þess að lækka framleiðslukostnað innanlands, eins og það heitir á máli atvinnurekenda. Á máli launþega heitir þetta hins vegar kauplækkun. Gengislækkun bætir samkeppnishæfni og styrkir stöðu útflutnings. En hún er um leið efnahagslegt örþrifa-rád – neyðarúrræði, þótt hún geti á stundum verið óumflýjanleg.

Gengishrunið, sem við erum nú að ganga í gegnum, hefur valdið fyrirtækjum og heimilum þungbæru böli. Á sama tíma er lágt gengi krónunnar, eftir hrun, ávísun á bættu samkeppnishæfni útflutnings- og samkeppnisgreina (t.d. ferðaþjónustu). Gengisfallið hefur snúið gífurlegum viðskiptahalla (og þar með skuldaföfnun) í viðskiptajöfnuð. Lággengi krónunnar og styrking útflutningsgreina á að gera okkur kleift að afla meiri erlends gjaldeyris til að borga niður skuldir. Takist okkur að skilja skuldir einkaaðila eftir í þrotabúum gömlu bankanna, eiga Íslendingar þar með að geta unnið

sig út úr kreppunni hraðar en þær þjóðir, sem búa áfram við hágengi og fjármálakerfi, sem er maðksmogið af „vondum“ útlánunum.

Aftur til fortíðar

Bíðum nú við. Er ekki verið að snúa hér öllu á haus? Er eftirsóknarvert að hafa traustan gjaldmiðil, stöðugt verðlag og lága vexti eða ekki? Er hægt að mæla því bót, að búa við veikan gjaldmiðil og ófyrirsjáanlegar sveiflur í verðlagi, greiðslubyrði skulda o.s.frv.? Hvert er svarið? Auðvitað er eftirsóknarvert að búa við stöðugleika. En ef það mistekst, þá hljóðar okkar gamla húsråd upp á það, að skjótvirkasta meðalið til að ná aftur bata sé að fella gengið. Gengisfelling er með öðrum hin eina sanna patentlausn landans.

Elsta kynslóð núlifandi Íslendinga hefur vanist því að hagstjórnarfrúsk af þessu tagi sé í lagi, af því að við getum alltaf reddað okkur út úr ógöngum með því að fella gengið.

Það er inngróid í lífsreynslu Íslendinga, að leiðin út úr efnahagslegum ógöngum – þegar framleiðslukostnaður innan lands er orðinn hærri en svo, að við getum selt fiskinn í útlöndum – sé sú að fella gengið. Enda hafa landstjórnarmenn íslenskir fella gengið oftar en tölu verður á komið á lýðveldistímanum. Þetta er ekki verri mælikvarði en hver annar á það, hvernig okkur hefur tekist til um hagstjórnina: Tvö þúsund sinnum verr en Dönum frá því við skildum við þá að borði og sæng.

Elsta kynslóð núlifandi Íslendinga hefur vanist því að hagstjórnarfrúsk af þessu tagi sé í lagi, af því að við getum alltaf reddað okkur út úr ógöngum með því að fella gengið. Kannski var okkur nokkur vorkunn meðan við bjuggum við einhæft og lokað hagkerfi með eina útflutningsgrein: Fisk. Hagsveiflan átti uppruna sinn í afla-brögðum og verðlagi á erlendum mörkuðum. Við fengum við hvorugt ráðið. Þetta var bara svona.

Ef sjávarútvegurinn var í uppsveiflu, þá hækkðu öll laun og tilkostnaður. Ef fiskurinn var orðinn dýrari en neytendur í útlöndum vildu borga, þá lækkuðum við tilkostnaðinn – kaupid – með einu pennastriki. Við þurftum ekki að hafa áhyggjur af fjárflotta. Stjórnvöld héldu uppi ströngum gjaldreyrihöftum og erlend fjárfesting var engin. Við þurftum heldur ekki að hafa áhyggjur af samkeppnishæfni annarra atvinnugreina. Þær þrífust ekki við þessar aðstæður, umfram smáidnað fyrir heima-markað og í skjóli tollverndar. Spurningin er: Getum við haldið þessu áfram? Eða öllu heldur: Getum við horfið aftur til fortíðar – eftir hrun?

Veröld sem var

Hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá er þetta veröld sem var.

Hlutdeild sjávarútvegsins í þjóðarframleiðslunni er innan við 8% og hlutdeild hans í gjaldeyrisöfluninni var komin niður undir 30% fyrir hrun. Störf í sjávarútvegi og landbúnaði til samans eru innan við 11.000. Það er borin von, að þau 20.000 störf sem við þurfum nú að skapa, til þess að útrýma atvinnuleysinu, verði til í sjávarútvegi og landbúnaði.

Þorri Íslendinga vinnur nú þegar í atvinnugreinum, sem Hagstofan flokkar undir iðnað og þjónustu, verslun og viðskipti. Við rekum viðamikili skólakerfi, frá vöggustofu upp í háskóla, til að búa unga fólkid undir störf í þessum greinum. Þessi störf munu verða til í orkugeiranum og afleiddum greinum, í margvíslegum þekkingariðnaði, sem byggir á rannsóknunum og þróun, eða innfluttri tækni, og snýst m.a. um hugbúnað, hönnun, líftækni, lyfjaframleiðslu, heilbrigðis- og ferðaþjónustu o.fl.. Fyrir nú utan þær atvinnugreinar, sem verða til í framtíðinni, en við kunnum ekki einu sinni að nefna í núinu.

Það sem þessar atvinnugreinar framtíðarinnar eiga flestar sameiginlegt er það, að til þess að vaxa og dafna þurfa þær að búa við stöðugleika. Fyrirtæki í þessum greinum byggja á áætlunargerð og markaðsstarfi langt fram í tímann. Þau þurfa aðgang að erlendu fjármagni og erlendum mörkuðum, af því að heimamarkaðurinn er of smár. Grunnstærðir eins og t.d. gengi gjaldmiðilsins, verð aðfanga og afurða, aðgengi að fjármagni og greiðslubyrði skulda verða að vera þekktar og áreiðanlegar fram í tímann. Skammtíma-hugsun og reddingarhugarfar veidimannasamfélagsins heyrir til liðinni tíð.

Nýliðin reynsla, endalok tilraunarinnar með Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð, á grundvelli okkar gömlu og gengisfelldu krónu – mynsvæðis á stærð við smáborg í útlöndum – ætti að hafa kennt okkur þessa lexíu í eitt skipti fyrir öll. Nýja Ísland verður ekki byggt á svo ótraustum grunni. Okkur er lífsnauðsyn að tengjast stærra mynsvæði, sem getur fært okkur stöðugt efnahagsumhverfi. Ella munu atvinnugreinar framtíðarinnar ekki þrífast hér og fólkid, sem við menntuðum til starfa í þessum greinum, mun ekki búa hér.

Þegar við tökum upp evruna, verðum við að semja um samkeppnishæft gengi í upphafi. Síðan stöndum við frammi fyrir því verkefni, eins og aðrar þróaðar þjóðir, að viðhalda jafnvægi og þar með samkeppnishæfni í okkar þjóðar-búskap með agaðri hagstjórn. Við getum t.d. ekki leyft okkur að semja um launahækkunir innanlands langt umfram það sem gerist hjá viðskiptaþjóðum okkar. Og þá þjóðir ekki að slá endalaust lán í útlöndum til þess að fara á fjárfestingar- eða neyslufylliri, án þess að hugsa um morgundaginn.

Við verðum m.ö.o. að fara að temja okkur ytri aga og festu í hagstjórn að minnsta kosti til jafns við Dani, sem við sögðum skilið við fyrir rúmlega hálfri öld. Því að við getum ekki mikið lengur reitt okkur á patentlausnir – gengisfellingunni gjaldmiðilsins – til að redda okkur eftir að allt er komið í kalda kol.

Við verðum í framtíðinni að semja okkur að síðum annarra þjóða og laga þjóðarbúskapinn að breytilegum ytri aðstæðum, jafnt og þétt, með þeim hagstjórnartækjum, sem við höfum yfir að ráða: Aga í ríkisfjármálum og virkum vinnumarkaðsaðgerðum. Eins og sýnt hefur verið fram á hefur mörgum smáþjóðum innan Evrópusambandsins tekist þetta, án þess að borga fyrir stöðugleikann með auknu atvinnuleysi. Hvers vegna ættum við ekki að geta það líka? Eigum við nokkurra annarra kosta vól?

Höfundur lagði stund á samantburð hagkerfa við Harvard-háskóla 1976-77.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2009

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 25. maí 2009 kl. 18.15 á Grand Hótel.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Staða Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í breyttu umhverfi – kynning á niðurstöðum úttektar Capacent á starfsemi og árangri sjóðsins.
3. Greint frá stefnumótun stjórnar.
4. Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 20. apríl 2009

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

www.live.is Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is



FERÐALÖG OG FRÍSTUNDIR

Íþróttá- og sýningarhöllinni
í Laugardal 8.-10. maí 2009

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

Njóta íslenskrar veðráttu? • Tjalda í fyrsta skipti? • Kanna framandi slóðir? • Borða góðan mat? • Klífa fjöll?

Fara á hestbak eða í siglingu? • Eiga góða fjölskyldustund? • Liggja á sólarströnd? • Fara holu í höggi?

Sýningin **Ferðalög og frístundir** verður haldin í Íþróttá- og sýningarhöllinni í Laugardal 8.-10. maí nk. Þar sameinast á einum stað allt sem viðkemur ferðalögum og frístundum, innanlands og utan. Samhliða Ferðalögum og frístundum verður haldin sýningin **Golf 2009**, þar sem hægt verður að nálgast á einum stað allt það nýjasta sem snertir golfíþróttina.

Kjarninn í sýningunni verður **Ferðatorgið**, þar sem ferðamálasamtök og markaðsstofur landshlutanna kynna ferðaþjónustu á sínu svæði. Á **Matartorginu** verða þrjár matreiðslukeppnir á vegum Klúbbs matreiðslumeistara og vínþjónakeppni Vínþjónasamtaka Íslands.

Skemmtiatriði fyrir alla fjölskylduna!

- Púttflöt, æfingasvæði (driving range) og krakkagolf
- Golfklúbbar landsins kynna sig
- Atvinnukylfingar leiðbeina leikmönnum og lengra komnum
- Minigolf
- Kynning á golf.is og golfreglum fyrir kylfinga kl. 14 laugardag og sunnudag



FERÐATORG

- Ferðamálasamtök og markaðsstofur landshlutanna kynna ferðaþjónustu á sínu svæði
- Vesturland • Vestfirðir • Norðurland Austurland • Suðurland • Suðurnes Höfuðborgarsvæðið



GOLF 2009



MATARTORG

- Matreiðslumeistari Norðurlanda 9. maí
- Landshlutakeppnin Íslenskt eldhús 10. maí

Verð aðgöngumiða

Almennir gestir: Kr. 750

Námsmenn, eftirlaunaþegar og öryrkjar: Kr. 500

Frítt fyrir börn yngri en 14 ára í fylgd með fullorðnum

Kynntu þér fjölbreytta dagskrá

www.ferdalogogfristundir.is

Sýningartími

Laugardag 9. maí kl. 11.00-18.00
Sunnudag 10. maí kl. 11.00-17.00

Frábært tækifæri fyrir alla fjölskylduna
til að skipuleggja sumarið!

Framkvæmd:

Samstarfsaðilar:



ALMANNATENGL



ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ



FERÐAMÁLASAMTÖK ÍSLANDS



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board





BEKKJAST FRÁ FORNRI TÍÐ Porgeir Ástvaldsson útvarpsmaður og Ilmur Kristjánsdóttir leikkona hafa þekkt lengi en Ilmur er vinkona dóttur hans. Porgeir gaf systur Ilmar eitt sinn forláta Gleðibankatösku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ættum að hætta með átaksdagana

Porgeir Ástvaldsson fór einu sinni á „vatnskúrinn“. **Ilmur Kristjánsdóttir** hefur prófað „sítrónukúrinn“. Leikkonan og útvarpsmaðurinn sögðu *Júlu Margréti Alexandersdóttur* álit sitt á megrunarkúrum, átaksdögum og voru bæði á því að jógasetur Íslands yrði flott í nýju glerhöllinni í Borgartúni.

Á RÖKSTÓLUM

Hver er fyrsta minning ykkar um hvort annað?

Ilmur: Já, það er nefnilega saga að segja frá því. Dóttir Þorgeirs, Eva Rún, er nefnilega gömul vinkona mín, og ég man hvað mér fannst alltaf gaman að koma heim til þeirra og hitta útvarpsmanninn. Mómmu fannst heldur alls ekki slæmt að ég væri að kynna Togga Tempó.

Þorgeir: Haha. Já, það var heldur ekki slæmt að kynna Ilmi. Hún var svolítið öðruvísi en þessir venjulegu undirleitu unglingar. Og hún gat verið fyndin og var svolítið frökk.

Ilmur: Og svo var það Icy-taskan. Þorgeir fór nefnilega út með Icy-hópnum á sínum tíma og átti töskuna sem var merkt hópnum. Einhvern veginn frétti hann að systir mín væri einn mesti Eurovision-áráðandi Íslands. Og úr varð að systir mín fékk töskuna.

Þorgeir: Ég man meira að segja eftir því að við förum í sér bíltúr til að afhenda töskuna. Systir Ilmar var ofsalega ánægð, sem kom mér mikið á óvart, því á þessum tíma þótti alls ekki töff að fíla Eurovision. En hún var ákaflega heil í því að dá keppnina og Gleðibankataskan gladdi hana greinilega innilega.

Lína Langsokkur á sítrónukúrnum Byrjum á fæðubótarefnum. Lyfjaeftirlit Bandaríkjanna hefur hvatt neytendur til að hætta neyslu á nokkrum tegundum af fitubrennsluefninu hydroxycut þar sem grunur leikur á um að það geti valdið lifrarskaða og gulu. Hafið þið neytt einhverra fæðubótarefna eða farið á sérstaka megrunarkúra? Hver er fyrsti megrunarkúrinn sem þið heyrðuð af?

Ilmur: Ég hef aldrei verið á neinum fæðubótarefnum og finnst það mjög óhugnanlegt fyrirbæri.

Heldur trúir ég ekki á megrunarkúra og finnst þeir bara, tja, frekar sorglegir.

Þorgeir: Munið þið eftir banana- og hvítvínskúrnum? Eitt hvítvínsglas og einn banani í hverri máltíð. Frá morgni til kvölds.

Ilmur: Já, alveg rétt. En þetta er auðvitað allt spurning um sálrænt ástand. Að leita að jafnvægi og finna það almennt í lífinu í öllu, þótt óhóf í öllu, og líka mat, sé vitanlega slæmt. Ha, hef ég sjálf farið í megrun? Uhm. Tjájá.

Þorgeir: Hvaða megrunarkúr fórstu á?

Ilmur: Sko, þetta var þegar ég var að leika í Línu Langsokk. Þá fékk ég þá grillu í hausinn að fara á kúr. Fór á sítrónukúrinn. Drakk vatn með sítrónu í heila viku.

Þorgeir: Og borðaðir ekkert?

Ilmur: Hm, nei. Sem gekk auðvitað ekki. Að sjálf Lína Langsokkur væri að fara í heljarstökk á einni sítrónusneið. Ég var orðin frekar orkulítill og máttlaus eftir þessa viku. Og fyrsti megrunarkúrinn sem ég heyrði um, hver skyldi hann vera? Er það ekki bara þessi „borða-ekki-nammi“ kúr sem maður heyrði fyrst um sem krakki.

Þorgeir: Vatnskúrinn. Það var fyrsti kúrinn sem maður heyrði talað um. Þá átti maður sem sagt bara að drekka vatn. Ég skildi aldrei almennilega út á hvað þessi kúr gekk því ég hef nefnilega alltaf verið mjög duglegur að drekka vatn. En ég prófaði þetta í einn dag og gafst upp. Ég hef aldrei enst við svona lagað – að verða að gera eitthvað.

Jóhanna og Gunnar

Úr megrun yfir í innhverfa íhugun. David Lynch kom um síðustu helgi til landsins og hélt fyrirlestur um það fyrirbæri. Ef þið ættuð að velja þjóðþekktan Íslending í hlutverk jógagúrús landsins, hver yrði fyrir valinu og hvar mynduð þið velja jógamusterinu stað?

Ilmur: Jógameistari eða annar álíka leiðtogi þarf að vera manneskja sem allir geta speglað sig í,

manneskja sem er heiðarleg og ófeimin við að sýna bresti sína. Sem sagt ekki fullkomin. Þar stendur fremst að mínu mati forsætisráðherrann, Jóhanna Sigurðardóttir. Hún er heil í sínu og reynir ekki að sýnast önnur en hún er.

Þorgeir: Ég myndi fá Gunnar í Krossinum til að vera jógameistara.

Ilmur: (lítur snöggt á Þorgeir): Ha?

Þorgeir: Já, ég er alls ekki sammála Gunnari en ég get samt sagt ykkur það að sem útvarpsmaður hef ég aldrei haft annan eins viðmælanda og Gunnar. Hann er svo staðfastur í sinni trú og sínum boðskap að það er eiginlega ekki annað hægt en að hrifast með oft á tíðum. Ég hef mjög oft talað við hann í gegnum tíðina, tekið viðtöl við hann og hlustað á hann á opinberum vettvangi. Á öllum þessum tíma hugsa ég að ég hafi aðeins einu sinni séð hann hika smávegis. Það er sama hvaða spurningum ég dembi á hann, hann er alltaf með svör á reiðum höndum og talar fulmaust.

Ilmur: Þarna verð ég að vera ósammála. Mér finnst menn sem efast ekki hættulegir. Fyrir mér er það að trúa – það að efast.

Þorgeir: Ég spurði einmitt Gunnar út í hraðbátinn sem hann var að fá sér. Benti honum á að frelsarinn hefði ekki þurft neitt slíkt tól til að sigla með sig á vatninu, hann hefði bara gengið. Gunnar var ekki lengi að svara því og sagðist ekki vera frelsarinn, þótt hann kæmist ansi nálægt því. Og lærisveinar Jesús hefði allir verið fiskimenn og svo taldi hann upp það sem veitt var og svo framvegis, þar til maður var orðinn kjafstopp.

Ilmur: Allt í lagi þá. Ég er svo með húsnæðið fyrir jógamusterið okkar, Þorgeir. Glerhýsið þarna risastóra á horni Borgartúns og Höfðatúns. Getum látið þau bæði messa og fólk íhuga á öllum hæðum. Það er auðvitað svo stórkostlegt útsýni þarna til allra átta að ég get ekki ímyndað mér annað

en að allir nái innri ró.

Þorgeir: Það hljómar vel.

Ekki-tala-dagurinn

Áfram á heilsufarslegum nótum. Nú stendur yfir átakið Hjólað í vinnuna. Ef þið ættuð að hanna einhvern dag í þessum anda þar sem Íslendingar gera ekki eitthvað sem þeir eru vanir að gera, eins og að vera í megrun, hvernig yrði sá dagur? Og ef þið ættuð að hanna heilt ár út frá sömu hugsun, hvert yrði þemað? Hvaða Íslendingur haldið þið að sé pottþétt ekki á reiðhjól í dag og verði ekki næstu daga?

Þorgeir: Vitið þið að helst þrái ég þögn. Ég myndi vilja að allir þegðu í heilan dag. Þarna er ég auðvitað mjög litadur af því að vinna við fjölmöla. Þar heyrir maður allt of mikið og mjög mikið hreinlega sem mann langar ekkert að heyra, um alls kyns svínari og spillingu. Mitt besta frí er þögnin.

Ilmur: Og þá myndi ég nýta þögnina hans Þorgeirs þennan dag í að fá þjóðina til að íhuga hvort við getum ekki hætt að vera með alla þessa „ekki“ daga. Hvort sem er megrunarlausa eða bíllausa daginn. Allt sem heitir átak hljómar frekar illa. Það liggur eiginlega í orðsins eðli, „átak“, að þetta sé eitthvað sem þú þarft að rembast við að ná í gegn og taka grettistaki. Viljum við ekki hætta rembingi og bara láta hlutina gerast rólega og eðlilega?

Þorgeir: Innilega sammála. Og ekki dettur mér í hug að hvetja börnin mín til að fara hjólandi út í þessa umferð.

Ilmur: En þemað í heilt ár. Það yrði nú svolítið erfitt að þegja Þorgeir í heilt ár. Eigum við að segja að það sé ár íhugunar þar sem þakklætið er þemað. Að þjóðin myndi hugsa hvað hún hefði margt til að þakka fyrir. Ég var úti í Mósambík þegar efnahagshrunið varð í haust og yfir okkur dundu sms-skilaboð um þjóðnýtingu Glitnis og fall bankanna. Ég verð að segja að mér gat ekki hafa verið meira sama. Í fyllstu einlægni. Ég var í

kringum alnæmissmituð börn sem áttu enga foreldra og varla mat. Við höfum svo margt hér, hreint vatn, fiskinn í sjónum, fjölskyldu. Hvað annað þurfum við?

Þorgeir: Það er gott þema. Ég held að það sé spurning um að hugleiða gömlu góðu gildin.

Ilmur: Og ekki endilega bara þau. Það er svo mikil nostalgia í okkur nefnilega. Við ættum kannski ekki að þurfa að hanga í gildum fortíðar. Hvað með bara gildi framtíðarinnar?

Þorgeir: Kannski gæti árið verið helgað því að huga að þeim sem standa okkur næst. Gamla fólkinu sem hefur lifað tímanna tvenna og hlær nú eiginlega bara að því að við teljum okkur eiga svona bág. Mér finnst annars mjög ólíklegt að Gissur Sigurðsson sé á reiðhjól.

Ilmur: Ekki heldur Sigurjón Kjartansson. Hann er pottþétt ekki hjólandi í dag.

Að lokum. Íslendingar virðast ætla að rækta sem aldrei fyrr þetta sumar miðað við aðsóknartölur í matjurtagarða. Þó ekki bara grænmeti heldur líka kannabisplöntur. Af hverju haldið þið að lögreglan sé allt í einu að finna allar þessar hassplöntur? Hvað finnst ykkur að gera eigi við allar þessar plöntur sem hafa verið gerðar upptækar? Og búnaðinn; lampana og vökvunarbúnaðinn?

Þorgeir: Er ekki talað um að þeir hafi komist yfir einhver gögn?

Ilmur: Jú. Skrár Orkuveitunnar eða eitthvað slíkt. Það bara hlýtur að vera komin einhver ný aðferð. En varðandi hassplöntuna, hampinn, þá er hún finasta efni og til margra hluta nýtsamleg. Það er mjög óhentugt ef þessu verður bara hent. Það mætti nota hampinn í margt. Til að mynda er hann frábært efni í vefnað, sápur, krem, byggingarefni og fleira.

Þorgeir: Þetta er auðvitað bara frábært plan hjá Ilmi. Ég verð bara að vera sammála þessu. Og þá þurfum við áfram á ljósunum og vökvunarbúnaðinum að halda. Hér höfum við nýjan iðnað.

VELKOMIN

9.–15. MAÍ 2009

KÓP AVOGS DAGAR

MENNINGARHÁTÍÐ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

SELURINN SNORRI

SÖNGUR Í



SUNDI

JÓNASARVAKA

HESTAR & HEIMSÓKNIR

MOLAPORTIÐ

SKÁLDIN Í BÆNUM

BALTASAR
MYNDLISTARSYNING

ÞRÍHNÚKA-

GÍGUR LEIKLIST

SKVETTUBALL

OPNUN TÓNLISTARSAFNS ÍSLANDS

KVENNAGANGA STEBBI

LEYNDARDÓMAR ÞINGHÓLS HILMARS

TÓNLEIKAR

HJÓLAÐ UM
HEIMASLÓÐ

SÓLKERFISGANGA

BARNAMENNING

LJÓDLIST

OPIÐ HÚS

HEIÐURLISTA-
MAÐUR

FRÓÐLEIKUR

VORSÝNING
KVÖLDSKÓLA

KÓPAVOGS

MINJAR

SKRITTLA

VILTU VERA VINUR MINN Á FACEBOOK

SKOPPA

MENNINGARDAGUR – LAUGARDAGINN 9. MAÍ

15.00 Setning Kópavogsdaga – Listasafn Kópavogs
15.00 Söngur í sundi – Sundlaugin Versölum
15.30 Náttúran í myndlistinni eða myndlistin
í náttúrunni – Náttúrufræðistofa Kópavogs
16.00 Tónlistarsafn Íslands opnað
16.30 Ljóðabókin „Í auglýning“ kemur út
– Bókasafn Kópavogs
17.00 Hörn Hrafnadóttir og Antonía Hevesi
– Salurinn
19.00 Hósianna – Kópavogskirkja
20.00 Viltu vera vinur minn á Facebook? – Leikhúsið

14.00-17.00 Opið hús í vinnustofum listamanna
í Kópavogi

Auk þess göngur og gróðursetning, bossíamót,
skvettuball, barna- og unglingleikrit, knattspyrna,
nemendatónleikar, flóa- og nytjamaðar og
margt fleira.

FJÖLSKYLDUDAGUR – SUNNUDAGINN 10. MAÍ

10.00 Hjólað á heimaslóð – Kársnesskóli
og Salaskóli
13.00 Hestar og heimsóknir – Reiðhöll Gusts
13.00 Skoppa og Skríttla – Salurinn
13.00 Þríhnúkagígur í Kópavogi
– Náttúrufræðistofa Kópavogs
13.30 Gömlu góðu leikirnir – Listatúnið við Salinn
16.00 Vortónleikar Karla Kórs Kópavogs ásamt
Snorra Wium tenór – Kópavogskirkja
20.00 Sálumessa Karls Jenkins – Lindakirkja
20.00 Píantónleikar Frank Glazer – Salurinn

14.00-17.00 Opið hús í vinnustofum listamanna
í Kópavogi

Auk þess Baltasar í Listasafninu, ögrandi
myndlistarsýning í Náttúrufræðistofu Kópavogs,
kókubasar, nemenda- og útskriftartónleikar,
vorsýning Kvöldskóla Kópavogs, gamlar
kvikmyndir, fræðsla um Þinghól og margt fleira.

Dagskrá Kópavogsdaga stendur í heila viku
og þar kennir ýmissa grasa. Kynnið ykkur
dagskrána á www.kopavogsdagar.is.
Velkomin á Kópavogsdaga.



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



1359

KS LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.



1359

KS LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.



1398

KS LAMBAHRYGGUR FROSINN
1398 kr./kg.



998

N.F BLEIKJUBITAR BEINHREINSAÐIR
998 kr./kg.



1798

KS FERSKT LAMBAPRIME
1798 kr./kg.



1298

N.F BLEIKJUFLÖK TERYAKI MARINERUÐ
1298 kr./kg.



898

N.F SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐ OG
BEINLAUS 898 kr./kg.



1198

FROSNAR INNFLUTTAR GRÍSALUNDIR
1198 kr./kg.



69

PEPSI, PEPSI MAX & EGILS APPELSÍN 500ml dós 69 kr.

TILBOÐ 50% MEIRA MAGN - SAMA VERÐ



179

MYLLU
SAMLOKUBRAUÐ
770 gr 179 kr.



198

BÓNUS SMÁBRAUÐ 198 kr.



197

MYLLU BEYGLUR 197 kr.



219

MYLLU HVÍTLAUKSBRUÐ 219 kr.

BONUS BÝÐUR BETUR



OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUÐ: 12:00-18:00



1078

KS LAMBALÆRI FROSID
1078 kr./kg.



298

KS LAMBASVIÐ FROSIN
298 kr./kg.



398

ÍSLENSK FLÚÐAMOLD
20 LÍTRA POKI 398 kr.



1298

GRASBÆTIR
5 KG 1298 kr.
10 KG 1998 kr.



1498

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.



498

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.



1598

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1598 kr./kg.



1498

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.



239

HOLTA FERSKIR KJÚLINGAVÆNGIR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 398 KR. 239 kr./kg.



98

489

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr
BÓNUS PYLSUR 10 STK
489 kr./kg. PYLSAN CA 25 KR STK



198

BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR
hvítlauks og pipar 270 ml 198 kr.



598

BÓNU ÍSPINNAKASSI 24 STK
598 kr. PINNINN 25 KR STK.



298

BÓNUS FORSOÐNAR
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
900 gr 298 kr.



219

BÓNUS SNAKK
160 gr 219 kr.



VEGVÍSIR Á Sogni læra vistmenn að fóta sig aftur í lífinu og þeim vísað á rétta braut. Þeir sem þar lenda eru dæmdir þangað inn og þegar þeir eru taldir hæfir eru þeir dæmdir aftur út í samfélagið.

Mín lukka að lenda á Sogni

Á réttargeðdeildinni að Sogni í Ölfusi er unnið mikilvægt starf með afbrotamönnum sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða. Þar eru bæði sak- og ósakhæfir afbrotamenn sem reyna að púsla lífi sínu saman áður en haldið er út í samfélagið á ný. **Kolbeinn Óttarsson Proppé** blaðamaður og **Stefán Karlsson** ljósmyndari kíktu í heimsókn að Sogni og kynntu sér starfsemina þar.

Mitt happ í lífinu var að enda hér á Sogni, það hefur beinlínis bjargað lífi mínu.“ Sá sem svo mælir er ungur sjúklingur á Sogni sem hefur verið þar í um það bil ár. Síðan í janúar 2006 hefur hann einungis verið þrjá mánuði frjáls. Hann sat á Litla-Hrauni og fannst vistin þar helvíti líkust. Eftir grófa líkamsárás var hann dæmdur til vistar að Sogni. Þar segist hann hafa tækifæri til að byggja líf sitt upp, öfugt við Litla-Hraun. Þaðan komi menn út verri en þeir fóru inn. Sjúklingurinn hefur blómstrað á Sogni og fengið að nýta tölvuþekkingu sína, líkt og síðar er komið að.

Að Sogni hefur verið starfrækt réttargeðdeild síðan árið 1992. Þar áður voru engin úrræði hér á landi fyrir þá afbrotamenn sem voru veikir á geði og ýmist þurfti



Þetta hefur orðið til þess að ég hef fengið áhuga á að hjálpa veikum einstaklingum í framtíðinni. Ég hef reynt ýmislegt sjálfur og gæti gefið af mér til annarra.

að vista þá erlendis eða hreinlega í fangelsum hér heima. Pláss er fyrir sjö sjúklinga að Sogni og er hvert pláss nýtt. Húsið var upphaflega reist sem barnaheimili en síðan var því breytt í meðferðarstöð á vegum SÁÁ. Húsið hentar því kannski ekki endilega sem réttargeðdeild, en starfsfólk reynir að gera sitt best.

„Við kvörtum ekki,“ segir Fanney Björg Karlsdóttir iðjuþjálfari. „Það er þó ýmislegt sem betur mætti fara hér. Helst vantar okkur aðstöðu til að sjúklingarnir geti tekið þátt í matseld og venjulegum eldhússtörfum. Það

getur verið ansi bratt fyrir marga að fara út í lífið og þurfa að standa á eigin fótum. Hér er allt í föstum skorðum og menn fá matinn sinn á ákveðnum tíma. Úti í samfélaginu þurfa þeir að sjá um sig sjálfir, þó að við höfum oft eftirlit með þeim fyrsta kastíð.“

Sjúkrastofnun

Meðaldvalartími að Sogni er um þrjú ár, en dvöl þar er ekki bundin tíma. Margir dvelja þó lengur þar og sá sem lengst hefur verið hefur dvalið á Sogni í 17 ár. Starfsfólkið segir að það helgist fyrst og fremst af því að ekki eru til önnur með-

ferðarúrræði fyrir hann.

Á Sogni dvelja bæði sakhæfir og ósakhæfir einstaklingar, en allir eiga það sameiginlegt að hafa framíð glæp. Þeir fá viðeigandi meðferð og læra smátt og smátt að byggja lífið upp á ný og fóta sig í samfélagi manna.

Þegar einstaklingur er talinn hæfur til þess fer mál hans fyrir héraðsdóm. Tveir lögfræðingar og einn geðlæknir meta hvort meðferð sé lokið og hægt sé að sleppa viðkomandi. Stundum er það gert með kvöld um eftirlit í ákveðinn tíma, en það er einstaklingsbundið. Og stundum hafnar dómurinn beiðninni og viðkomandi fer aftur inn á Sogn. Það þarf því með öðrum orðum að dæma menn út af Sogni.

Sogn er sjúkrastofnun og þeir sem þar eru undirgangast meðferð. Stofnunin tilheyrði áður Heilbrigðisstofnun Suðurlands, en frá og með 1. apríl heyrir stofnunin undir geðdeild Landspítalans. Sjúklingarnir fá þau lyf sem þeir þarfnast og undirgangast fjölbreytt meðferðarúrræði.

Fjölbreytt iðja

Vistmenn á Sogni taka þátt í fjölbreyttri iðju fyrir utan hina eiginlegu lækni meðferð. Fyrir utan tölvuverkefnið, sem getið er sérstaklega hér til hliðar, má nefna listmálun og ýmsar hannyrðir. Þá taka vistmenn fullan þátt í umhirðu lóðarinnar, klippa runna, slá gras og hugsa um garðinn. Gróðurhús er á staðnum og þar eru ræktaðar

matjurtir sem síðan eru færðar í matjurtagarðinn.

„Hér er nóg að gera ef þú vilt gera eitthvað,“ segir vistmaðurinn. Sjúklingarnir hafa færi á að sýna frumkvæði í því sem þeir vilja gera, líkt og tölvuverkefnið er gott dæmi um. Þá má nefna að þeir sýndu því áhuga að spila golf og gengu þá sjálfir í að koma sér upp golfvelli á túninu. Vissulega verða þar ekki haldin Íslandsmót, en völlurinn er gott dæmi um þá sjálfsbjargarviðleitni sem leitast er við að rækta hjá þeim.

Staðurinn er með smárútu og reglulega er reynt að fara með sjúklingana, þá sem treysta sér til þess, í lengri ferðir. „Við förum reglulega að Þingvöllum, líklega eins og flestir Íslendingar, höfum farið að Skógum að Geysi og í Selvog, svo dæmi séu nefnd,“ segir Drífa Eysteinsdóttir starfsmaður. Þá nefnir hún sérlega ánægjulega heimsókn að Sólheimum.

„Síðan förum við náttúrlega reglulega í búðarferðir og lyftum okkur líka upp og förum í sund, bíó eða leikhús. Við förum til dæmis að sjá Ladda. Auðvitað eru okkur skorður settar og við getum ekki farið hvert sem er með sjúklingana. Þá eru gæslumenn með í för. Sjúklingarnir reyna hins vegar allir að koma með, því þetta er tilbreyting í hversdagsleikanum.“

Þegar Sogn færðist undir Landspítalann færði Heilbrigðisstofnun Suðurlands vistmönnum að gjöf flatskjá og leikjatölvu. Eitt af því sem menn gera sér til dundurs að Sogni er að fara í Singstar-leikinn, sem er keppni í söng. Ekki eru þó allir tilbúnir í slíkt, enda er maður óvída berskjaldaðri en með mikrafón í hönd. „Maður verður samt

Heklið er minn sjúkdómur

„Ég er veikur af sjúkdómi sem ég losna alls ekki við og það er að hekla. Ég er búinn að hekla húfur á hálfu þjóðina,“ segir einn vistmannanna. Hann á forláta húfusafn af þéttriðnum húfum í öllum regnbogans litum. Og félagar hans eru ánægðir með húfurnar sem hann hefur gefið þeim.

Hann segist ekki aðeins gefa af sér með húfunum, hann styðji ýmis góðgerðasamtök. „Mér finnst gott að styðja og styrkja og hefur alltaf þótt.“

Heklarinn er einnig mikill bíla- og tækjaáhugamaður og í herbergi hans er að finna fjöldann allan af blöðum um það áhugamál hans. Þrátt fyrir áhugann hefur honum ekki tekist að seðja hann með mörgum bílferðum. Hann segist enda búa við annan sjúkdóm einnig; hann sé svo heiftarlega bílveikur. Hann verður því að láta sér blöðin nægja.

Og á meðan blöðin eru skoðuð, eða húfurnar heklaðar, er hlustað á tónlist. Rúnar Júlíusson er í miklu uppáhaldi og diskur sem gefinn var út honum til minningar. „Mér finnst lagið sem hann syngur til að kveðja mjög áhrifa-



LISTFENGI Húfurnar eru list ilega heklaðar.

mikið. Stundum finnst mér eins og ég sé að fara og þá hlusta ég á þetta lag.“ Spurður hvort tónlistin hafi ekki bara þessi áhrif á hann samsinnir hann. „Jú, Rúnar hefur áhrif á alla sem hlusta á hann.“

FRAMHALD Á SÍÐU 30

Mik líhvellur







MotorMax

Opið um helgina:
Lau 10.00 - 16.00
Sun 12.00 - 16.00



Húsbílar • Hjólhýsi • Felliýsi • Tjaldvagnar • Batar
Sæpotur • Mótorhjól • Torfæruhjól • Fjórhjól
Vélsleðar • Fatnaður • Sumar- og vetrarvörur

Allt að 70% afsláttur!!

Nokkur verðæmi	Verð áður	Verð nú	Afsláttur
 DETHLEFFS SUMMER EDITION Hjólhýsi	2.990.000	1.990.000	1.000.000
 DETHLEFFS VARI 580/2 TK Hjólhýsi	4.690.000	3.690.000	1.000.000
 STARCRAFT 2102 Felliýsi	1.699.000	1.290.000	409.000
 STARCRAFT 2407 Felliýsi	1.929.000	1.490.000	439.000
 CAMP-LET ROYAL Tjaldvagn	999.000	860.000	139.000
 CAN-AM OUTLANDER MAX 650 Fjórhjól	2.010.000	1.599.000	411.000
 YAMAHA XT660X SUPERMOTO 08 Krosshjól	1.250.000	890.000	360.000
 YAMAHA YZF-R6 08 Mótorhjól	1.943.000	1.450.000	493.000
YAMARIN HARD TOPP 59 Batur	3.790.000	2.790.000	1.000.000
FORD DETHLEFFS F 6915 Húsbíll	13.200.000	9.820.000	3.380.000
STARCRAFT ROADSTAR Pallhýsi	1.200.000	990.000	210.000
YAMAHA GRIZZLY 450 08 Fjórhjól	1.410.000	1.090.000	320.000
SEA DOO RXT X Sæpota	2.345.000	1.880.000	465.000

YAMAHA

can-am

ski-doo

NOJAN

Camp-let

FRANK THOMAS

SCOTT

Xlite

MAZDA

STARCRAFT

rukka

IBSS

SEA DOO

Dethleffs

MotorMax

Mótormax • Kletthálsi 13 • Sími 563-4400 • www.motormax.is



UPPBYGGING Fanney Björg Karlsdóttir og Drífa Eysteinsdóttir vinna að því að byggja vistmenn upp og búa þá undir þátttöku í samfélaginu á ný.



GARÐURINN Hann minnr á fangelsigarð, garðurinn sem er við Sogn. Hann er hins vegar ekki notaður nema fyrir körfuboltaíðkun, enda nær sólin vart inn í hann.



FAGURT ÚTSÝNI Útsýnið úr herbergjum vistmanna er fallegt.

GERT VIÐ TÖLVUR
Vistmenn að Sogni gera við tölvur og setja saman í heilar vélar. Þær á síðan að gefa góðgerðarstofnum.



GJÖFIN Gróðurhúsið að Sogni var keypt fyrir tilstuðlan gjafar Rósu Aðalheiðar. Þar rækta vistmenn sér matjurtir og sumarblóm.

FRAMHALD AF SÍÐU 28

að geta gert grín að sjálfum sér, annars er maður ekki maður með mönnum," segir vistmaðurinn.

Uppbygging

Líkt og í öðrum meðferðum gengur starfið á Sogni út á að byggja upp þá sem þar dvelja. Margir þeirra eru skemmdir af áralangri fíkniefnanotkun sem hefur samtvinnast geðsjúkdómnum sem þeir glíma allir við. Fanney segir að slíkt sé orðið gríðarlega algengt.

„Við sjáum varla hreinan schizopren lengur, ef svo má að orði komast. Það á ekki bara við um Sogn, heldur víðar í heilbrigðiskerfinu. Menn hafa verið lengi í fíkniefnaneyslu sem magnar upp alla sjúkdóma.“

Drífa tekur undir það og segir það gera alla meðferð erfiðari. „Menn bregðast mun verr við þeim lyfjum sem við gefum þeim þegar eitruð eru komin í spilið. Svo er oft spurning hvort kemur á undan, eggid eða hænan. Var sjúkdómurinn til staðar áður en farið var út í neyslu eða hefur áralöng neysla kveikt hann? Allt þetta gerir okkur erfiðara fyrir.“

Tvisvar í viku kemur fulltrúi frá AA-samtökunum að Sogni til að vinna með sjúklingunum. Þá eiga þeir margir hverjir sína persónulegu styrktaraðila sem sinna þeim líka. Kennari kemur einnig tvisvar í viku og sjúklingar ganga í skóla. Vistmenn að Sogni hafa sumir hverjir útskrifast sem stúdentar á meðan þeir dvelja þar og hafið háskólanám.

Tölvuviðgerðir

Verkefnið á Sogni endurspeglar það sem er í gangi í samfélaginu hverju sinni. Ákveðin verkefni eru í gangi

á hverju sem gengur, en síðan hafa vistmenn færi á að koma sínum hugðarefnum að. Þannig varð tölvuverkefnið til.

„Hann kom einn morguninn og sagði: „Fanney, ég fékk frábæra hugmynd.“ Hann er nú sá allra morgunfúlasti en þarna hafði hann engan tíma í það, heldur lýsti því fyrir mér að við ættum að fara að gera við tölvur. Ég kann sjálf ekki á tölvur og vissi því varla hvaðan á mig stóð veðrið. Við ákváðum hins vegar að taka nokkrar tölvur inn til reynslu og síðan hefur þetta gengið ótrúlega vel. Strákarnir bíða fyrir utan iðjuna klukkan hálfellufu á morgnana eftir að komast í vinnuna og kvarta yfir því að vera reknir í mat á hádegi,“ segir Fanney Björg.

Viðkomandi vistmaður sýnir blaðamanni verkstæðið. Hann segir menn allt of oft gefast upp á tölvum um leið og eitthvað fer að hiksta í þeim. „Stundum þarf ekki annað en taka örgjafaviftuna upp og hreinsa rykið sem er undir henni, þá er tölvan í fínu lagi. Í öðrum þarf að skipta um móðurborð eða minni. Ég þúsla saman úr þeim tölvum sem ég fæ inn, því í öllum er eitthvað heilt. Úr verða tölvur sem einhver getur nýtt sér.“

Sjálfur setur hann upp stýrikerfi í þeim og er ekki í nokkrum vafa um hvaða kerfi virkar best: Linux-inn skal það vera. Hann kvarta þó yfir því að hafa ekki aðgang að netinu þar sem stýrikerfið styðst við það.

Jafningjastuðningur

„Þetta hefur gengið vonum fram- ar. Það er magnað að fylgjast með honum því hann hefur þurft að kenna hinum strákunum hvert handtak. Hann hefur sýnt ótrúlega þolinmæði og verið til fyrirmyndar. Með þessu læra þeir líka

Gaf fé í minningu fórnarlamb

Rósa Aðalheiður Georgsdóttir lenti í skelfilegri lífsreynslu árið 1947. Hún bjó í braggahverfi við Háteigsveg. Hinn 3. maí var hún í þvottahúsinu að sinna daglegum störfum sínum. Veit hún þá ekki fyrir til en dóttir hennar, átta ára gömul, kemur alblóðug og grátandi til hennar. Hún rauk inn í hilylin og þar stóð ókunnur karlmaður sem hafði myrt tveggja ára dóttur hennar. Maðurinn réðst að Rósu og lagði nokkrum sinnum til hennar. Eldri dóttur hennar tókst að flýja og Rósa sjálf komst við illan leik á eftir henni. Maðurinn átti við geðsjúkdóma að stríða og hafði um hríð verið vistaður á Kleppi. Hann átti ekkert sökótt við þær mæðgur en ákvað dag einn að fara út og myrða einhvern, hvern sem væri.

hvað þeir eru færir um,“ segir Fanney.

Þessi jafningjastuðningur hjálpar sjúklingunum sjálfum til bata. Á Sogni dvelst til dæmis einhverfur sjúklingur sem í raun ætti kannski fremur heima annars staðar. Tölvusérfræðingurinn hefur tekið hann undir sinn verndarvæng og nú er svo komið að sá yngri vill ekki einu sinni fara í búðir nema sá eldri komi með. Þannig myndast tengsl sem koma báðum til góða og sú ábyrgð sem þessu fylgir er skref í átt til bata.

„Þetta er bara ánægja fyrir mig og gefur mér gott í lífið. Þetta gleður mig örugglega meira en hann. Þetta hefur orðið til þess að ég hef fengið áhuga á að hjálpa veikum einstaklingum í framtíðinni. Ég hef reynt ýmislegt sjálfur

og gæti gefið af mér til annarra,“ segir tölvusérfræðingurinn.

Skelin molnar

Hann hefur gengið í gegnum tím- ana tvenna og líkt og fyrr var minnst á dvaldi hann um skeið á Litla-Hrauni. Þá hafði hann verið lengi í eitruðlyfjaneyslu. Hann segir nauðsynlegt að komast af Hrauninu, þar hafi honum reynst ómögulegt að halda sér edru, enda hægur vandi að komast í dóp þar.

„Þegar maður lifir þessu lífi, að vera í neyslu og þeim heimi sem því fylgir, þá myndast skel utan um mann. Hún er nauðsynleg til að lifa af í þeim heimi. Eftir því sem ég dvel hér lengur finnst mér þetta hvernig skelin fer að myljast utan af mér.“

Iðjubjálfunin er mikilvægur þáttur meðferðarinnar og eykur

Rósa ákvað í árslok 2004 að gefa fé til réttargeðeildarinnar á Sogni til minningar um dóttur sína, Kristínu Kjartansdóttur, sem varð fórnarlamb hins geðsjúka. Rósa er níræð og býr á Hrafnistu. Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur og einn stjórnarmanna sjóðsins, segir hana mikinn mannvinn sem hafi ákveðið að styðja við það starf sem unnið er að Sogni.

„Henni varð alltaf hugsað til þessarar geðveilu manna af miklum kærleika, ekki í neinum hefndarhug. Hún ákvað að stofna þennan sjóð til stuðnings þeim sem ósakhæfir eru og hefur lagt töluvert fé í hann.“ Björgólfur Guðmundsson lagði sjóðnum einnig til töluvert fé. Hreinn segir hlutverk sjóðsins fyrst og fremst að styrkja réttargeðeildina með kaupum á ýmsu því sem nýtist sjúklingunum.

færni sjúklinganna í athöfnum daglegs lífs. Lögð er áhersla á mætingu, einbeitingu, lágmarks- úthald, frumkvæði í verkum og það að fylgja leiðbeiningum. Þá er mikið lagt upp úr skipulagi og framkvæmd.

Þær tölur sem öðlast hafa endurnýjun lífdaga í höndunum á vistmönnum Sogns verða boðnar góðgerðarsamtökum að gjöf. Sú hugmynd kemur frá vistmönnum sjálfum og með því vilja þeir styðja mæðrastyrksnefnd og álíka samtök.

Þannig vilja þeir gefa af sér, á sama hátt og þeir hafa þegið af öðrum. Sjúklingarnir á Sogni eiga sér allir fortíð sem hefur komið þeim á stofnunina. Þeir horfa hins vegar til framtíðar í þátttöku í samfélaginu. Til þess er unnið á Sogni.



KALDIR DAGAR

Kæliskápar, frystiskápar og frystikistur á FRÁBÆRU TILBOÐI



Whirlpool

Bauknecht

BEKO

SEVERIN

Indesit

EUROLINE

Scan domestic

VERÐDÆMI

Scancool SB105
86sm og 95 lítra
FRYSTIKISTA

Tilboð 39.995
Fullt verð 56.995

VERÐDÆMI

Scancool SKS260
144sm KÆLISKÁPUR
með 250 lítra kæli

Tilboð 64.995
Fullt verð 72.995

VERÐDÆMI

Euroline C340
187sm KÆLISKÁPUR
með 90 lítra frysti

Tilboð 89.995
Fullt verð 99.995

VERÐDÆMI

Whirlpool ARC1699
179sm KÆLISKÁPUR
með 375 lítra kæli

Tilboð 99.995
Fullt verð 119.995

VERÐDÆMI

Indesit BAAN13PX
188sm KÆLISKÁPUR
með 93 lítra frysti

Tilboð 109.995
Fullt verð 139.995

VERÐDÆMI

Whirlpool ARC7474
189sm KÆLISKÁPUR
með 72 lítra frysti

Tilboð 129.995
Fullt verð 149.995

STÁL

NO FROST

**Einnig útlitsgallaðir kæliskápar
með miklum afslætti!**



ALLAR STÆRÐIR
ALLAR GERÐIR



Heimilistæki

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

www.ht.is

REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS
SUDURLANDSBRÁUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARARSBRÁUT 18A | EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700

Umbrotatímar í bílaiðnaðinum

Skuldsettir bílaframleiðendur standa illa í heimskreppunni sem skollin er á og horfur eru á mikilli uppstokkun í þessum lykiliðnaði hins hnattvædda hagkerfis. Að sögn *Auðuns Arnórssonar* ætlar Fiat sér að koma út úr kreppunni sem stærsti sigurvegarinn.

Mikið umrót á sér nú stað í bílaiðnaði heimsins. General Motors, sem í áratugi var stærsti bílaframleiðandi heims, kann fyrir lok þessa mánaðar að vera tekinn til gjaldþrotaskipta, og Chrysler, sá minnsti af bandarísku „risunum þremur“, er nú þegar í gjaldþrotsmeðferð. Ford er sá eini af Detroit-risunum sem sér fram á að geta bjargað sér upp á eigin spýtur í gegnum kreppuna miklu sem skollin er á og kemur sérstaklega hart niður á skuldsettum bílaframleiðendum.

Bezta vonin sem Chrysler á um að eiga sér framhaldslíf er að tilboð Fiat Group SpA, stærsta bílaframleiðanda Ítalíu, um að yfirtaka Chrysler í áföngum og stýra endurreisn fyrirtækisins upp úr rústum gjaldþrotsins, gangi eftir. Samkomulagið felur í sér að Fiat fái til að byrja með tuttugu prósent hlut í „nýja Chrysler“ á móti sjúkratryggingasjóði starfsmanna Chrysler og öðrum kröfuhöfum. Hlutur Fiat hækki svo í áföngum í 35 prósent og gerist félagið meiri-hlutaegandi frá árinu 2013.

Marchionne fullur metnaðar

En Sergio Marchionne, forstjóri Fiat, ætlar ekki að láta þar við sitja. Hann á nú í viðræðum um að Fiat yfirtaki einnig Evrópu-eild GM, en uppistaðan í henni er þýzku Opel-verksmiðjurnar. Til hennar heyra líka Vauxhall, systurmerki Opel í Bretlandi, og sænsku Saab-verksmiðjurnar. Hugmynd Marchionne er að gera úr fyrirtækjunum þremur – Fiat Auto, Opel og Chrysler – eina samsteypu. Hún myndi með ársframléiðslu upp á meira en sex milljónir bíla (miðað við sölutölur ársins 2008) veita Volkswagen-samsteypunni samkeppni um að vera annar stærsti bílaframleiðandi heims á eftir Toyota.

Þau tíðindi urðu reyndar hjá Volkswagen í vikunni, að áform Porsche-sportbílasmiðjunnar þýzku um að stækka hlut sinn í VW úr 51 í 75 prósent runnu út í sandinn vegna fjármögnunarsvandkvæða. Þess í stað verða fyrirtækin tvö sameinuð í einu sameiginlegu eignarhaldsfélagi. Með því verður Porsche aðeins eitt af hinum mörgu merkjum VW-samsteypunnar. Auk VW eru þau Audi, Skoda og Seat, að viðbættum sport- og lúxusbílamerkjunum Lamborghini, Bentley og Bugatti. Þá á VW líka kjölfestuhlut í Scania-vörubílasmiðjunni sænsku.

Störf gegn ríkisábyrgðum

Lykilatriði í áformum Marchionne um yfirtöku Fiat á Opel er að honum takist að sannfæra þýzka ráðamenn, bæði í sambandsríkisstjórninni í Berlín og í þeim sambandslöndum (fylkjum) Þýskalands þar sem Opel-verksmiðjur eru, um að áformin skili því að sem flest störf haldist í Þýskalandi. Á móti ætlast Marchionne til að raunarleg lán með þýzkri ríkisábyrgð fái til að fjármagna verkefnið.

Marchionne vonast til að það dugi til að fá viðkomandi þýzka ráðamenn á sitt band að lýsa fyrir þeim sýn sinni um að stofna stór-ana, nýjan, evrópskan bílaframleiðanda, sem geti nýtt sér alþjóðlega stærðarhagkvæmni til að standa vel að vígi í samkeppninni á heimsmarkaði.

Á fimmtudag var fullt í þýzkum fjölmiðlum að þýzk stjórnvöld væru tilbúin með viðbragðsáætlun ef til gjaldþrots GM skyldi koma. Samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir að mun fleiri störf myndu tapast í Þýskalandi við slíkt gjaldþrot en ef áform Fiat um yfirtöku á Evrópu-eild samsteypunnar gengju eftir.

Reyndar hafa fleiri aðilar sýnt áhuga á Opel, ekki sízt austurrísk-kanadíski íhlutaframleiðandinn Magna. En Fiat þykir vera í mun sterkari stöðu eins og sakir standa.

„Draumahjónaband“

„Við munum læra ýmislegt af hvor öðrum,“ segir Marchionne um samruna Opel og Fiat í viðtali við Financial Times í vikunni. „Þetta yrði algert draumahjónaband iðnaðarlega.“

Marchionne höfðar einnig til Evrópuhugsjónarinnar: „Þetta er raunverulegt tækifæri til að sýna að Evrópusambandið virki sem bandalag,“ hefur FT eftir honum. „Ef við gerum þetta ekki ber það vott um að okkur hafi mistekizt að koma á skilvirkum innri markaði Evrópu.“

Fái Marchionne sitt fram verður hið nýja, sameinaða fyrirtæki sett á markað strax í sumar, og þá undir nýju nafni. „Mér finnst Fiat/Opel hljóma vel,“ segir hann. „En ef þeir vilja hafa Opel-nafnið á undan er það líka allt í lagi mín vegna.“

Samlegðaráhrif

Að sögn Marchionne fælist mesti ávinningurinn af þessum samruna Fiat og Opel í samlegðaráhrifum í framleiðslu minni og meðalstórra bíla. Þau myndu skapa möguleika



MÖRG STÖRF Í HÚFI Unnið að smíði Opel Insignia-bílum í verksmiðju Opel í Rüsselsheim í Þýskalandi. 26.000 manns starfa hjá Opel í Þýskalandi, sem er um helmingur alls starfsfólks Evrópu-eildar GM. NORDICPHOTOS/AFP

á að spara kostnað. En þau munu líka óhjákvæmilega fela í sér fækkun starfa og lokun einhverra framleiðslueininga, sem gerir málið pólitískt viðkvæmt þegar stjórn-málamenn og forsvarsmenn verk-alyðsfélaga eru komnir með hendur í spilið.

Evrópu-eild GM rekur nú tíu verksmiðjur (þar sem ýmist eru framleiddar vélar og aðrir íhlutir eða heilir bílar eru settir saman) – þar af eru fjórar í Þýskalandi eins og áður segir. Fiat heldur úti ellefu verksmiðjum í fjórum Evrópulöndum.

Aðkoma Fiat að Chrysler yrði í formi stjórnunar og með því að leggja til bílvélar og aðra tækni fyrir minni bíla, sem Chrysler skortir tilfinnanlegast til að eygja aftur möguleika á að öðlast þá samkeppnishæfni sem þarf til að fyrirtækið nái að verða arðbært á ný, að gjaldþrotameðferð og skuldaafskriftum afstöðnum. Yfir átta milljarðar Bandaríkjadala töpuðust á rekstri Chrysler í fyrra. Nærri þriðjungur samdráttur varð í sölu bíla fyrirtækisins (af merkjunum Chrysler, Dodge og Jeep) á síðastliðnu ári miðað við árið á undan.

Það er af sem áður var. Fyrir 25 árum framleiddu „risarnir þrír“ enn átta af hverjum tíu bílum sem seldust í Bandaríkjunum. Á árinu 2008 var þetta hlutfall orðið vel innan við helmingur.

Sporin hræða

Fyrri reynsla evrópskra bílaframleiðenda af yfirtöku á bandarískum er ekki góð. Daimler-Benz, fram-

leiðandi Mercedes-Benz, yfirtók áttatíu prósent hlut í Chrysler árið 1998. Þær vonir sem bundnar voru við hið sameinaða fyrirtæki DaimlerChrysler rættust aldrei og í maí 2007 fór svo að Chrysler var aftur selt út úr samsteypunni til fjárfestingarfélags fyrir brot af því fé sem Daimler hafði lagt því til.

Enn verr fór fyrir Renault frá Frakklandi er fyrirtækið fór á átunda áratugnum í samstarf við American Motors Corporation (AMC), en það var þekktast fyrir framleiðslu Jeep-jeppanna. Því samstarfi var slitið árið 1987 þegar Chrysler keypti AMC.

Setur þrýsting á aðra

Samrunaævintýri Fiat-forstjórans er þó talið setja stóruakinn þrýsting á aðra meðalstóra bílaframleiðendur að huga að því að snúa bókum saman. Er þar sérstaklega horft til frönsku keppinautanna PSA, sem framleiðir Citroën og Peugeot, og Renault. Renault á nú þegar í samstarfi við japönsku Nissan-verksmiðjurnar.

Hvað sem úr verður er ljóst að miklir umbrotatímar eru nú í bílaiðnaði heimsins. Gamlir risar falla og nýir munu rísa.



GAMALL RISI FELLUR Merki General Motors flagnar af reykhláfi á bílaverksmiðju í Janesville í Wisconsin, þar sem framleiðslu hefur verið hætt. NORDICPHOTOS/AFP

Metnaður til að mynda risasamsteypu



Fiat Group Automobiles
(Fiat, Alfa Romeo, Lancia, Abarth, Fiat Professional)
verður skilið frá móðurfélaginu

Fjöldi seldra bíla: 2,15 millj. (2008)
Starfsmenn: 53.000 (31.12. 2008)

Nýtt fyrirtæki á að verða til við yfirtöku á:



Evrópu-eild GM

Í fyrstu Opel
(seinna líka Saab og Vauxhall)

Fjöldi seldra bíla: 1,46 millj. (2008)
Starfsmenn: 26.000 (maí 2009)



CHRYSLER



Yfirtaka í fyrstu á 20% upp í 35% hlut, stefnt að meirihluta frá árinu 2013

Fjöldi seldra bíla: 2,01 millj. (2008)
Starfsmenn: 54.000 (maí 2009)

Disney

í Hagkaup



2.499.-



2.499.-


DVD



699.-



2.499.-



1.699.-



2.499.-



699.-

BÆKUR



1.990.-



2.990.-



2.490.-



1.990.-



2.890.-

TÖLVULEIKIR



4.799.-



4.799.-



Mikið úrval af
Disney vörum á
amerískum dögum

Fáanlegt í Smáralind, Kringlunni, Skeifunni, Holtagörðum, Garðabæ og á Akureyri.

Gildir til 15. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



JÓN EIRÍKSSON DRANGEYJARJARL MEÐ DRANGEY Í BAKSÝN Verið er að vinna að hafnarframkvæmdum við Reykjaströnd þar sem þessi mynd er tekin. Fjórar mílur eru frá Drangey sem þarna er í baksýn og að höfninni svo þetta hefur verið dagóður sundsprettur hjá Gretti. Grettislaug er við höfnina, á bak við Jón. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Bækurnar í fallegasta bandinu eru ekki alltaf skemmtilegastar

Hann er oftast kallaður Drangeyjarjarl enda hefur hann farið með þúsundir ferðamanna út í eyna. *Jón Sigurður Eyjólfsson* ræddi við **Jón Eiríksson** frá Fagranesi og komst að því að hann hefur hitt Gretti Ásmundarson sem hvílir, mest allur, við túnfótinn. Jarlinn segir frá því þegar hann var álitinn ruglaður þegar hann fór, aldraður maðurinn, að heimsækja móður sína.

Iáratugi hefur Jón Eiríksson frá Fagranesi farið með ferðamenn yfir í Drangey, siglt með suma umhverfis eyna og farið upp á topp hennar með þá sem djarfari og fótfrárru eru. Hann fagnaði 80 ára afmæli sínu í janúar síðastliðnum og þegar blaðamaður náði ekki sambandi við hann eftir fjölmargar símhringingar í vikunni var farinn að læðast að honum sá grunur að Drangeyjarjarlinn væri sestur í helgan stein og svaraði engu kalli samtímans. En þá er svarað í símann og þegar haft er orð á því að reynt hafi verið lengi að ná í hann svarar hann: „Já, ég var á grásleppu svo það var ekki von að þú næðir í mig. Eg fór líka út í eyju og það hefur hrunið heilmikið úr henni. Það er svona, alltaf er það svo að allt önnur eyja heilsar manni að vori en kvaddi að hausti.“ Sem sagt, jarlinn var eins og hann átti að sér að vera.

Höfnin kostar eina lýtaaðgerð

Verið er að gera umfangsmiklar endurbætur á höfninni á Reykjaströnd en þaðan er oftast farið út í Drangey. Þar er einnig laugin þar sem Grettir laugaði sig eftir Drangeyjarfundid fræga. Jón sækir þó ferðalanga einnig á Saudárkrók og Hofsós. Nýtt og glæsilegt timburhús hefur verið reist að Reykjum en þar verður boðið upp á gistingu og aðstöðu til að elda og snæða. En þegar Jón er spurður um kostnað við framkvæmdir sínar geta svör hans verið á ýmsa vegu. „Ég segi það nú svona meira í gríni þegar ég er spurður hvað hafi kostað að gera bryggjuna í Drangey,“ segir Jón, „að hún hafi kostað á við and-

litslyftingu einnar konu.“ Hann vill þó ekki segja til um hvaða kona fékk þessa dýru lýtaaðgerð en einhvers staðar las hann að hún hefði kostað um fimm milljónir. „Reyndar hefur hrunið hellingur á bryggjuna svo það er ekki gott að segja hvor hafi látið meira á sjá,“ segir hann og hlær við. Einnar viku rekstur á forsetaembættinu er síðan verðmiðinn sem hann setur á rafstöðina sem hann hefur gert í hljóðinni.

Ruglaður karl að spyrja eftir mömmu sinni

Árin virðast fara vel með bóndann á Fagranesi og reyndar hans nánustu líka. „Mér þótti ég alls ekki svo gam-

Stökur Jóns Eiríkssonar

Um fyrri ísbjörninn sem kom í Skagafjörðinn í fyrra. Þess verður að geta að Skíðastaðir eru í eyði.

Mjög er landsins vaskleg vörn verður fátt til skaða. Ekki hvítur bitur björn bændur Skíðastaða.

Jón fírást oft yfir því að ekki megi gefa meðaflann sem kemur í grásleppunet. Þótti honum síðan yfirgangur yfirvalda keyra um þverbak þegar maður á Ísafirði var sektaður fyrir að míga í sjóinn.

Nú gefst tæpast nokkur ró, næsta fátt má veiða og migir þú í saltan sjó sektir þarft að greiða.

all hérna fyrir nokkrum árum þegar ég var að heimsækja hana móður mína. Mér er nú minnisstætt þegar ég kom eitt sinn á ellideildina til hennar. Þá hafði sú gamla brugðið sér frá og ég spurði eina stúlkuna sem greinilega var nýbyrjuð hvar hún móðir mín væri. Stúlkan sagði sínu samstarfsfólki að til hennar væri kominn eldgamall karl sem greinilega væri ekki með öllum mjalla því hann væri að leita að mömmu sinni.“ Móðir Jóns, Birna Jónsdóttir, lést í fyrra, 102 ára að aldri.

Kerlingin einsömum í tvær og hálfu öld

Jarlinn lætur ekki hjá líða að segja sögu Grettis þegar hann fer með ferðamenn út í eyna. Ekkert er til sparað við frásögnina. „Ég var eitt sinn að segja fólkinu frá því þegar Þorbjörn öngull var að reyna að ná saxinu af Gretti þegar hann var dauður,“ rifjar Jón upp. „Þá hélt hann svo fast um það að þeir náðu því ekki af honum hvernig sem þeir reyndu. Nú, það hefur brunnið við að þegar ég lýsi því hvernig Þorbjörn heggur höndina af Gretti þá kippist konurnar við, svo þær finna til með Gretti dauðum.“ Ein kona í Skagafirði kippist þó seint við en það er Kerlingin; kletturinn sem stendur sunnan við Drangey. „Hún er búin að vera karlmannslaus síðan 11. september 1754. Karlinn var norðanmegin við Drangey en hann hrundi í miklum jarðskjálfta þennan örlagadag. Þá voru þeir Eggert Ólafsson skáld og Bjarni Pálsson náttúrufræðingur í tjaldi í Sléttuhljóðinni. Í þessum látum hrundi svo mikið úr Ketubjörgum að þeir sáu brimskaflana hinum megin í firðin-



Þannig að það eru 156 kílómetrar milli bols og höfuðs á Gretti ef Vatnsskarð er farið.

um og það eru um 30 kílómetrar. Frá þessu segir í Ferðabókinni. Já, það held ég nú.“

Hitti Gretti á miðilsfundum

Grettir er aldrei langt undan þegar Jón er annars vegar. Leiði forn-kappans er við túnfótinn á Fagranesi en síðan virðist Grettir sjálfur oft taka sér far með jarlinum út í eyna þar sem hann hélt til sína síðustu daga. Það kemur í ljós í spjalli okkar Jóna þegar jarlinn er spurður hvort hann telji einhverja vætti halda til í eyinni. „Ég veit það ekki,“ svarar hann. „Annars hefur Grettir komið á miðilsfund til mín. Já, já, hann kom að hitta mig svo ég spurði hann um hitt og þetta.“ Og hvað fór ykkur á milli? „Ja, hann sagðist vera með mér oft og passaði að ég segði enga vitleysu. Já, hann sagðist vera mér vinveittur. Hann hefur reyndar komið tvisvar. Í fyrra skiptið var það á miðilsfundi hjá honum Þórhalli en þá var ég nýbúinn að setja legstein við leiðið hans á Fagranesi. Og hann sagði að steinninn færi vel. Svo ég spurði hvort hann væri á réttum stað og þá sagði Grettir: „Já, nokkuð svona, annars er þetta farið að dreifast.“, Blaðamaður spyr hvernig beri að skilja þetta svar Grettis, er hann á víð og dreif? „Ja, það hefur náttúrulega verið grafið oft þarna. Nú og svo var hausinn grafinn annars staðar. Nú, Þorbjörn hjó af honum hausinn og fór með hann heim og geymdi hann þar í útibúri í salti. Svo fór hann til Bjargs og ætlaði að heyja féránsdóm eftir Illuga sem náttúrulega var samsekur Gretti og Þorbjörn taldi sig eiga arf eftir hann. En þá dreif að

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

maí 2009

Sumarlegt salat

Matreiðslumeistararnir Alfreð Ómar Alfreðsson og Arnþór Stefánsson deila með lesendum uppskrift að kjúklingasalati sem bragðast best með sólina í augunum.

SÍÐA 5



Kollt og svalandi

Sorbet og sjeik að hætti Kristínar V. Óladóttur hjá Vigtarráðgjöfunum.

SÍÐA 6



Bæði hversdags og spari

Í nýjasta matreiðslumeistaraverki sínu kennir Nanna Rögnvaldardóttir hvernig búa má til dýrindismáltíð úr því sem til er í ísskápnum. Hún deilir með lesendum Fréttablaðsins uppskrift að austurlenskum lax sem virkar jafn vel á virkum degi sem á veisluborðinu.



Matreiðslumeistarinn Nanna Rögnvaldardóttir er ekki lengi að töfra fram litríkan, sumarlegan og meinhollan austurlenskan lax.

Þar sem rétturinn er bæði fljótlegur og einfaldur má vel réttlæta að útbúa hann á virkum degi, þó hann færi ekki síður vel á veisluborði.

„Í þennan rétt má allt eins nota annan fisk, til dæmis silung eða steinbít,“ segir Nanna. Það er einmitt í anda hinnar nýju matreiðslu-

bókar hennar, Maturinn hennar Nönnu. „Hugmyndin kviknaði í haust í kjölfar bankahrunsins. Ég vildi sýna fólki hvernig það getur nýtt afgangana og það sem til er í ísskápnum en haldið samt áfram að búa til góðan mat.“

Í bókinni eru ýmsir fróðleiksmolar sem gott er að styðjast við í eldhúsinu. Þar eru líka leiðbeiningar um hvernig hægt er að matreiða fyrir einn. „Margir nenna ekki að matreiða fyrir sjálfa sig. En það er óþarfi að hugsa svoleiðis. Það má

til dæmis nota sama hráefnið tvo daga í röð, til að búa til tvo gjörólíka rétti.“

Bókina tileinkar Nanna börnum sínum og barnabörnum. „Þau voru soddan sérvitringar en hafa lagast með árunum,“ segir hún og hlær. „Börnin hafa hjálpað mér mikið. Ég hefði sennilega aldrei farið út í að skrifa bækur ef ekki væri fyrir hreinskilni þeirra og matvendi.“

- hhs

FRAMHALD Á BLS. 4

Mikið úrval vandaðra grilla frá Þýskalandi

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400



24.900
FULLT VERÐ
29.900

Ryð-
fritt

69.900
FULLT VERÐ
79.900

16,5
kw/h

49.900
FULLT VERÐ
59.900

16,5
kw/h

Ryð-
fritt

139.900
FULLT VERÐ
159.900

18,7
kw/h

Opið laugardag til kl. 16

FERSKT, EN EKKI BRASAÐ

Sólveig Gísladóttir

Þegar sólin hækkar á lofti, gróðurilmur fyllir vitin og vökustundum fjölga í takt við meiri birtu verður breyting á matarvenjum margra. Í staðinn fyrir þunglyndislegar djúpsteiktar franskar kartöflur og subbulega hamburgara skammdegisins eru nú á borðum léttir og sumarlegir réttir á borð við kjúklingasalöt og grillaðan silung með léttri sósu úr AB-mjólk.

Það sem veldur þessari umbreytingu er líklega hugarfarið. Löngunin til að lifa heilbrigðu lífi verður letinni yfirsterkari enda léttist lundin jafnharðan og træn laufgast. Þyngslum vetrarins, sem oft verða til þess að enginn staður virðist betri en sófinn fyrir framan sjónvarpið, er varpað af herðum Íslendinga. Þeir skunda út í fyrstu sólarglætuna til að fá sér göngutúr í Laugardalnum með viðkomu í Kaffi Flóru með tilheyrandi hollum kræsingum að hætti Marentzu Poulsen.

Íslendingar hafa hin síðari ár orðið mun meðvitaðri um hollt fæði. Kótleittur brasaðar upp úr smjöri heyra til undantekninga meðan ofnsteiktur lax með gufusöðnu grænmeti virðist vera hinn ný heimilismatur á mörgum heimilum.

Sjálfbærni er einnig orð sem hefur skotið sér niður í íslensku þjóðfélagi. Matjurta- og kryddjurtagarða má finna víða í heimahúsum enda tæknin orðin þannig að lítið mál er að vera með ræktun í geymslunni eða bílskúrnum. Þannig rækta sumar fjölskyldur sitt eigið grænmeti og krydd. Þá hafa sumar fjölskyldur breytt einu horni garðsins í kartöflugarð enda getur uppskera að hausti nýst langt fram á vetur og jafnvel fram á sumar. Má segja að tvennum tilgangi sé náð; peningar sparast og heilsunni er hampað.



SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:



Gyða bakar einkum úr því sem er hollt og hið nýbakaða brauð uppfyllir ágætlega þau markmið.

FRÉTTABLAÐI/ANTON

NOTA ÞAÐ SEM VEX

Gyða Ölvisdóttir geðhjúkrunarfræðingur lætur hugmyndaflugið flæða þegar brauðbakstur er annars vegar.

Gyða hefur áhuga á hollustu, hreyfingu og öllu sem að heilsunni snýr. Hún sækir líka kraft í listsköpun og dæmi um afrakstur þess eru eldhúsfliðarnar sem hún málaði sjálf. „Ég lít heilðrænt á líkama og sál. Maður er það sem maður hugsar og borðar,“ segir hún. Hún kveðst aðallega leita eftir uppskriftum sem innihalda hollustu og þessa uppskrift að speltbrauðinu hafi hún fengið hjá vinkonu sinni á Akureyri. „Það er alltaf möguleiki að breyta til með hráefnið. Döðlunum má sleppa og nota frekar sölþurrkaða tómata, ólífur, gulrætur eða annað. Ég blanda saman mjöltegundum og nú hafði ég íslenskt byggmjöl til helminga á móti speltinu því ég vil nota það sem vex í kringum okkur,“ segir Gyða sem bakaði fyrir okkur brauð og skreytti með graskersfræjum.



Hér hefur íslenskt byggmjöl verið notað til helminga á móti spelti.



SPELTBRAUÐ

5 dl spelt
2 tsk. lyftiduft vitastens
1/4-1/2 tsk. natron
2 dl þriggja korna blanda
250 g döðlur brytjaðar
1 og 1/2 dl sjóðandi vatn
2 dl AB mjólk

Setjið döðlurnar í skál, hellið vatninu yfir og látið biða í smá stund. Blandið þurffnumum saman og vætið í með AB mjólkinni og vatninu með döðlunum. Setjið degið í aflangt, vel smurt formkókumót og bakið brauðið í 30 til 40 mínútur við 180 gráður.

KitchenAid

FRÁBÆR VORTILBOÐ **90** 1919-2009

KitchenAid og Einar Farestveit leggjast á eitt og lækka verð á KitchenAid hrærivélum og blöndurum!



Artisan KSB52
TILBOÐSVERÐ
25.900
FULLT VERÐ 31.900
LITUR: Í LIT
MARGIR LITIR Í BODI



Artisan KSB52
TILBOÐSVERÐ
24.900
FULLT VERÐ 29.900
LITUR: HVÍTUR

Ekki missa af þessu!



Artisan KSM150
TILBOÐSVERÐ
61.900
FULLT VERÐ 72.900
LITUR: STEINGRÁ



Artisan KSM150
TILBOÐSVERÐ
59.900
FULLT VERÐ 69.900
LITUR: HVÍT

Tilboðin gilda aðeins í stuttan tíma!

Tilboðin gilda hjá Einari Farestveit og umboðsaðilum um land allt.



Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

VERSLUN SÆLKERANS

Ísbúðin Erluís

Aðóknin í ísbúðir landsins eykst eftir því sem nær dregur sumri og Ísbúðin Erluís í Fákafeni 9 er þar engin undantekning. „Eigum við ekki bara að halda því áfram leyndu,“ svarar Sumarliði Gunnar Halldórsson, sonur eigendana Guðrúnar Erlu Sumarliðadóttur og Halldórs Egils Guðnasonar, beðinn um að ljóstra upp leyndarmálinu á bakvið aðráttarafl íssins þar á bæ. Viðurkennir að þær fjölbreyttu bragðtegundir sem boðið er upp á hafi sín áhrif. Ís með súkkulaði-bragði, mokka, vanillu og fleira er þar að finna. „Á ísinn er svo hægt að fá alls kyns ljúffengar ísdýfur, svo sem lúxus súkkulaði og lakkrís,“ bendir hann á og bætir við að líka megi velja um átján tegundir af kúlúis og krap og sorbet séu í góðu úrvali.



FRÉTTABLAÐI/GVA

matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir og Vera Einarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

BESTU VINIR OKKAR ERU FÆREYINGAR

LAUNUM ÞEIM VINARGREIÐANN



ÞEGAR ÞÚ FERÐAST MEÐ SMYRIL LINE HEFST FRÍÐ STRAX VIÐ BROTTFÖR.
Viðfangsefnið er að láta sér líða vel, hvílast, borða góðan mat á einhverjum af veitingastöðunum um borð, fara í verslanir eða ræktina og svo er næturklúbburinn opinn á hverju kvöldi. Þegar á áfangastað er komið ekur þú úthvöldur í land og heldur áfram ferð þinni. Einstaklega rólegur og afslappandi ferðamáti sem stöðugt fleiri nýta sér.

Norræna er í eigu margra hluthafa og Færeysku þjóðarinnar. Norræna brúar Atlantshafið og opnar Íslendingum möguleika á að taka bílinn með í sumarfríð ásamt ótal öðrum ferðamöguleikum.



VIKULEGAR SIGLINGAR FRÁ ÍSLANDI



TAKTU BÍLINN MEÐ Í FRÍÐ

Þegar þú ferðast með Norrænu tekur þú bílinn með þér og allan þann farangur sem kemst með í ferðalagið. Pakkið farangrinum í bílinn heima, akið um borð í Norrænu, slakið á og njótið rólegheitanna í sólarhring eða tvo og akið í land fersk og vel úthvöld á áfangastað. Að hafa bílinn með í fríð gefur mikla möguleika og þú sparar bílaleigubíl.

Njótið frelsisins sem fylgir því að ferðast í eigin bíl. Möguleikarnir eru margir – allt undir ykkur sjálfum komið. Þegar líður að heimferð, pakkið farangrinum og innkaupum í bílinn, nú eruð þið laus við að bera og draga hann með ykkur. Síðan akið þið með farangur börn og innkaup heim að dyrum.

DANMÖRK

Njóttu danska vorsins eða sumarsins í notalegum akstri um Danmörku. Leigðu þér sumarhús eða gistu á einhverju af þeim fjöldamörgu tjaldsvæða sem eru í boði um alla Danmörku og notaðu dvalarstaðinn sem bækistöð til að fara í skoðunarferðir til bæjanna. Leiktu úti með börnunum og grillaðu með fjölskyldunni á kvöldin. Í stuttu máli sagt – friður og ró til að njóta tímans með fjölskyldunni á þann hátt sem þið viljið. Við getum einnig boðið upp á 11.000 sumarhús í Danmörku, allt frá einföldum ódýrum sumarhúsum til lúxus sumarhúsa með öllum búnaði. Fyrir þá sem ætla að gista á tjaldsvæðum er gott að skoða tengla okkar á heimasíðu smyril-line.is

ÓDÝRAR VORFERÐIR MEÐ NORRÆNU



**DANMÖRK
22.200**

Verð frá kr. 22.200 á mann m.v. fjóra í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Tökum að okkur heimakynningar.
ATH!
VSK af þegar pantað er á netinu!
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

BASARINN
Markaður Grensáv. 7. Föt, bækur, bú-áhöld... Ódýrt. Opíð kl. 10-16. Lokað laugard.

Fyrirtæki

Hárstofa til sölu/ lei
6st., 2 vaskst. Lækkað verð! Góð stofa & staður fyrir öflugt fagfólk. Uppl. í s. 848 9816.

Ýmislegt

Víl kaupa SWAN stól svart eða brúnt leður. Ekki eftirlíkingu. Uppl. sendist á, spostur@visir.is

Bílskúrsala á morgun sunnud. 10 maí að Ásbúð 80, jarðhæð. Milli kl. 11-15. S: 863 3186

HEILSA

Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183, www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE VEFVERSLUN - Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þynjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Tantric Massage of Sacred touch
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!

3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tibet nudd. Opíð frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd! S. 823 8280.

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið



AM/PM INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE

Level I: 4 weeks Md to Fr; 18-19:30 or 13-14:30 start:11/5. Level II: 7w: Md,Wd,Fr, 20-21:30 or 10-11:30 st: 11/5 Level III: 10w:Tue,Thu, 20-21:30: st:11/5. Level IV: 4w:Md to Fr 13-14:30: st: 1/6. Ármúli 5, s.5881169 - www.icetrans.is/ice

NÁMSKEIÐ - Maí -

Silfurleir skartgripanámsk. 11.-13.

Viravirkiskart 7.& 14.

Silfursteypun 9.

Perlufestar 18.

Silfurstar 19.

Hnifagerð 11.-14.

Tálgun 22.-23.

Tréútskurður 23.-24. Útskurður í horn 16.

HANDVERKSHÚSIÐ Bolholti 4 s:5551212

Ökukennsla

www.aksturinn.is S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla. Kenni allan daginn alla daga. Akstursmat og endurtökupróf. S. 893 4515.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Fatnaður

Buxnastytingar og viðgerðir. Saumagallery Chaemsri Laugaveg 70 S. 552 1212.

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is

Eina löggilda hundaræktunin í landinu. Sími 566 8417 bjóðum visa/ euro raðgreiðslur.

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu Glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar á www.leiguibudir.is

www.heimkynni.is
Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

www.leiguherbergi.is
Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.

Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.

Uppl/info í s. 824 4535. www.leiguherbergi.is



Íslenskir hvolpar til sölu. Gullfallegir hreinræktaðir íslenskir hvolpar til sölu. Tilbúin til afhendingar 14. maí. Uppl. í síma 899 2121 og á www.steinegg.is/isrima

Smáhundagæsli inni á heimili án búra, hef leyft. Gunnvör s. 820 0878, 566 8066.

Sætur 8 vikna kassavanur kettlingur fæst gefins á gott heimili. S. 893 2309.

Ýmislegt

Innanhúsráðgjöf
Langar þig að breyta eða bæta heimilið eða fyrirtækið? Fáðu ráðgjör. Helena Hörn Innanhússtílisti helena39@hive.is S. 820 5227.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög
- SPÁNN -
Fallett raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860. Geymið auglýsinguna!

Gisting

Gisting, tjaldsvæði, salur f. hópa. www.borgarvirki.com info@borgarvirki.com

Falleg 3 herbergja íbúð í Torrevieja á Spáni til leigu. Lækkað verð 40.000kr. vikan. Uppl. s. 554 2149 / 868 4110

Gisting Jyderup / Danmörk www.123hjemmeside.dk/islandskstrik

Fyrir veiðimenn

Helgartilboð
MITCHELL
REYNISVATN
Mitchell kaststöng 270 cm með veiðihjóli og girni. Aðeins kr.10.000,-
REYNISVATN - GRAFARHOLTÍ
reynisvatn.is 554-2060/699-3890

Ódýrir laxamaðkar til sölu. Uppl. s. 562 5013 eða 866 8112.

Silunganet - Silunganet

Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavik. Sími 892 8655.

Til sölu nýtyndir laxa og silungamaðkar. Laxamaðkurinn 40kr. Silungamaðkurinn 30 kr. Uppl. í s. 864 5290.



Til leigu Glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar á www.leiguibudir.is

www.heimkynni.is
Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

www.leiguherbergi.is
Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.

Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.

Uppl/info í s. 824 4535. www.leiguherbergi.is

15 MÁNADA LEIGA SEM ÞU MUNT EIGA
RADHÚS OG ÍBÚÐIR
www.leigu.is
kimeh.f@internet.is
5:618-4497
ATH! LEIÐAD VERÐ

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT

Leiga.is
Löppid leigumíðun

Vinsælasta leigumíðun landsins*
Sími 615 4422
*sík. notendur

KARFTU AD LEIGJA?

Vantar eignir á skrá
Öflug leigumíðun.
husaleiga.is
LÖGGIÐ LEIGUMÍÐUN. Sími 433 1000

LMH.IS
Leigumíðun Hafnarfjarðar
517-0150

Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

4 herb. 130fm nýppert og glæsilegt raðhús með garði til leigu í 111 Rvk. Laus strax. Húsið er í rólegu hverfi og stutt í alla þjónustu. Uppl. í s. 895 7304.

einbúli svæði 250 garður, 5 herb, heitur pottur, trygging, gæludýr leyfð, laus strax

Rúmgott herbergi í 101 til leigu með aðgangi að baði og eldhúsi. Uppl. í s. 770 6090.

Til leigu 142fm 6 herb. eldra einbúli í Hfj. Leiguv. 160p. Laus 1 júní. S. 861 2763.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 92fm, 3herb. íbúð m/sérinnangi 111 Rvk. V. 100 p. hiti og rafm innf. + 2 mán fyrirfr. Uppl. í s. 867 1070.

Þingholtsstræti 80m2 íbúð á efstu hæð í fjölbýlishúsi í hjarta miðborgarinnar. Glæsilegt útsýni yfir tjörnina og Reykjanesfjallgarðinn. Leiga 130p. S. 820 4004.

2ja her. íbúð til leigu í 221. Laus.95p+hit og rafm.+2mana fyrirfr.s.861 0690.

Arnarsmári Kópavogi, 3ja herb. mjög fin íbúð til leigu. 80fm. Þvottahúsið á hæðinni. Íbúðin er á þriðju hæð. Hússjóður og hiti innifalið í leigunni. Stutt í strætó, Smáraskóla og Smáralind. Langtímaleiga. Uppl. í síma 8990560

Single 41 year old man and his 14 year son like to rent a room in an apartment, in stet for cleaning. I Send a e-mail to islendingur67@hotmail.com

Snyrtileg einstaklingsíbúð, stutt frá verslunarmiðstöð, með tengi fyrir þvottavél. Uppl. í s. 864 7222.

2 pokoje Hafnar. nie w piwnicy ,ladne 61m.do wynajecia 95 tys + 2 mies. zabezpieczenie 6905864,lub oddam za przejecie kredytu bez koniecznosci 20 %owplaty ,koszta to 0,25% sumy kredytu i koszta przepisania mieszkania

Um 65 fm 2 herb. íbúð í kjallara í einbýli við hvannhólma, Kóp. sérinnng, laus, reglusemi áskilin. V. 85p. steindors@internet.is

Laus strax! 3ja herb. íbúð 80fm í 108. Langtímaleiga. V. 116p. innifalið húsgj. & hiti. s. 896 6077.

Herb. til leigu í póstr. 105, miðbæ Rvk. Húsg. fylgja. Uppl. í síma 895 0482.

Herbergi til leigu í vesturbæ 1 jun - 1 sept. Leiga 25.000 Uppl. í síma 6906359

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði, eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábuin rúm. S. 892 5309.

Meðleigandi óskast í 110m2 íbúð í álfamyri, leiga 60pús, innifalið 2 herb. og aðgangur að eldhúsi og baði. Uppl. s. 868 1461.

Lítið einbýlishúsi til leigu að Vatnsenda í Kópavogi. Uppl. í s. 862-2078.

Til leigu 2ja herb. íbúð í 101 Rvk. íbúðin er 62fm og nýtekin í gegn. Leiguverð 80pús. Einn mánuður fyrirfram. Uppl. hjá Jónasi í s. 861 3664.

Húsnæði óskast

Takið eftir!
Vantar allar gerðir leiguhúsnæðis á skrá.
Uppl. veitir Rúnar P. á RE/MAX Senter í s.6974881 eða runar@remax.is

Óska eftir 2-3 herb. íbúð á sanngjörnu verði. Langtímaleiga. Uppl. s. 869 8230.

Barnlaus hjón óska eftir 3-4 herb. íbúð, þarf að vera bílskur eða vinnuástaða. S. 823 1479.

Traustur leigjandi óskar eftir leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða stúdíó til 3 herb íbúð, ábyrgist traustar mánaðargreiðslur sími 8665056.

Óskum eftir 3-4 h. íbúð á svæði 104-105. Skilvirkum greiðslum og reglusemi heitið. Hafði samband í s:534 5891 e.1700

Reglusamt par óskar eftir rúmgóðu einbýli til leigu á sanngjörnu verði. Rekum netverslun frá heimili okkar. Æskileg staðsetning er 101-108. Langtímaleiga. Nánari uppl í síma 840 5221 eða hed-inng@simnet.is

30 ára par búsett í Köben óskar eftir íbúð í Rvk (101-108) frá 5-30 júní. S.+45-41626623 eða ibudijuni@gmail.com

Reglusöm fjölsk. óskar eftir 4 herb. íbúð í langt.leigu frá 1.ág. í Garðabæ eða nágrenni. Meðmæli ef óskað er. uppl. í síma 772-5157 Axel.

75fm 3 herb. íbúð á sv. 111. 90p. á mán. innif. rafm. & hiti. Laus 1 júní. S. 772 4101 & 849 0437.

62 ára kona óskar eftir lítilli íbúð í langtímaleigu. Hámark 70 pús. S: 661 6361

Atvinnuhúsnæði óskast. Lítil hópur handverks- og listamanna óskar eftir að taka á leigu iðnanaðar / skrifstofu / verslunahúsnæði. S. 8573829

ÁLFTANES-HÚSNÆÐI ÓSKAST TIL LEIGU. Ó.E. 4 herb eða stærra. Óruggar greiðslur. Uppl. 695-4075, Ásdís.

Par með barn og hund óskar eftir þæginnlegri íbúð með sér inngang og garði. Greiðslugeta í kringum 100 p. S. 869 1626.

Óska eftir 3 herb. íbúð helst á svæði 270. Skilvisum greiðslum heitið. uppl. á gunnlaugurthor@simnet.is eða 857-3065 eftir hádegi.

Sumarbústaðir



Til sölu 23 fm. bjálkahúsi. Einangrað og klætt með 9 mm. krossvið. Nýir gluggar og hurð. Uppl. í s. 660 1813.

Óska eftir að kaupa sumarb. í ngr. Rvk. á '5-8 m. + hjólh. ca 1,8 m. Uppl. s: 8933278

Húsafell - til leigu
80fm sumarhúsi til leigu fyrir félagsamtök eða fyrirtæki. Fallegur bústaður og mjög vel staðsettur. Stutt í gólf, sund og aðra útivist. Uppl. s. 825 0050.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 105fm iðnaðarhúsnæði við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. uppl. í síma 8943028.

Óska eftir ódýrri aðstöðu fyrir báta-smíði. Allt kemur til greina. Uppl. s. 691 3002

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Ópið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

Bilageymsla fyrir allar gerðir ökutækja. Snyrtilegt húsnæði. 15.000 kr á mánuði. Hafði samband í síma 864 3061

20feta Frystigámur óskast
Óska eftir að kaupa 20 feta frystigámur góðu lagi. Uppl. í s. 862-2005

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Til leigu ódýrt 65-100 fm upphitað geymsluhúsnæði í Rvk. Uppl. í s. 899 7710.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

www.leiguherbergi.is
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!

Fullbúnaður lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

Gista.is / S. 694 4314
2ja-3jahaerbergja íbúðir á Akureyri. Uppábuin rúm, Internet, ADSL TV.



Atvinna í boði



Panorama Restaurant óskar eftir vönum og íslensku mælendi starfsmönnum til að sjá um morgunverð, vinnutími frá ca.5.30-13.30 unnið á föstum vöktum. Umsóknir sendast á fb@centerhotels.is



Öryggisfélagið
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfylling ofl. Skilyrði; góð þjónustulund og hreint sakarvottorð. Lágmarksaldur 23 ár. Öryggisfélagið ehf. Áskaldin 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir á staðnum. www.115.is

STÖRF.IS
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnu-auglýsinga. Leitinn hefst hjá okkur.

Ertu með meirapróf?
Viltu vinna í Noregi? Kunnáttu í norðurlandtungumáli æskileg. Góð laun í boði. Áhugasamir hafið samband í s. 0047-9191-9796.

Starfsfólk í þríf
Geysir Shops í Haukadal óskar eftir starfskrafti í þríf. Gisting á svæðinu möguleg.Umsóknir sendist á elmar@geysirshops.is

Óskum eftir röskum starfskrafti í afgreiðslustarf í bakarí-bistró. Uppl. í s. 770 2023.

Óskum eftir kokk/matróð á veitingastað Hótel Lunda í Vík í Mýrdal frá 20.mai-1.október. Húsnæði á staðnum Uppl. 866 4891

Potrzebujemy kobiety do pracy (fil-etowanie). Zapewniamy zakwaterowanie. Blizsze informacje pod nr tel. 840 4581

Óskum eftir bakara eða vönum aðstoðarmanni. allar uppl. gefur Bergur Vilberg kökukhús Vestmannaeyjum GSM: 898 2466 S:481 2664.

Handþrjónakonur
Geysir Shops óskar eftir handþrjónakonum. Áhugasamir sendi tölvupóst á elmar@geysirshops.is eða hringi í s. 555 2808.

HÁRFÓKUS VANTAR STARFSMANN
Hárfókus óskar eftir hársnyrtmeistara eða sveini til starfa. Hárfókus er AVEDA stofa miðsvæðis í Reykjavík. Uppl. veitir Grímur í síma 693 0965.

VÁ! 844 dollarar á 10 klist! Skoðuðu málið á http://www.IncomePumper.com/islenska

Lín Design óskar eftir umboðsmönnum í heimakynningar. Frekari upplýsingar á www.lindesign.is/umbodsmenn

EMAMI Vantar söluðómur í kynningar, hlustastar. Góðar tekjur fyrir gott fólk. Áhugasamir sendi ferilskrá á sandra@emami.dk

Fjölskylda í Berlín með 4 börn (1,3,6 og 8 ára) leitar að góðri au-pair (reyklausi, með þýsku eða ensku kunnáttu) frá 1.9.2009, í eitt ár. 30 vinnutímar á viku, 260 evrir í laun á mánuði, lestarmiði í samgöngur og flug heim um jóln. stefan.delfs@diplo.de eða elisabeth.delfs@bundestag.de sími: 004930-76289553. Fyrir meiri upplýsingar er einnig hægt að hafa samband við núverandi au-pair á siljalind@hotmail.com

Matróska óskast á veitingastað á landsbyggðinni á Norðurlandi sem fyrst. verður að vera vanur/vön skyndi-bitamatseld, heimilismatseld og góðri súpugetu, góð laun í boði! upplýsingar í s. 861 8610

Atvinna óskast

Sveit, sveit
Stúlka á 14 ári óskar eftir vinnu í sveit í sumar við að passa börn, hjálpa við heimilishald og fl. Uppl. í s. 849 6778.

34 ára húsgagna smíður. Hefur mikla reynslu af trésmíði, tréhúsi, parket, inniveggir ofl. S. 865 7293 jary@visir.is

Viðskiptataekifæri

Viðskipti 21 aldarinna
Hefur þú fengið nóg af innantómum loforðum? Áttu draum um eigið viðskiptaveldi? Hringdu í S: 512-1604 og hlustaðu.



Fundir

Aðalfundur Samfylkingarinnar í Kópavogi verður haldinn 18. maí kl. 20.00
Venjuleg aðalfundarstört.
Allir velkomnir.

Einkamál



Chat.is
Frábær nýr íslenskur spjallvefur, ókeypis og öllum opin. Þið notið hljóðspjall (Voice Chat) til að tala saman alveg eins og í síma! Chat.is

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)



Símadómur - Gleðilegt sumar
Hringdu til okkar, við erum í sumarskapi og við viljum vera draumadísirnar þínar þegar þér hentar.
S. 908 6666 & 908 2000.

Símapjónusta Spjalldómur

S. 908 6666 & 908 2000. Ópið þegar þér hentar

Einstaklega heit auglýsing

ungrar konu sem er í alveg gríðarlegum ham og vill að þú hlustir á hana leika sér og skiljir eftir skilaboð hjá henni. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8319.

Leitar þú
yndislegar stundar með yndislegri konu? Fertug kona vill kynast karlmanni. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8283.

Indæl og hlý kona
vill kynast karlmanni með endurnærandi og slakandi tilbreytingu í huga. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8211.

Myndarleg kona
grannvaxin, 36 ára, ungleg, með fallega rödd, leitar kynna við karlmann með notalega tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8542.

Flott fertug kona
vill kynast karlmanni með stefnumót eða vinskapi í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8808.

Sextugur samk. KK
vill kynast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8350.

Mig langar að eignast símavinkonu á aldrinum 55-65 ára. Uppl. í s. 820 3247.

Rúmlega þrítug kona
leitar eftir góðum og miklum nánum kynnum. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8322.

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Skemmtanir

Hamraborg 11
200 Kópavogur

Catalina
S: 554-2166

Í kvöld spilar
Hermann Ingi
Catalina
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Frítt inn.

Önfirðingar!
Lokadagskaffi
Sunnudaginn
10. Maí kl. 15-17
Allir velkomnir

Boltinn í beinni!

GULLMANN

Auglýsingasími

5125050

FRETTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Hönnuðu nýjan blaðhaus

● Grænlandspósturinn sem gefinn er út í Nuuk hefur fengið nýtt andlit. Starfsfólk auglýsingastofunnar Hvíta húsið hefur hannað það í samvinnu við útgefendur.

„Grænlandspósturinn er meðal elstu dagblaða í heiminum og eitt það fyrsta til að prenta litmyndir. Hinn nýi haus þess lýsir öllu sem það stendur fyrir. Hann er tengdur kjarnanum í sögu Grænlands auk þess að höfða til nýrri tíma,“ segir Hrafnhildur Júlíusdóttir, markaðsráðgjafi auglýsingastofunnar Hvíta hússins. Hún fór til Nuuk, ásamt Sverri Björnssyni hönnunarstjóra og þar dvöldu þau í fjóra daga við stefnumótunarvinnu með útgefendum blaðsins sem hún segir samstilltan hóp. „Samhliða því sem við Sverrir vorum úti var starfsfólk stofunnar heima að vinna að tillögum sem það sendi okkur í tölvunni. Við þurftum að samræma gamla og nýja tímann og halda í eitthvað af arfleifðinni án þess þó að nota hundrað ára gamalt letur.“

Grænlandspósturinn er skrifaður á tveimur tungumálum, grænlensku og dönsku, og kemur út tvisvar í viku en í ráði er að fjölga útgáfudögum. Hann er blað fólksins og á sér dygga lesendur jafnt innan veiðimannasamfélagsins sem ungs nútímafólks á Grænlandi



Fyrsta blaðið með nýjum haus komið úr prentun. Stúlkan heitir Arnaq.

og í Danmörku, að sögn Hrafnhildar. Hún ber lof á framkvæmdastjórnann Ingu Dóru, dóttur hins íslenska Guðmundar Þorsteinssonar og Benediktu sem var ráðherra í heimastjórninni á Grænlandi um tíma. „Smekkur er alltaf mismunandi eftir svæðum,“ segir Hrafnhildur. „Því er nauðsynlegt að fara á staðinn þegar unnið er fyrir fólk erlendis.



Grænlandspósturinn eftir að hönnuðir Hvíta hússins hafa lappað upp á útlitið.


Nýstárleg dyrabjalla

Viggó K. Jóhannsson vöruhönnuður hefur búið til nýstárlega dyrabjöllu. Hægt er að breyta ljós- og hljóðmagni bjöllunnar eftir þörfum. Rafhlöðurnar sem eru tengdar hátalaranum eru án hljóðgjafa, en Viggó segir að hljóðið frá bjöllunni sé einungis fimmtíu ríða rafmagnsstuð.

Með verkinu er Viggó að skoða hvernig fólk hefur samskipti sín á milli. „Ég vil gjarnan greina viðfangsefni mín niður í marga hluta,“ segir hann. „Allt snýst þetta um ákveðið gegnsæi sem gengur út á að sýna veruleikann eins og hann kemur fyrir,“ segir Viggó og bendir á hvernig rafmagnsvíranir í verkinu eru notaðir í útsaum.

„Rafmagnið er það grunnnafl sem gerir allar okkar hugsanir og hreyfingar mögulegar. Aflið sem við höfum beislað til þess að knýja sköpunarverk okkar áfram.“

Viggó er upptekinn af áþreifanlega og óáþreifanlega heiminum. „Ég vil helst þurfa að taka á hlutum með báðum höndum,“ útskýr-



Hægt er að breyta ljós- og hljóðmagni dyrabjöllunnar.



ir hann og segir: „Það ætti að vera upplifun í sjálfu sér að nota hluti.“

Að sögn Viggós hefur áhugi hans á náttúruvísindum töluverð áhrif á hönnun hans og hugsun. Og talið berst að áhuga hans á rafmagni, ljósi og hljóðbylgjum: „Óáþreifanlegi heimurinn er ævintýralegur,“ tiltekur hann.

-vg

Þarf að bæta, breyta eða byggja við?

Íbúðalánasjóður veitir lán til endurbóta á húsnæði að innan og utan. Meðal annars eru veitt lán til lóðarframkvæmda og viðbóta við húsnæði. Lán geta numið allt að 80% af framkvæmdakostnaði. Hámarkslán eru 20 milljónir og lánstími 5 til 40 ár. Sömu vextir eru á þessum lánum og almennum lánum Íbúðalánasjóðs.

Kynntu þér málið:

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900 / 800 6969



Íbúðalánasjóður



INNANHÚS- OG HÚSGAGNAHÖNNUÐURINN Michael Bihain sker út kaffiborð, sem hann nefnir Iris, með laserskera úr heilli stálplötu. Við það myndast þrjú fletir til að leggja frá sér borðbúnað og blöð en auk þess fallett form. Borðunum, sem bæði fást svört og hvít, er svo hægt að stafla saman eins og stólum og sér Bihain það fyrir sér sem hentugan kost fyrir kaffi- eða veitingahús. Hann viðurkennir þó að sá eiginleiki komi ef til vill síður að notum í heimahúsum þar sem flestir láta eitt sófa- eða kaffiborð duga. „Mér finnst þó frekar flott að hafa þau hvert ofan á öðru og eflaust eru einhverjir sem kjósa það.“



heimili



Bollarnir fást ýmist einir sér eða þrjú til þrettán í hnapp.



Bollarnir koma úr öllum áttum enda leita hönnuðirnir þá uppi á flóamörkuðum.

Úr öllum áttum

Þegar horft er á gamla te- eða kaffibolla er Earl Grey eða uppáhellingur yfirleitt það sem kemur upp í hugann. Bandaríska hönnunartvíeykið Domestic Construction sá gamla bolla þó fyrir sér í allt öðru samhengi, eða sem loftljós og lét hugmyndina verða að veruleika.

Bollarnir koma úr öllum áttum og eru flestir komnir til ára sinna. Einn bolli á stangli er kjörinn fyrir mínimalistann en bollaljósin eru einnig seld þrjú til þrettán saman í hnapp.

Ljósin fást hjá Etsy Shop. Slóðin er http://www.etsy.com/shop.php?user_id=5967130

hönnun

Fljúgandi

lýsing

Í barnaherbergjum leyfist ýmislegt og er um að gera að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Þegar kemur að vali á ljósakrónu eru ýmsar lausnir í boði.

Í versluninni ILVU á Korpurtorgi má finna þessa skemmtilegu flugvélaljósaakrónu en um er að ræða gamla tvíþekju sem setur svo sannarlega svip á umhverfi sitt, hvort sem er í barnaherbergi eða annars staðar. Ljósíð nefnist Vintage og er úr gleri að hluta og er fyrir 40 vatta perur. Ljósíð kostar 15.400 krónur en einnig má fá græn og blá flugvélaljós úr plasti á 4.390 krónur.

Fljúgandi tvíþekjuljós er vissulega öðruvísi.



MYND/ILVA

MIRALE

Mirale LOKAR

500%

afsláttur af öllum vörum

við lokum sunnudaginn 10. maí

MIRALE
Fákafeni 9
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.-föstud. 11-18
laugardag 11-16
sunnudag 13-16
www.mirale.is



Salatið er frískandi og einfalt að útbúa að sögn Arnþórs.

Salat fyrir sumardaga

Matreiðslumeistararnir Alfreð Ómar Alfreðsson og Arnþór Stefánsson deila með lesendum uppskrift að kjúklingasalati sem bragðast best með sólinu í augum.

Að gæða sér á mat undir berum himni tilheyrir sumrinu og nýta margir hvert tækifæri til að ferja kræsingar út á svalir eða pall á meðan sést til sólar. Yfirleitt verður léttur matur fyrir valinu og fékk Fréttablaðið tvo matreiðslumeistara til að galdra fram sannkallað sumarsalat.

„Þetta er einfalt en um leið öðruvísi og frískandi salat,“ segir Arnþór Stefánsson, matreiðslumeistari hjá Nýja Kaupþingi, sem gerði salatið í félagi við Alfreð Ómar Alfreðsson, forseta Klúbbs matreiðslumeistara. „Það tekur ekki nema um hálf tíma að setja það saman en það er kannski auðvelt fyrir mig að segja,“ bætir hann við og hlær.



Alfreð Ómar Alfreðsson forseti Klúbbs matreiðslumeistara. Arnþór Stefánsson matreiðslumeistari Salats.

Í salatinu eru kirsuberjatómatar, appelsínur, granatepli, ristaðar kókosflögur, ferskur aspas og kjúklingur í limedufti. „Appelsín-

urnar fara vel með kjúklingnum og granateplin gefa salatinu skemmtilegan og framandi blæ. Það fer vel með baguette og góðu hvítvíni og bragðast best á pallinum með sólinu í augum.“

Deir félagar eru í miklum ham þessa dagana enda stór keppnishelgi yfirstandandi hjá matreiðslumeisturum. „Matreiðslumaður ársins fór fram í gær, Matreiðslumeistari Norðurlanda fer fram í dag og á morgun verður landshlutakeppnin Íslenskt eldhús 2009 haldin,“ segir Alfreð en Klúbbur matreiðslumeistara heldur utan um keppnirnar ásamt því að vera í forsvari fyrir íslenska kokkalandslíðið. Keppnirnar fara fram í Laugardalshöll en verðlaunaafhending verður á Hótel Sögu á í kvöld. - ve



SUMARSALAT MEÐ KJÚKLINGI

Fyrir fjóra

SALAT

- 250 g kirsuberjatómatar
- Salt
- Svartur pipar
- 2 stórar appelsínur
- 2 knippi aspas
- 2 dl appelsínusafi
- 2 stk. granatepli
- 80 g kókosflögur
- 200 g klettasalat
- 200 g salatblanda

KJÚKLINGUR

- 25 g þurrkuð lime lauf
- 25 g þurrkað garðablóðberg
- 25 g salt
- 25 g flórsýkur
- 600 g kjúklingalundir
- Grillpinnar

SÓSA

- ½ búnt steinselja
- 2 dl appelsínusafi
- 2 msk. hunang
- 2 dl mandarínulía
- salt

Skerið tómata til helminga, setjið á bökunarplötu, kryddið með salti og svörtum pipar og bakið í ofni við 100° C í 1 klukkustund. Setjið lime laufin, garðablóðbergið, saltið og sykurrinn saman í blandara og vinn-ið í duft. Kryddið kjúklinginn með blöndunni (umframkrydd má geyma og nota seinna) og látið liggja í 30 mínútur. Setjið síðan kjúklinginn á pinna og steikið á pönnu.

Skrælið aspasinn í strimla með flysjara og leggið í appelsínusafa í 5 mínútur. Skerið borkinn utan af appelsínunum og bátana síðan frá kjarnanum. Ristið kókosflögurnar á þurri pönnu. Skerið granateplin til helminga og mokið fræjunum úr með skeið.

Blandið steinseljuni, appelsínusafanum og hunanginu saman í blandara og bætið olíunni síðan út í á meðan vélin er látin vinna. Sósan er því næst smökkuð til með salti.

Að lokum er salatinu blandað saman í skál með sósunni.



NÝJAR
UMBÚÐIR
MATREIÐSLURJÓMI
HEFUR FENGIÐ
NÝTT ÚTLIT

GERIR ALLT BETRA!

www.ms.is/gottimatinn

Garðyrkjunámskeið

í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

Matjurtaræktun

Miðvikud. 13/5 og 20/5 kl. 19:00-21:30.
ATH: Þetta er síðasta matjurtanámskeiðið á þessu vori.

Verð kr. 12.500.-

Ræktun ávaxtatrjáa

Tvö kv. mán. 11/5 og 18/5 kl. 19:00-21:30.

Verð kr. 12.500.-

Ræktun berjarunna og -trjáa

Mánudaginn 18/5 kl. 17:00-18:30.

Verð kr. 3.750.-

Kryddjurtaræktun

Miðvikudaginn 13/5 kl. 17:00-18:30.

Verð kr. 3.750.-



Leiðbeinendur eru höfundar bókarinnar **Matjurtir**: Auður I. Ottesen, garðyrkjufr. Jón Guðmundsson, garðyrkjufr.



Skráning og upplýsingar í síma 578 4800 og á www.rit.is



ÍSLENSKA SÚLS SÍG. 02010 01.2008

Rifjaveisla í Grillhúsinu

Fimmtudaga til sunnudaga bjóðum við uppá rjúkandi BBQ grísaríf 1/1 skammtur 2.195 kr.- ½ 1.695 kr.-

GOTT STEIKHÚS Í 18 ÁRI! Grillhúsið Tryggvagata 20, 101 RVK, Sími: 5623456, email: grillhusid@xnet.is



Ávextir og grænmeti ýmiss konar eru bráðholl og nauðsynleg næring. Útbúa má ýmsa góða drykki og eftirrætti úr þeim sem svala vel þorsta og hungri á heitum sumardögum.

Sætir og SAFARÍKIR

Hollir og svalandi eftirrætti eru tilvaldir á ljúfum sumardögum en henta annars allt árið um kring. Kristín V. Óladóttir hvetur fólk til að borða meiri ávexti.

Hollt og gott!

Fátt freistar okkar meira en sætir og safaríkir ávextir og allir þeir frábæru eftirrætti sem við getum útbúið úr þeim,“ segir Kristín V. Óladóttir, hjúkrunarfræðingur og ráðgjafi hjá Íslensku viktarráðgjöfunum.

„Mikilvægt er að við séum meðvituð um hvað við borðum og berum fram, ekki bara okkar vegna heldur ekki síður barnanna vegna. Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni segir orðatiltækið og því vil ég hvetja alla til að borða meiri ávexti,“ segir Kristín en hún útbjó fyrir okkur auðveldar og fljótlegar uppskriftir að sumarlegum ís og drykk sem fengnar eru úr nýrri bók frá Dönsku viktarráðgjöfunum. „Bókin heitir Spis dig sund eftir Inge Kauffeldt, stofnanda samtakanna, en bókin er full af spennandi uppskriftum að hollum og góðum eftirrættum úr



Kristín bragðar hér á gómsætum ís með systurdóttur sinni, Heiðu Björk Garðarsdóttur.

FRETTABLAÐIÐ/ANTON

ávöxtum og öðru góðgæti,“ útskýrir hún og brosir.

Á heimasíðu Íslensku viktarráðgjafanna, <http://www.weightconsultants.com/is>, má finna frekari upplýsingar um Íslensku viktarráðgjafana og vörur frá þeim. -hs

Brunch

á Nítjándu alla laugardaga og sunnudaga
frá 11:30 - 14:00



Egg benedikt, stökkt beikon, fersk salöt, amerískar pönnukökur með sýrópi, nautasteik, lamb béarnaise, frönsk súkkulaðikaka og margt, margt fleira



Frábært fyrir alla fjölskylduna

www.veisluturninn.is

nítjanda.

Pantanir í síma 575-7500

E D U

SVALANDI SÆLGÆTI

HEIMALAGADUR ÍS

100 g frosin ber, til dæmis hindber eða brómber
125 g grísk jógúrt
Fljótandi sætuefni
Vanillukorn

Allt hráefnið er sett í blandara þar til ísinn verður léttur og mjúkur.

Setjið í fallegt glas og skreytið með berjum og myntu. Borðið strax.

MELÓNUDRYKKUR

150 g melóna
½ lítri Sprite Zero
Limesafi
Myntublöð
Mulinn ís

Setjið melónu, limesafa og myntublöð í blandara og blandið vel. Bætið Sprite Zero saman við. Hellið í hátt glas ásamt muldum ís. Skreytið með limesneið.

BRÁÐHOLLUR OG VINSÆLL BRAGÐBÆTIR

Laukur ýmiss konar er mikið notaður í matreiðslu og þykir hinn mesti bragðbætur. Laukur er notaður í fleiri réttum í fleiri löndum en nokkuð annað grænmeti. Sums staðar er hann notaður til bragða en annars staðar eldaður til átu einn og sér. Auk þess er hann bráðhollur og hafa rannsóknir bent til þess að hann sé góður fyrir beinmyndun og geti jafnvel minnkað líkur á beinþynningu.

Háskólinn í Bern í Sviss gerði rannsóknir með tilraunarottur og var lauk bætt í fæðu þeirra. Niðurstöður sýndu að líkurnar á beinþynningu minnkuðu áberandi mikið. Mismunandi tegundir af villtum laukum voru einnig notaðar sem lyf af indíánnum Norður-Ameríku. Líkt og í dag var laukur oft notaður sem vörn eða lyf við kvefi. Laukur var einnig notaður við höfuðverk og stíflum í ennis-holum.



Laukur þykir bráðhollur og rannsóknir benda til að hann sé góður fyrir beinmyndun og minnki líkur á beinþynningu.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



N&N

NOTAÐ & NÝTT



Tökum allar
hönnunarvörur í
umboðssölu



Erum með kaupendu að:
Egginu eftir Arne Jacobsen
Sjöunni eftir Arne Jacobsen
Legubekki eftir Le Corbusier

Notað & Nýtt
Mörkinni 1
108 Reykjavík
sími 517 2030

mán.-föstud. 11-18
laugardag 11-16

Opið

Sniðugar vefsíður

Matgæðingurinn Sigrún Þorsteinsdóttir á heiðurinn að vefsíðunni www.cafesigrun.com en þar er að finna kynstrin öll af hollum uppskriftum sem innihalda ekki hvítt hveiti, ger eða hvítan sykur. Þar eru uppskriftir að kjöt-, fisk-, og grænmetisréttum, súpum, salötum, kökum og ungbarnamat auk þess sem hægt er að skoða, prenta út og senda inn uppskriftir, senda fyrirspurnir, lesa hugleiðingar um heilsu og fleira.



Á www.svangur.is fer Árni Björn Helgason yfir grundvallaratriði í eldhúsinu. Í stuttum myndskaiðum má til dæmis sjá hann skera epli, appelsínur, lauk og sveppi eftir kúnstarinnar reglum. Þá fer hann yfir það hvernig á að úrbeina hrygg og læri, hluta niður kjúkling, gera hvíta sósu og fleira.



Á slóðinni www.eating-well.com er hægt að finna meinhollar uppskriftir í fjölmörgum flokkum. Þar eru hugmyndir að morgunmat, hádegismat, kvöldmat, nasli milli mála og ýmsu fleiru. Þá eru ráðleggingar um samsetningu fæðunnar, næringargildi fæðutegunda auk þess sem gefnar eru hugmyndir að fæðuvali fyrir fólk með ákveðna sjúkdóma eða fólk á tilteknum aldri.



VIÐ MÆLUM MEÐ...



...EINFALDRI isgerðarvél eins og þessari sem býr til einn lítra af ís á aðeins 35 mínútum. Vélin sem kallast Philips HR2304 fæst í Heimilistækjum og kostar 12.995 krónur.

...HREINU OG TÆRU íslensku vatni. Svo er ekki verra ef það er kolsýrt. Wasser-maxx-sóðavatnstækin eru einföld í notkun og hægt að stjórna því hve mikil kolsýra er sett út í vatnið. Það má síðan bragbæta með ýmsum efnum. Tækið fæst í nokkrum litum í Heimilistækjum og kostar frá 19.995 krónum.



...NÝJUM SERVÍETTUM með myndum eftir listakonuna Heklu Björk Guðmundsdóttur, en lopapeysu-serviettarnar eftir hana hafa notið töluverðra vinsælda. Vorboðarnir lóan og tjaldurinn eru að þessu sinni viðfangsefni Heklu. Servíettupakkinn kostar 690 krónur og fæst meðal annars í versluninni Kokku.



...BABELL-DISKUNUM frá Koziol. Í vor- og sumarlinunni í ár eru tveir þrilitir diskar, annar er blár og hinn grænn. Neðsti diskurinn er dekkstur og hinir fyrir ofan hver öðrum ljósari. Diskarnir fást í tveimur stærðum og hægt er að setja þá tvo efstu af þeim minni ofan á þann stærri til að búa til fimm hæða disk. Babell-diskana má taka í sundur og stafla í öfuga röð, svo þeir taki minna pláss þegar þeir eru ekki í notkun. Fást meðal annars í Kokku, minni gerðin kostar 2.500 krónur og sú stærri er á 4.500 krónur.



Blaðberinn minn fer með mér í Sorpu

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinnna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinnna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

→ ÖRLÖG GRETTIS EFTIR AÐ HANN FER ÚT Í DRANGEY

Grettir fer til Drangeyjar með Illuga bróður sínum og Glaumi þræli. Ásdís móðir þeirra kvaddi þá með þessum orðum:

„Mun ég hvorigan ykkarn sjá sinni síðan ... Sjáðið þið vel fyrir svikum, en vopnbitnir munið þið verða. En undarlega hafa mér draumar gengið. Gæt ykkar vel við gerningum. Fátt mun rammara en forneskjan.“

Hafði Grettir þá verið sekur í fimmtán eða sextán ár.

Glaumur átti að halda lífi í eldi þar í Drangey en gleymdi sér við starfann og slokkaði eldurinn. Varð Grettir illur og skammaði

þræl en synti þvínæst til lands og kom að bænum Reykjum og laugaði sig í lauginni. Þarna er nú Grettislaug og skálinn sem Jón Eiríksson hefur látið reisa og bryggjan þaðan sem farið er til Drangeyjar.

Grettir særðist síðan á fæti er hann ætlaði að höggva tré sem fóstur Þorbjörns önguls hafði lagt bölvun á og látið reka að eyjunni.

Drep kemur í sárið. Kerling hvetur Þorbjörn til að fara til Drangeyjar að veða Gretti, var Grettir þá rúmfastur vegna meiðslanna.

Þorbjörn og menn hans veða

Gretti, höggva hönd hans af, til að ná saxinu, og hausinn einnig. Grettir var grafinn í Drangey, síðan voru bein hans flutt að Reykjum, þar sem Grettislaug er og því næst að Fagranesi. Haus hans liggur undir Grettisþúfu að Bjargi.

Þorsteinn Drómundur Ásmundarson, hálfbróðir Grettis, vegur Þorbjörn öngul í Miklagarði sem nú heitir Ístanbúl í Tyrklandi.

Grettir hafði á árum áður gert grín að máttleysislegum höndum Þorsteins, þótti honum þær jafnvel kvenlegar. Kvað Þorsteinn þær hins vegar þess megnugar að hefna hans.



fjölda manns og Þorbjörn hrökklaðist í burtu með hausinn. Síðan ætlaði hann að ríða með hausinn til þings og reið suður Sand, ætli það sé ekki Stórisandur. En á leiðinni guggnar hann og gróf hann þá hausinn í þúfu sem síðan er kölluð Grettisþúfa. En svo var Grettir fluttur heim að Bjargi og jarðaður þar undir annarri Grettisþúfu. Þannig að Grettir er grafinn á tveimur stöðum og ég fór eitt sinn frá Fagranesi og setti kílómetramælinn á núll þegar ég lagði af stað, og þegar ég var kominn að Bjargi þá stóð hann í 156. Þannig að það eru 156 kílómetrar milli bols og höfuðs á Gretti ef Vatnsskarð er farið. Jarlinn hristist allur meðan hann hlær að einum viðaukanum enn af Grettissögu.

Það er eins með fólk og bækur

Nokkrum sinnum hefur Jón komist í hann krappan í Drangey. Eitt sinn féll stórt grjót skammt frá höfði hans þegar hann var að síga þar og eitt skiptið féll hann í sjóinn. Hann hefur með hjálp góðra manna látið setja stiga, gera höfn og lagt stiga þar en íðulega þarf að vinna bót á öllu aftur þar sem hrun ryður öllu um koll. En fær hann aldrei leið á þessu Drangeyjarbrambolti, áttæður maðurinn? „Nei, nei. Þetta er ekki verri vinna en hver önnur. Ég fæ að umgangast margt fólk og það þykir mér skemmtilegt. Það er með fólk eins og bækur; það eru ekki alltaf bækurnar í fallegasta bandinu sem eru skemmtilegastar. Ó já, þær eru ófáar konurnar sem ég hef leitt um Tæpaskeið og fyrir Altarishornið að altari Guðmundar góða en margar verða skelfingu losnar þegar komið er að horninu. Ég hef verið óskaplega rogginn af því að margar þeirra hafa sagt við mig: „Mikið óskaplega ertu með góðar hendur.“ Það er ágætt að hafa góða hjálparhönd. Annars er það nú skemmtilegast að sjá fólk þegar það er komið upp á eyna, þá finnst því það hafa mikinn öldung að velli lagt, eins og þar stendur.“

Bládamadur fór ekki út í Drangey svo ekki fékk hann að kynna þeirri tilfinningu það skiptið en hitt er víst að hann hitti merkan öldung sem hefur margsinnis lagt mikinn öldung að velli.



VIÐ GRETTISLEIÐI Í FAGRANESI Jón spurði Gretti hvort legsteinninn væri á réttum stað. Fornkappanum var ekki svarfátt þó málið sé í raun nokkuð flókið.

» Hvers vegna að taka áhættu með aðra fartölvutegund?

Þú færð endurgreitt hjá TOSHIBA

JÁ full endurgreiðsla og þú færð vélina viðgerða líka **EF** fartölvun bilar á meðan ábyrgðin er í gildi.

Fáðu endurgreitt og haltu fartölvunni þinni ef hún bilar á meðan ábyrgðin er í gildi. Hjá TOSHIBA er aðal áhersla lögð á að bilanir verði ekki í fartölvum okkar.

Ef svo ólíklega vildi til að bilanir komi fram í TOSHIBA Tecra, Portégé eða Satellite Pro* fartölvunni þinni á meðan hún er í ábyrgð þá verður gert við hana eða henni skipt út fyrir nýja hjá viðurkenndum þjónustuaðila TOSHIBA. Tilboðið gildir um fartölvur sem keyptar eru fram til 31. maí 2009.

Þetta er engin venjuleg ábyrgð

Til að ábyrgðartilboðið taki gildi verður þú að skrá nýju fartölvuna á www.rewardpromotions.com/DEN/ innan sjö daga frá kaupum.

Sé það ekki gert verður þessi tiltekna ábyrgð ekki gild.

*Þetta ábyrgðartilboð gildir ekki fyrir TOSHIBA Satellite Pro L300 fartölvur. Tilboðið nær aðeins yfir TOSHIBA fartölvur en ekki TOSHIBA fylgihlut, sendingarkostnað og aðra tilfallandi þjónustu. Sjó fulla útfærslu gildandi skilmála á vefnum: www.rewardpromotions.com/DEN/.

TOSHIBA

Leading Innovation >>>

Toshiba Satellite PRO S300-100
1.86GHz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 120GB harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • 3G móttali • Windows Vista Business ásamt XP Pro

129.990

Toshiba Satellite Pro A300-1PX
2.26GHz Intel Core 2 Duo P8400 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 250GB harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Windows Vista Business ásamt XP Pro

159.990

LÍTIL OG NETT FARTÖVA MEÐ 13.3" SKJÁ

Toshiba Portégé M800-11D
2.06GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 3GB (1x2GB 1x1GB) DDR2 800MHz vinnsluminni • 320GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 13.3" TFT WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Windows Vista Home Premium

179.990

TÖLVU LISTINN

TLIS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

HLÍÐASMÁRA 10
S: 414 1760

Vilja ekki kannast við eyðsluna

Aðeins einn af hverjum sex sem tóku þátt í skoðanakönnun Fréttablaðsins nýlega viðurkenndi að hafa eytt mikið um efni fram þegar góðærið var sem mest. Það rímar illa við tölur sem sýna að lán íslenskra heimila hafa blásið út undanfarin ár. **Brjánn Jónasson** kynnti sér hvernig skuldir heimilanna tvöfölduðust frá aldamótum á meðan ráðstöfunartekjurnar jukust um þriðjung.

Sérfræðingar segja okkur að íslenska þjóðin hafi eytt um efni fram í góðæri undanfarinna ára. Þegar leit að er eftir sjónarmiði landsmanna kemur í ljós að færir vilja kannast við að hafa sjálfir eytt mikið um efni fram. En tölurnar tala sínu máli.

Aðstæðurnar undanfarin ár, sér í lagi 2004, 2005 og 2007, voru afskaplega hagstæðar íslenskum heimilum, að mati sérfræðinga Seðlabankans. Kaupmáttur jókst, atvinnuleysi var í lágmarki og framboð á lánsfé óx. Á sama tíma hækkaði fasteignaverð hratt, heimildir Íbúðalánasjóds til útlána rýmkuðust og bankarnir komu inn á íbúðalánamarkaðinn.

Allt þetta leiddi til þess að staða heimilanna styrktist. Greiðslubyrði minnkaði þrátt fyrir að skuldir ykjust mikið, og heimilin gátu í auknum mæli tekið lán gegn veði.

Skuldir heimilanna voru í sögulegu hámarki í árslok 2008, þegar þær voru um 272 prósent af árlegum ráðstöfunartekjum. Skuldirnar voru með öðrum orðum orðnar tæplega þrefalt meiri en ráðstöfunartekjurnar.

Hlutfallið hefur hækkað gríðarlega frá árinu 2000, þegar það var um 178 prósent. Þá voru skuldirnar tæplega tvöfalt meiri en ráðstöfunartekjur.

Í nýlegu morgunkorni Greiningar Glitnis kemur fram að þetta hlutfall sé afar hátt samanborið við önnur þróuð hagkerfi. Á meðan hlutfallið er 272 prósent hér á landi er það 134 prósent í Bandaríkjunum, 140 prósent á Spáni og 180 prósent á Írlandi.

Heildarskuldir þrefaldast

Á níu ára tímabili, frá árinu 2000 til ársloka 2008, hafa heildarskuldir íslenskra heimila ríflega þrefaldast. Árið 2000 skulduðu heimilin um það bil 614 milljarða króna, en í árslok 2008 var skuldin komin í 2.017 milljarða.

Sé tekið mið af verðbólgu, og skuldirnar um aldamót reiknaðar upp á verðlag í árslok 2008, er munurinn samt tvöfaldur. Skuldirnar hafa hækkað úr þúsund milljörðum árið 2000 í tvö þúsund milljarða árið 2008.

Heimilum landsins hefur fjölgað talsvert frá árinu 2000, en jafnvel þótt skuldunum sé deilt niður á heimilin er aukningin mikil. Árið 2000 skuldaði hver fjölskylda að meðaltali 5,5 milljónir króna.

Í lok síðasta árs voru skuldir hvers íslensks heimilis að meðaltali 16,1 milljón. Séu skuldir hvers heimilis árið 2000 reiknaðar upp á verðlag ársloka 2008 skuldaði hvert heimili að meðaltali 9,1 milljón króna. Skuldaukning hvers heimilis er því að meðaltali tæplega 77 prósent milli árunna 2000 og 2008, þegar tekið hefur verið tillit til þróunar verðlags.

Um það bil fjórðar af hverjum fimm fjölskyldum eiga fasteignir, sem gerir um 80 þúsund heimili. Af þeim sem eiga fasteign má gera ráð fyrir því að fjórðungur skuldi ekkert í eign sinni. Þar sem obbinn



GÓÐÆRI LOKIÐ Viða má sjá merki þess að landsmenn hafi ætlað sér um of í neyslulegri góðærisins. Varað var við því þegar bankarnir fóru inn á íbúðalánamarkaðinn að það gæti freistað einhverra að endurfjármagna húsnæðið og fá þannig auka lánsfé fyrir almenna neyslu.

af skuldum heimilanna er vegna fasteignakaupa deilast skuldirnar fráleitt jafnt niður á landsmenn. Skuldir hverrar fjölskyldu sem á annað borð skuldar eru því talsvert hærri en meðaltalið.

Ráðstöfunartekjur aukast

Þó að landsmenn hafi verið afar duglegir að taka lán á síðustu árum þyrfti það eitt og sér ekki að vera merki um að eytt hafi verið um efni fram. Breytingin myndi þannig litlu skipta ef auknar lántökur hefðu haldist í hendur við auknar ráðstöfunartekjur.

Ráðstöfunartekjurnar hafa aukist umtalsvert frá árinu 2000, en langtum minna en skuldirnar. Árið 2000 höfðu heimili landsins úr 569 milljörðum úr að móða, á verðlagi desember 2008. Í árslok 2008 voru ráðstöfunartekjurnar 741 milljarðar. Aukningin er um 30 prósent.

Þá á þó eftir að gera ráð fyrir fjölskyldunum á tímabilinu. Ráðstöfunartekjur meðalfjölskyldu árið 2000 voru um 5,1 milljón króna á ári, á verðlagi ársins 2008. Árið 2008 voru ráðstöfunartekjurnar að meðaltali 5,9 milljónir.

Ráðstöfunartekjur jukust því um 15 prósent frá árinu 2000 til ársloka 2008. Á sama tíma jukust skuldir hverrar fjölskyldu að meðaltali um 77 prósent.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum starfshóps Seðlabankans, sem kannað hefur áhrif fjármálakreppunnar á efnahag heimila, er mikill meirihluti skulda heimilanna vegna fasteignakaupa í íslenskum krónum. Alls hafa um 89 prósent heimila fasteignalán sín aðeins í krónum, þrjú prósent eru einungis með fasteignalán í erlendri mynt, og átta prósent hafa blönduð lán.

Skellir skuldinni á stjórnvöld

„Það þarf ekki annað en að líta á hallann á utanríkisviðskiptum til að sjá að við eyddum um efni fram,“ segir Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands. Aukin skuldsetning heimilanna sé einnig skýrt dæmi um það, þó að hluti þeirrar hækkingar skýrist af hækkingu fasteignaverðs.

Þórólfur skellir skuldinni að mestu leyti á stjórnvöld. „Að stórum hluta til var fólk að setja sig í skuldir til að geta tekið út neyslu núna út á tekjur í framtíðinni. Almennur hljóp út í þann ramma sem stjórnmálamennirnir mörkuðu,“ segir hann.

Á sama tíma og gengi krónunnar hafi verið látið á flot hafi stjórnvöld farið í þensluhvetjandi aðgerðir eins og Kárahnjúkavirkjun, skattalækkunir og hækkingu lánsflutfalls Íbúðalánasjóds, og útgjöld ríkisins hafi þanist út.



ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON

Tilhneiging til hjarðhugsunar



SIGRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR

Spurningin hvort Íslendingar hafi eytt um efni fram er röng ef hún miðar að því að koma sökinni á hruninu yfir á alla Íslendinga, segir Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heim-

speki við Háskóla Íslands. „Þessi spurning er röng ef hún hefur þann tilgang að breiða yfir rotid síðferði sem hefur grafið um sig í pólitík og viðskiptalífni og ef hún á að draga athygli frá klíkuhugarfari í pólitík og í fyrirtækja- og stofnanamenningu. Hér hafa mörkin milli stjórnmála og viðskipta máðst út í þágu skammtímagróðavæðingar,“ segir Sigríður.

„Þessi spurning á einungis rétt á sér ef þessar aðstæður eru hafðar í huga. Í litlu samfélagi er tilhneiging til hjarðhugsunar, og hér hefur ríkt mikil efnishygga, en þar fyrir utan eyðir fólk oft í samræmi við aðstæður,“ segir hún.

„Þessi spurning er að lokum röng ef einblínt er á flatskjáina og horft er fram hjá því sem Íslendingar töpuðu vegna þeirra stjórnmunar-, samskipta- og viðskiptahátta sem voru látnir líðast í skugga spillingar,“ segir Sigríður.

Neytandinn verður að hugsa


„Það er alveg augljóst að íslenska þjóðin eyddi um efni fram, það var aukinn kaupmáttur og aukin skuldasetning heimila,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta.

„Ég held að það séu miklar langanir fólks í neyslu, rúmur aðgangur að lánsfé og lítill fyrirhyggja sem hafi valdið þessu,“ segir Vilhjálmur. „Það er þversögn að skuldir heimilanna skuli aukast í góðæri. Það er alltaf neytandinn sem verður aðeins að hugsa sjálfur. Það er réttara að herða sultarólina í góðæri, og nota tækifærið til að greiða niður skuldir.“




VILHJÁLMMUR BJARNASON

Meðalskuldir hverrar fjölskyldu



Hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum heimila árið 2006



Þriðju mestu eyðsluklærnar

Íslendingar voru í þriðja sæti af átján á lista Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) yfir skuldsettu heimilin miðað við ráðstöfunartekjur vegna ársins 2006.

Árið 2006 voru skuldir íslenskra heimila ríflega tvöfalt meiri en ráðstöfunartekjur á árinu. Aðeins í Danmörku og Hollandi var hlutfallið óhagstæðara.

Einn af hverjum sex segist hafa eytt mikið eða mjög mikið um efni fram

Aðeins litlum hluta þeirra sem tóku þátt í símakönnun Fréttablaðsins nýlega þóttu þeir sjálfir hafa eytt mikið um efni fram í góðærinu. Um 16,5 prósent sögðust hafa eytt mikið eða mjög mikið um efni fram.

Um 2,3 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust hafa eytt mjög mikið um efni fram, og 14,2 prósent sögðust hafa eytt mikið um efni fram. Alls sögðust 21,3 prósent hvorki hafa eytt mikið né lítið um efni fram.


Meirihluti sagðist hafa eytt mjög litlu eða litlu umfram það sem fjárhagurinn leyfði. Um 19 prósent

sögðust hafa eytt lítið um efni fram, og 43,3 prósent mjög lítið.


Lítill munur var á svörum karla og kvenna, en karlar virtust þó frekar hafa eytt um efni fram. Þá virðast íbúar höfuðborgarinnar frekar kannast við að hafa eytt mikið umfram það sem fjárhagur leyfði en íbúar landsbyggðarinnar.

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 7. apríl, og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Finnst þér að þú hafir eytt um efni fram í góðærinu? Alls tóku 97,6 prósent afstöðu til spurningarinnar.

Finnst þér að þú hafir eytt um efni fram í góðærinu?



Skuldir íslenskra heimila



SJÁÐU LANDIÐ Í NÝJU LJÓSI

á Perception-kajak

Nú fást glæsilegir sjókajakar í Ellingsen. Ef þú kaupir sjókajak færðu 15% afslátt af fatnaði og aukahlutum.

SEALION FASTNET

Hraðskreiður og rásfastur sjókajak úr Polyethylene-plastefni sem hefur sambærilegt rennsli og sjókajakar úr trefjagleri. Stillanlegt sætisbak, ásettur stýrisbúnaður, rúmgóðar farangursgeymslur að framan og aftan. Öll bestu þægindi sem völ er á í sjókajak. Flottasti plast-sjókajakinn á markaðnum!

Lengd: 502 cm
Breidd: 58 cm
Þyngd: 27 kg
Burðargeta: 180 kg
Efni: Superliner Polyethylene
Litir: gulur og „firecracker“

Verð: 199.000 kr.

Léttgreiðslur **16.583 kr.** í 12 mán.



CONTOUR EXPEDITION

Hraðskreiður og stöðugur sjókajak úr Polyethylene-plastefni sem hefur sambærilegt rennsli og sjókajakar úr trefjagleri. Stillanlegt sætisbak (upp og niður, fram og aftur), ásettur stýrisbúnaður, rúmgóðar farangursgeymslur að framan og aftan. Öll bestu þægindi sem völ er á í sjókajak.

Lengd: 485 cm
Breidd: 64 cm
Þyngd: 27 kg
Burðargeta: 180 kg
Efni: Superliner Polyethylene
Litir: blár og hvítur, „firecracker“ og appelsínugulur

Verð: 189.000 kr.

Léttgreiðslur **15.750 kr.** í 12 mán.

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16

AKUREYRI

Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16

 **Ellingsen**


– fullt hús ævintýra



Ég fór oft með börn af götunni heim til móður minnar og það hana um að gefa þeim mat, gera að sárum þeirra eða hugga þau.

að ættleiða barn héðan. Þau fengu litlu Sóleyju til sín og allar götur síðan hafa þau veitt okkur algjörlega ómetanlega hjálp. Þau hafa styrkt okkur gífurlega mikið, til dæmis stækkað skólann, borgað fyrir okkur rafmagn svo að við getum kveikt ljós á nóttunni, hjálpað með sjúkrakostnað, upphald og fleira. Koma þeirra var eins og sólargeisli sem lýsti upp líf okkar og það er sannarlega guðs blessun að við kynntumst þeim.“ Victo segir að markmið styrktarfélagssins sé að mennta börnin svo þau geti unnið fyrir sér og séð um sig sjálf í framtíðinni. „Til dæmis hefur verið sett á fót klæðskera- verkstæði þar sem lærður klæðskerir kemur tvisvar í viku og kennir börnunum. Önnur læra til dæmis smíði, hárgreiðslu og aðrar iðngreinar og þau sem eru á skólaaldri ganga í skóla. Svo erum við með matjurtagarð og seljum örlífið af grænmeti þaðan. Markmiðið er svo að safna styrktarforeldrum til þess að sjá fyrir upphaldi og skólagöngu barnanna.“ Victo segist þó þrá það heitast að börnin á heimilinu finni fjölskyldur. „Það er svo sárt að eiga enga foreldra að. Mín heitasta ósk er að einhver barnanna geti eignast pabba og mómmu sem elska þau.“

→ BÖRN Á GÖTUM ÚTI



Lýðveldið Tógó er á hinni svokölluðu þrælaströnd vestur Afríku. Það liggur í mjórri lengju á milli Ghana og Benín. Þar sem Evrópubúar teiknuðu Tógó sjálfir upp á landakort Afríku líkt og önnur lönd álfunnar búa þar saman þrjár ættbálkar - þeir Ewé, Kabré og Mina - samtals 6,3 milljónir manna. Í landinu ríkir slæmur efnahagur, þar er lítil sem engin þjóðarframleiðsla og nærri fimmtíu prósentu þjóðarinnar er ólæst. Í Tógó ríkir ekki hungursneyð sem slík, en vatnið er mengað og hundruð deyja vegna malaríu og næringarskorts. Börn látast vegna niðurgangs, vannæringar eða umönnunarleysis þegar foreldrar og fjölskylda hrynja niður úr sjúkdómum eins og malaríu, lifrabólgu, mænusótt, eyðni og kóleru. Mæður sem því miður eru oft á tíðum of ungar til þess að geta fætt barn deyja iðulega úr barnsburði og í kjölfarið eru nýburar oft skildir eftir á götunni þar sem einhver er líklegur til að finna þau. Því miður eru örlög götubarna oftast aðeins ein: dauðinn biður þeirra.



VENJULEGU TÝPURNAR ERFIDASTAR Jóhannes Haukur Jóhannesson segir að erfiðast sé að leika venjulegar persónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á fræga ættingja í Færeyjum

Kapteinninn í Söngvaseið söng sig inn í hjörtu ófárra kvenna þegar hann kyrjaði um alparósina í austurríska Ölpunum. **Jóhannes Haukur Jóhannesson** fer með hlutverk kapteinsins í nýrri uppfærslu í Borgarleikhúsinu á verkinu. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** tók leikarann í yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Jóhannes Haukur Jóhannesson

FÆÐINGARÁR: 1980. Sama ár gaf Bubbi út Ísbjarnarblús.

Á HUNDAVAÐI: Víðistaðaskóli, Flensborg, Leiklistarskólinn, Leikfélag Akureyrar, Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið.

Vandræðalegasta augnablikið? Varðar nekt en get ekki farið nánar út í það.

Gáfulegustu orð sem þú hefur heyrt? Eltið gamla manninn.

Hvaða íslenska örnefni finnst þér fallegast? Vonarskarð.

Sumarið er skemmtilegt því þá... ..er almennilegt veður, oftast.

Gott leikverk þarf að vera... ..sett upp á svið.

Ef ég væri ofurmenni í einn dag, myndi ég... ..sinna eigin hagsmunum til hins ýtrasta.

Mér finnst best að panta mér pizzu með.... ..tómötum og oregano kryddi. Finnst samt viðbjóður að panta pizzur, miklu betra að gera þær sjálfur frá grunni.

Þú ferð í skemmtiferð til Akureyrar. Nefndu fjögur atriði sem þú munt gera í bænum. Sjá eitt hvað í leikhúsinu, fara á Amor og Karólínu, fara í sund. Það er ekki hægt að gera neitt meira.

Þú færð það verkefni að mála og skreyta Perluna - hvernig læturðu hana líta út? Ég myndi aldrei nenna því. Þó kannski láta klæða hana með hrafntinnu eins og Þjóðleikhúsið. Það þarf að

brjóta upp öll þessi Hrafntinnusker sem eru á víð og dreif.

Yfir hverju hefurðu mestar áhyggjur í augnablikinu? Framtíð þjóðarinnar.

Hvaða kæki ertu með? Enga, alls enga.

Þú ert að fara á grímuball og mátt fara í hvaða búningi sem er. Í hverju ferðu? Ég þarf alltaf að vera í búningum í vinnunni svo ég nenni aldrei að taka þátt í svoleiðis rugli.

Hvað er það besta sem þú hefur bragðað um ævina? Sushi á Ó-Sushi lestinni í Iðuhúsinu, það er best.

Hvaða frasa ofnotar þú? All in, herra minn!

Eftirlætissjónvarpsþáttur? Seinfeld, Klovn og The Simpsons.

Frægasti ættinginn þinn? Ég á fullt af frægum ættingjum í Færeyjum, allt tónlistarmenn.

Hvaða leikverk hefur þér þótt skemmtilegast, íslenskt, sem þú hefur sjálfur ekki leikið? Þú ert hér! Í Borgarleikhúsinu. Alger snilld.

Hvernig persónur er erfiðast að leika? Venjulegar.

Eftirlætiskvikmynd? Þessa dagana er það The Sound of Music.

Að lokum - ef þú byggir í Austurríki og ættir þar herragarð með sundlaug og sjö börn - hvað myndirðu ráða margar barnfóstrur? Eina fyrir hvert barn og þar á meðal yrðu útrásarvíkingar, þeir hafa ekkert að gera núna. Og þó, veit ekki hvort ég myndi treysta þeim fyrir börnunum mínum, ætli þeir myndu ekki reyna að selja þau.



Blóm gera kraftaverke

íslensk
blóm



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Hjartardóttir

Seljahlíð, Hjallaseli 55, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 12. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Styrktarsjóð Blindrabókasafns Íslands.

Guðborg Jónsdóttir
Örn Jónsson
Ólafur Jónsson
Bjarni Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Þórarinn Lárusson
Elín Jóhanna Elíasdóttir
Guðbjörg Árnadóttir
Lilja Steinunn Svavarsdóttir



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og jarðarfaraðar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigríðar Símonardóttir

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar G-2, Hrafnistu Reykjavík.

Valgerður Kr. Gunnarsdóttir
Símon Á. Gunnarsson
Kristján Gunnarsson
barnabörn og langömmubörn.

Guðmundur S. Sveinsson
Guðrún M. Benediksdóttir
Sjöfn Sigþórsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Bryndís Guðmundsdóttir

Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 26. apríl á líknardeild Landakotsspítala, verður jarðsöngin frá Háteigskirkju þriðjudaginn 12. maí kl. 15.00.

Hildur Pálsdóttir
Gísli Pálsson
Katrín Pálsdóttir
Ingibjörg Pálsdóttir
Birna Pálsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

Hafsteinn Garðarsson
Steinar Berg Ísleifsson
Helgi Pétursson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnsteinn Lárusson

skósmíðameistari, Látraströnd 20, Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu aðfaranótt 7. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Guðbjörg Ólafsdóttir

Lárus Gunnsteinsson
Ólafur Grétar Gunnsteinsson
Kjartan Gunnsteinsson
afabörn og langafabörn.

Dagmar Rósa Guðjónsdóttir
Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðmundur Óskarsson

frá Eyri, f. 30.08.1926 - d. 05.05.2009, fyrrv. lögregluvarðstjóri í Kópavogi,

andaðist að morgni 5. maí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju 14. maí kl. 15. Þeim sem vildu minnst hans er bent á Krabbameinsfélagið og líknarstofnanir.

Puríður Guðmundsdóttir
Óskar Guðmundsson
Guðmundur Ragnar, Kristín María og Ragnheiður Elisabet

Kristinn K. Guðmundsson



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarþug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Arnfríðar Krístrúnar Sveinsdóttir

Hrísmóum 1, áður Lækjarfit 6.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð fyrir góða umönnun.

Sigurlaug Stefánsdóttir
Sveinn Viðar Stefánsson
Heiða Sólrún Stefánsdóttir
Guðmundur Stefánsson
Guðný S. Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhannes Hjaltested
Sigríður Brynjúlfsdóttir
Jón Sigfússon
Uunnur Jóhannsdóttir
Hörður S. Hrafnal



Elskulegur eiginmaður, faðir, afi og langafi,

Benedikt Bjarni Kristjánsson

Þykkvabæ 5,

andaðist á Landspítalanum 7. maí 2009.

Fyrir hönd aðstandenda,

Bergþóra Gunnbjört Kristinsdóttir

Svava Benediktsdóttir
Ágúst Benediktsson
Gréta Benediktsdóttir
Ásta Benediktsdóttir

Guðmundur Birgir Salómonsson
Sigríður Margrét Sigurðardóttir
Kristján Knútsson
Sigmar Arnar Steingrímsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðfinnu P. Hinriksdóttur

frá Flateyri, Litlu Grund, Reykjavík.

Enn fremur færum við stjórnendum og starfsfólki Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar sérstakar þakkir fyrir einstaka umhyggju og alúð sem henni var sýnd.

Guðrún Greipisdóttir
Hinrik Greipsson
Eiríkur Finnur Greipsson
Guðbjartur Kristján Greipsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður Lárusson
Ásta Edda Jónsdóttir
Guðlaug Auðunsdóttir
Svanhildur Bára Jónsdóttir

Erfidrykkjur af alúð
Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og alúð. Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Útfararþjónusta
Davíðs Ósvaldssonar ehf.
Davíð Ósvaldsson
Útfararstjóri
S. 896 6988 / 553 6699

Óli Pétur Friðbjófsen
Útfararstjóri
S. 892 8947 / 565 6511

Útfararþjónusta

Sigurlaug Stefánsdóttir, S. 891 0919
Ingelína Stefánsdóttir, S. 891 0919
Ólafur Ólafsson, S. 896 0544

Sími 551 7080
Bárgata 4, 101 Reykjavík.

Vönduð og persónuleg þjónusta

STEFÁN JÓNSSON RITHÖFUNDUR
FÆDDIST PENNAN DAG ÁRÍÐ
1923.

„Það skiptir svo sem ekki máli hvernig menn hrasa en hitt getur skipt sköpum hvernig menn rísa á fætur.“

Stefán Jónsson var fréttamaður á Ríkisútvarpinu og rithöfundur. Að breyta fjalli hét ein af bókum hans.



tímamót

timamot@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐ/ANTON

FORMAÐUR AFMÆLIS-NEFNDAÐAR Eiður Haraldsson við nýmálaða kirkju Óháða safnaðarins.



KIRKJA ÓHÁÐA SAFNAÐARINS: Á FIMMTÍU ÁRA VÍGSLUAFMÆLI Á MORGUN

BOÐIÐ Í KAFFI

Kirkja Óháða safnaðarins við Háteigsveg er komin í hátíðabúning enda á að fagna 50 ára vígsluafmæli hennar á morgun með viðhöfn. Blaðamaður rölti þar við á leið úr vinnu einn daginn í vikunni. Hefur fylgst með hvernig flikkað hefur verið upp á kirkjuna og kirkjulóðina að undanförunu svo að til fyrirmyndar er og langar að forvitnast um viðburðinn sem fram undan er.

Sumarblómin við stéttina kinka glaðlega kolli og frá orgelinu berast fagrir tónar þegar stigið er inn fyrir þróskuldinn. Ekki skortir heldur gestrisnina hjá prestinum spaugsama, sr. Pétri Þorsteinssyni. „Komdu og fáðu þér súpu og brauð í neðra,“ segir hann og býður til borðsalar í kjallaranum þar sem sjálfboðaliðar við tiltekt og hreinsun eru að seðja hungrið. Þrátt fyrir ilmandi matarlykt er vistin í neðra afþökkuð og formaður vígsluafmælisnefndar, Eiður Haraldsson, leitaður uppi. Hann reynist vera úti á lóð enda fyrrverandi jarðvinnuverktaki. Tekur því samt vel að vera tafinn smástund.

„Ég man eftir mér sem barni að hreinsa mótatimbur hér með afa mínum þegar kirkjan var í byggingu. Þó að ég hafi ekki starfað mikið í söfnuðinum langaði mig að sýna þessu húsi virðingu og hef unnið hér við endurbætur síðasta ár, ásamt fleirum. Nú er allt að verða klárt fyrir afmælið enda ætlum við að gera okkur glaðan dag og vonum að bæði safnaðarfólk og nágrannar heilsu upp á okkur,“ segir hann og lýsir dagskránni með nokkrum orðum. „Dagskráin hefst klukkan 12 og verður úti við til að byrja með. Þar verður boðið upp á pylsur og brugðið á leik með yngri kynslóðinni. Blásarar spila hér líka um stund áður en messan byrjar klukkan tvö. Sr. Pétur leiðir hana og kórinn syngur undir stjórn Kára Allanssonar en hátíðarræðu flytur Hólmfríður Guðjónsdóttir, fyrrverandi safnaðarformaður til margra ára. Á eftir verður svo boðið upp á veglegar kaffiveitingar.“

Svo saga Óháða safnaðarins sé rifjuð upp þá var hann stofnaður árið 1950 en var án eigin kirkju fyrstu níu árin. Þessi var svo reist að miklu leyti fyrir gjafafé og í sjálfboðavinnu undir stjórn Einarssonar trésmíðameistara og lóðina gaf ein safnaðarkonan, Ingibjörg Ísaksdóttir ásamt börnum sínum. Gunnar Hansson var arkitekt að kirkjunni og hún hefur hlotið viðurkenningu fyrir stílfeegurð. Prestar safnaðarins hafa verið fjórir frá upphafi, sr. Emil Björnsson, sr. Baldur Kristjánsson, sr. Þórsteinn Ragnarsson og sr. Pétur Þorsteinsson sem tók við brauðinu 1995.

Eiður segir safnaðarstarfið alla tíð hafa verið öflugt. „Kirkjan á marga hollvini og þó að sóknin sé ekki staðbundin er samheldni mikil innan safnaðarins.“ gun@frettabladid.is

Eurovision partýið er í Skífunni!



Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is



5CD

1.499



2CD

Doritos
og 2L Pepsi fylgja
öllum Eurovision
diskum



NÝ TÓNLIST Í SKÍFUNNI



4CD



NÝJAR DVD MYNDIR



DVD FRÁ 999 KR.



Námskeið við fullkomunaráratu

- GERIR ÞÚ ÓHÓFLEGAR KRÖFUR TIL ÞÍN?
- ER ÞÉR SérLEGA ILLA VIÐ AÐ GERA MISTÖK?
- FINNST ÞÉR ÞÚ ALDREI GERA NEITT NÓGU VEL?

Kvíðameðferðarstöðin býður nú upp á námskeið undir stjórn Sóleyjar D. Davíðsdóttur og Sigurbjargar J. Ludvígsdóttur sálfræðinga, þar sem kenndar verða leiðir til að draga úr fullkomunaráratu. Um er að ræða sex skipti yfir tveggja vikna tímabil þar sem aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar eru kenndar. Umsóknarfrestur rennur út 2. júní n.k. og er fjöldi þátttakenda takmarkaður.



Áhugasamir geta haft samband við Kvíðameðferðarstöðina í s. 534-0110, 822-0043 eða á kms@kms.is.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Kvíðameðferðarstöðvarinnar, www.kms.is.

Stökktu til Costa del Sol

21. maí - 2. júní
frá kr. **69.990**

Verð kr. **69.990**
- 12 nætur

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 12 nætur, m.v. stökktu tilboð. Aukavika kr. 20.000.

12 náttu ferð allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætum til Costa del Sol 21. maí í 12 nætur. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Griptu tækifærið og njóttu lífsins í sumarbyrjun á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Hrein fjárfesting ehf

Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 • kvöld og helgar 893 6337

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



NOKKUR ORÐ
Júlía Margrét Alexandersdóttir

Hnakkinn á Sólun

Þegar ég var um 17 ára vann ég á kaffihúsinu Sólun. Ég var mjög sólbrún, bar á mig Clarins-brúnkukrem og lá í ljósabekkjum til skiptis. Stundum bar ég á mig gulrótarkrem fyrir ljósatímann til að ná sem dýpstri brúnku. Það verður kraftaverk ef mér endist ævin án sortu-æxla. En hvað um það. Þar sem ég er á hátindi brúnku minnar vinn ég sem sagt á kaffihúsinu Sólun. Kakóbrúnn hnakkinn sem ég var átti mun betur heima á öðrum vinnustað en þessum sem helsta listafólk landsins flykktist á til að drekka te og borða ólífur og ræða Búdapest og kvikmyndahátíð. Á þessum tíma komu listamenn og leikarar (kringum 1995) mikið á Sólun í leikpásam og rithöfundar sátu þarna í þvögunni og kölluðu „fröken“ þegar þá vantaði meira heitt vatn fyrir teið eða brauðkörfu. Það var bara nokkuð gaman



að vinna þarna. Margt ágætisfólk sem kom þangað á þessum árum. Eitt sinn kallaði virðulegur rithöfundur hér í bæ á mig og ég sneri mér snögg við til að taka við þöntun. „Senjoríta, varstu á Spáni?“ Meira að segja mér fannst eitthvað sjoppulegt að segja rithöfundinum að ástæðan fyrir höfundslitnum væri Sól og sæla svo að ég hóstaði upp úr mér hvíttri lygi: „Nei, ég var á Spáni.“ „Hann spenntist upp og hlakkaði greinilega mikið til að ræða norðurhéraugin á Spáni eða jafnvel menningarborgina Sevilla við fljóðið með hvítu svuntuna. Sem datt enginn annar staður á Spáni í hug en Benidorm. Andlitið á rithöfundinum fölnaði við Benidorm-svarið og hann horfði snögg ofan í borðið og gaf til kynna að hann vildi engin frekari kynni hafa af mér. Og ég hugsaði með mér að ég hefði betur sagt honum frá gulrótarkreminu.“

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán


Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Amerískir dagar

ekta nautasteikur á amerískum dögum



2.209 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

Ribeye úr framhrygg



2.209 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

Nautaprime úr framhrygg



2.209 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

Entrecote úr spjaldhrygg



2.079 kr/kg.
Merkt verð 3.198.-

Roaststeik úr entrecote úr spjaldhrygg



ÓDÝRT Í HAGKAUP

NEW ORLEANS SVÍNARÍF
947 kr/kg.
Merkt verð 1.579.-



TEXAS MARINERÁÐAR KJÚKLINGABRINGUR
1.949 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-



WESTERN KJÚKLINGALUNDIR
1.884 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-



RESTAURANT STYLE 2 HAMBORGARAR
503 kr/pk.
Merkt verð 629.-



Wishbone salatsósur

- Caesar Vinagrette
- Blue Chesse
- Creamy Caesar
- Italian dressing
- Ranch dressing
- Thousand Island



Edge to Edge pizzur - frá Chicago Town



Nýtt á USA dögum
399 kr/stk.

Pringles Rice Infusion snakk - nýtt bragð



199 kr/stk.

Brownies - drauma biti



Nýtt á USA dögum

Heinz súpur - finndu muninn



2 FYRIR 1 679 kr/pk.

BBQ og Buffalo vængir - heitir og góðir



ÓDÝRT Í HAGKAUP

599 kr/pk.
Verð áður 899.-

Coke 2 lítra, 4 í pakka - 2 Ltr. Coke, Coke Light eða Coke Zero



20% afsláttur v/kassa

Jim Beam & Famous Dave's - spennandi á grillið mitt



Snyder's snakk - brakandi snilld

Gildir til 10. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Sunnudag kl. 20.


Elektra-hópurinn spilar á Kjarvalsstöðum í annað sinn: Á tónleikunum á sunnudag verður haldið til Þýskalands og Austurríkis þar sem verk gömlu meistaranna, Mozarts, Beethovens og Brahms, verða í hávegum höfð. Þegar hefur Elektra Ensemble haldið eina tónleika á Kjarvalsstöðum þar sem viðkomustaðurinn var Rússland.

menning

menning@frettabladid.is

Náttúra og myndlist í safni

Í dag verður opnuð í Náttúrufræðistofu Kópavogs sýningin MINJAR, náttúra í myndlist og myndlist í náttúru. Þar gefur að líta verk sem flest eru unnin sérstaklega fyrir húsakynni Náttúrufræðistofu Kópavogs. Tengsl náttúru og myndlistar eru hér í brennipunkti í breiðum skilningi, en einnig flettast inn vangaveltur um söfn almennt og hvaða hlutverki þau hafa að gegna. Hvað leitast þau við að varðveita og passa upp á að komandi kynslóðir fái að sjá og hvaða sögu inniheldur það sem gestum er sýnt? Eftir hvaða kerfi eru munirnir flokkaðir og á hvaða hátt eru þeir settir fram til sýnis?



MYNDLIST Án titils fyrir Carl Von Linné eftir Hildigunni Birgisdóttur. MYND/NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Náttúran hefur lengi verið listamönnum hugleikin. Á þessari sýningu eiga myndlistarverkin samtalið við þá gripi sem fyrir eru. Þeir listamenn sem eiga verk á sýningunni eru: Anna Línal, Bjarki Bragason, Eygló Harðardóttir, Harpa Árnadóttir, Harpa Dögg Kjartansdóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Helga Arnalds, Hildigunnur Birgisdóttir, Hugsteypan, Hildur Bjarnadóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Jeannette Castioni, Magnea Ásmundsdóttir, Pétur Thomsen, Rósa Sigrún Jónsdóttir, Sigurrós Svava Ólafsdóttir og Unnar Örn.

Sýningarstjórar eru Ingunn Fjöla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir. - pbb

> Ekki missa af ...

Vortónleikum Kammerkórs Mosfellsbæjar sem verða í Kjarnanum í Mosfellsbæ á sunnudag kl. 17.00. Á efis-skránni eru fjölbreytt verk frá ýmsum tímabilum allt frá endurreisn fram til dagsins í dag. Stjórnandi kórsins er Símon H. Ívarsson. Ásamt kórnum kemur fram kammersveit frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og slagverksleikarar úr Listaskóla Mosfellsbæjar.

Sultur

Þess er víða minnst um þessar mundir að helsti skáldjöfur Norðmanna, Knut Hamsun, fæddist fyrir 150 árum. Hluti dagskrár af þessu tilefni hér er sýning á kvikmynd Henning Carlsen,



KNUT HAMSUN

Sulti, sem gerð er eftir samnefndri skáld sögu Hamsun sem kunn er í íslenskrri þýðingu Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi. Verður myndin sýnd

í dag kl. 16 í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði. Kvikmyndin Sultur hlaut dönsku Bodil-verðlaunin sem

besta danska bíómyndin árið 1967 og Per Oscarsson var valinn besti leikarinn í Cannes árið 1966. Jafnframt fékk hann Bodil-verðlaunin og Gullbjölluna í Svíþjóð árið 1967 sem besti leikarinn. Myndin er talin höfuðverk Henning Carlsen og varðveitir einstakar myndir af gömlu hverfunum í Kristjaníu (Oslo) sem voru rifin skömmu eftir tókur myndarinnar.

Sultur gerist árið 1890 og fjallar um rithöfundinn Pontus sem ráfar vannætur og matarlaus um stræti Kristjaníu og þráir að finna ástina og útgefanda fyrir ritverk sín. En hann verður eingöngu fyrir áföllum og þjángingu og raunveruleikaskyn hans brenglast. - pbb

FURÐA, FRÆÐI, FRAMKVÆMD

Þeir kalla hana Fræði og framkvæmd, eina af yngri námsbrautunum í LHÍ sem hóf göngu sína haustið 2005 við leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Nú í vor lýkur annar árgangur brautarinnar námi og frá og með deginum í dag byrja nemendur að sýna lokaverkefni sín á dreifðum sýningarstöðum víða um höfuðborgina. Lýkur sýningarartörnninni ekki fyrr en 17. maí.

Í þessum útskriftarhópi brautarinnar eru átta nemendur og endurspeglar útskriftarverkefni þeirra áherslu námsins á frumsköpun og eru því fjölbreytt; allt frá útvarpsverkum til innsetninga. Lögð er áhersla á að nemendur móti sér einstaklingsbundna sýn á form leiklistarinnar og er spennandi að sjá hvernig kennurum og nemendum hefur tekist til í náminu, og ekki síður hvernig þetta leiklistarfólk framtíðarinnar tekst á við lífandi miðil leiklistarinnar sem er svo háð bæði velþóknun áhorfenda og forvitni og opinberum styrkjum til frekari framkvæmda.

Fræði og framkvæmd átti að skapa grundvöll til nýsköpunar og auka fjölbreytni í íslensku sviðslistaumhverfi, segja þeir hjá Listaháskólanum og tóku sumir á þann veg að þar með væri hin svokallaða akademía að setja sig skör hærra annarri leiklistarstarfsemi í landinu. Í náminu, sem er jöfnu höndum fræðilegt og verklegt, var lögð áhersla á leiklist í sem víðustum skilningi og er námið hugsað sem vettvangur fyrir bæði fræðilegar og listrænar rannsóknir á leiklist. Með rannsókn er ekki átt við akademiska rannsóknarvinnu í hefðbundnum skilningi.



LEIKLIST Útskriftarhópurinn sem frumsýnir verk sín víða nú um helgina. MYND/LHI

Námið átti að snúast um sögu, eðli, hlutverk og mörk leiklistarinnar, tungumál hennar og snertifleti við aðrar listgreinar. Velt er upp grundvallarspurningum um form, hefð og aðferðir leiklistar og nemendum kynntar helstu kenningar og stefnur, bæði sem snerta leiklist og list leikarans, sem og aðrar tegundir af sviðslistum. Skorin segist búa nemandur undir störf eða framhaldsnám í leiklist með því að auka sérþekkingu þeirra og hvetja

til frumsköpunar, auk þess sem námsbrautinni er ætlað að renna stöðum undir gagnrýna sýn nemandans á listgreinina, umhverfi sitt og eigin verk.

Lokaverkefni verða víða sýnd næstu daga og er skilmerkilega greint frá sýningastöðum og tímum á vefslóðinni: <http://lhi.is/2009/05/06/utskriftarverkefni-nemenda-i-fraedi-og-framkvaemd-8-17-mai/>.

pbb@frettabladid.is

Íslenskur fuglavísir LOKSINS FÁANLEGUR AFTUR

YFIR 500 LJÓSMYNDIR OG SKÝRINGARMYNDIR

ÆTTBÁLKUR, ÆTT, LÍFSHÆTTIR, EINKENNI, KJÖRLENDI, VARPSTÖÐVAR, STOFNSTÆRÐ, EGGJAFJÖLDI, KLAKTÍMI, ÚTLITSLÝSING, ÁRSTÍÐA- OG ALDURSBÚNINGAR, GOGGUR, FÆTUR, AUGU, FLUGLAG, VÆNGHAF, LENGÐ, ÞYNGD, HEGÐUN, HLJÓÐ, DVALARTÍMI, VARPTÍMI, VARPÚTBREIÐSLA, VETRARÚTBREIÐSLA, VIÐKOMUSTAÐIR, EGG Í RAUNSTÆRÐ, HREIÐUR, UNGAR, VARPFLUGLAR, FARGESTIR, VETRARGESTIR, SUMARGESTIR, ÁRVISSIR FLÆKINGAR ...

ALSO IN ENGLISH



UND AUF DEUTSCH



ÍDUINN



www.forlagid.is



TÓNLIST Kjartan Ólafsson, tónskáld og prófessor.

Meistarauppeldi

Það styttest í umsóknarfresti fyrir þá sem vilja sækja um nám til meistaraþrófs í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands en boðið er upp á það í annað sinn á komandi vetri. Þegar eru fyrir þrjár nemendur sem eru að ljúka sérhæfðum leiðum gegnum námið en Listaháskólinn hefur kosið að sníða námið alfarið kringum séráhuga og sérfræðisvið nemenda. Nám og kennsla eru einstaklingsmiðuð.

Kjartan Ólafsson, tónskáld og tónsmíður, segir að ólíkt stöðunni hér á landi finni menn fyrir samdrætti í aðsókn að tónlistarskólum á æðri námsstigum. Hér sé aðsókn enn að aukast.

Líklega er ekki kominn í gegn að fullu sá stóri stabbi sem tónlistar-

skólakerfið gat af sér og þótt tónmenntunarkerfið sé ekki altækt um grunnskólann eru þar enn fjölmargir nemendur sem stunda tónlist sér til þroska. Verði ekki lát á tónmenntun í landinu af fjárhagslegum ástæðum getur Kjartan litið björtum augum til framtíðarinnar: Því skyldu menn ekki læra hér til tónsmíða af ýmsu tagi?

Hann segir líka að fyrirkomulagið við kennsluna með sérhæfingu veki athygli á Norðurlöndum þar sem hefð og vani ríki í æðri tónlistarstofnunum.

Þá hafi einnig borist fyrirspurnir víðar að. Enda ekki fráleitt að við getum selt nám víða um lönd rétt eins og margar aðrar þjóðir hafa selt okkur um langt árabil. - pbb



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- umsóknarfrestur til 11. maí

Námsbrautir á meistarastigi

- Fjölskyldumeðferð
- Málefni innflytjenda - einnig í boði fjarnámi

Námsbrautir á grunnstigi

- Leiðsögunám á háskólastigi - einnig í boði í fjarnámi
- Gæðastjórnun
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun
- Mannauðsstjórnun - einnig í boði í fjarnámi
- Breytingastjórnun
- Þjónustustjórnun
- Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun
- Stjórnun markaðsmála
- Kostnaðarstjórnun og greining
- Rekstrar- og viðskiptanám - einnig í boði í fjarnámi

Námsfyrirkomulag hentar fyrir einstaklinga sem eru á vinnumarkaði eða í atvinnuleit.

Kvennamarabon

Sönghúsið Domus Vox, með Margréti J. Pálmadóttur í fararbroddi, fagnar sumarkomu með marabon sönghelgi og kaffisölu laugardaginn 9. maí og sunnudaginn 10. maí kl. 13 á Laugavegi 116. Boðið verður upp á söng og gleði, kaffi og nýbakaðar vöflur. Þá verður Stúlnakór Reykjavíkur með nytjamaðkað til styrktar Ítalíuferð kórsins í júní næstkomandi.

Í dag koma fram kvennakórarnir Vox feminae og Gospelsystemur Reykjavíkur og syngja upphaldslög sín. Einsöngvarar úr röðum kórfélaga flytja nokkur

dásamleg lög. Hljómskáklakvintettinn flytur ásamt Vox feminae lög af væntanlegum geisladisk og sópransöngkonurnar Sigrún Hjálmtýsdóttir og Hanna Björk Guðjónsdóttir gleðja gesti með söng sínum.

Á morgun flytur Stúlnakór Reykjavíkur hluta af þeirri dagskrá sem fylgir kórnum í tónleikaferð hans til Ítalíu í júní næstkomandi ásamt fleiri lögum. Þá munu ungar söngkonur sem eru í söngnámi í Domus vox flytja upphaldslög sín. Píanisti helgarrinn er enginn annar en Marco Beluzzi. - pbb

Svavar á fimm

Síðasta listaverkaupboðið á þessu vori á vegum Gallerí Foldar verður haldið í húsakynnum þess við Rauðarárstíg á mánudagskvöld. Fjöldi verka hefur þegar verið skráður á uppboðið og verða þau til skoðunar um helgina á Rauðarárstígnum allt fram til þess að uppboðið hefist á mánudag kl. 18.15.

Mestum tíðindum sætir verk eftir Svavar Guðnason á uppboðinu frá 1944, málað á sögulegum dögum í Kaupmannahöfn þar sem listamaðurinn dvaldi við kröpp kjör og afstraktið varð til í hinni norðurevrópsku mynd sinni sem síðar var kennd við CoBra. Verkið er auðkennilegt og staðfest, unnið með olíu og ber öll einkenni listamannsins 100 x 128 cm að stærð og er metið á 5 milljónir.

Annað verk eftir Svavar er í boði á mánudag, nær tuttugu árum yngra en hið fyrra, frá 1965: 75 x 100 cm að stærð og einkennist af stefnum sem hann tókst við á þeim árum, löngum flötum sem binda saman



MYNDLIST Myndin á uppboðinu á mánudag. MYND GALLERÍ FOLD

byggingu verksins og uppbroti litafleta hið efra í rammanum. Þessi mynd er metin á 2,5-2,7 milljónir. Margt fleira eiginlega verka er á uppboðinu eftir yngri og eldri málara. - pbb

Söngskólinn í Reykjavík

Inntökupróf í allar deildir skólans fara fram 15. maí

- UNGLINGAÐEILDIR Stúlkur og drengir 11-15 ára
- SÖNGDEILDIR Nemendur frá 16 ára aldri
- HÁSKÓLAÐEILDIR Einsöngs- og kennaradeildir

Umsóknir og upplýsingar:
sími 552 7366 / songskolinn.is / rafræn.reykjavik.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Sun 10/5 kl. 14:00	U	Mið 27/5 kl. 18:00	U	Sun 7/6 kl. 14:00	U
Sun 10/5 kl. 17:00	U	Fös 29/5 kl. 18:00	U	Sun 7/6 kl. 17:00	U
Lau 16/5 kl. 14:00	U	Lau 30/5 kl. 14:00	U	Lau 13/6 kl. 14:00	Ö
Lau 16/5 kl. 17:00	U	Lau 30/5 kl. 17:00	U	Lau 13/6 kl. 17:00	Ö
Sun 17/5 kl. 14:00	U	Fim 4/6 kl. 18:00	U	Sun 14/6 kl. 14:00	U
Sun 17/5 kl. 17:00	U	Fös 5/6 kl. 18:00	U	Sun 14/6 kl. 17:00	U
Sun 24/5 kl. 14:00	U	Lau 6/6 kl. 14:00	U	Sun 30/8 kl. 14:00	U
Þri 26/5 kl. 18:00	U	Lau 6/6 kl. 17:00	U	Sun 30/8 kl. 17:00	U

Sýningar haustsins komnar í sölu

Hart í bak (Stóra sviðið)

Lau 9/5 kl. 20:00	U	Fim 14/5 kl. 20:00	Aukas	Fös 15/5 kl. 20:00	U
-------------------	---	--------------------	-------	--------------------	---

Yfir 40 uppseldar sýningar. Sýningum lýkur 15. maí

Skoppa og Skritla í söng-leik (Kúlan)

Lau 9/5 kl. 13:00	Ö	Lau 9/5 kl. 14:30	Ö
-------------------	---	-------------------	---

Creature - gestasýning (Kassinn)

Fim 14/5 kl. 20:00	U	Lau 16/5 kl. 20:00
Fös 15/5 kl. 20:00	Ö	Sun 17/5 kl. 20:00

Kolklikaður leikhúskonsert - aðeins fjórar sýningar

Í Óðamansgarði - ópera í samstarfi við Listahátið í Reykjavík

Fös 22/5 kl. 20:00	Lau 23/5 kl. 20:00
--------------------	--------------------

Ó, þú aftur - afmælisýning leikhópsins Hugleiks (Smiðaverkstæðið)

Fös 15/5 kl. 20:00	U	Fös 22/5 kl. 20:00	Fim 28/5 kl. 20:00
Sun 17/5 kl. 20:00		Sun 24/5 kl. 20:00	Fös 29/5 kl. 20:00
Mið 20/5 kl. 20:00		Mið 27/5 kl. 20:00	

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 9. maí 2009

→ Kvikmyndir

16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir dönsku myndina „Sult“ sem gerð var eftir bók **Knuts Hamsun**. Sýningin verður í Bæjarbíói við Strandgötu 6 í Hafnarfirði og aðgangur er ókeypis. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

→ Fyrirlestrar

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og ASÍ - Asíusetur Íslands standa fyrir tailenskrí menningardagskrá í sal 3 í Háskólabíói við Hagatorg. Allir velkomnir. Nánari upplýsingar www.vigdís.hi.is.

→ Síðustu forvöð

Sýningu **Guðrúnar Kristjánsdóttur „Veðurskrift“** í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði, lýkur á sunnudag. Fram koma m.a. **Gospelsystur Reykjavíkur**, **Stúlnakór Reykjavíkur** og **Vox feminae**. Sérstakir gestir verða **Sigrún Hjálmtýsdóttir** og **Hanna Björk Guðjónsdóttir**.

→ Tíska og hönnun

Fatahönnunarfélag Íslands hefur opnað sýningu í Portinu, Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu þar sem kynnt er fjölbreytt úrval íslenskrar fatahönnunar og fataframleiðsla. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Opnið 10-17.

→ Fræðslufundur

11.00 Fræðslufundur á vegum **Félags íslenskra fótaaðgerðaræðinga** og **Samtaka sykursjúka** verður haldinn á Hótel Loftleioðum við Öskjuhlíð. Nánari upplýsingar á www.diabetes.is.

→ Ljósmyndasýningar

Guðný Hilmarisdóttir ljósmyndari hefur opnað sýninguna „White Silence“ í gallerí Verðandi í bókabúðinni Skuld við Laugaveg 51. Opnið virka daga kl. 11-18 og lau. kl. 11-16.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 10. maí 2009

→ Hönnun og tíska

15.00 Katrín Jóhannesdóttir fatahönnuður opnar sýninguna „Frá Víborg til www“ í Frystiklefanum í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Þar sýnir hún útskriftarverkefni sitt sem er fatahönnun úr þróun með skirskotun í íslenska þjóðbúninginn. Opnið alla daga kl. 14-18.

→ Opnanir

14.00 Guðmunda Kristinsdóttir opnar sýningu sína „Konur, hvaðan koma þær - hvert eru þær að fara“ í Saltfisksetri Íslands við Hafnargötu í Grindavík. Opnið alla daga kl. 11-18.



15.00 Tólli opnar sýningu í Listasetrinu Kirkjuhvoli við Merkigerði á Akranesi. Opnið alla daga nema mánudaga kl. 15-18.

15.30 í Náttúrufræðistofu Kópavogs við Hamraborg 6a, verður opnað sýning á verkum 18 listamanna úr Kópavogi þar sem tengsl náttúru og myndlistar eru í brennipunkti. Aðgangur er ókeypis. Opnið mán.-fim. kl. 10-20, fös. kl. 11-17 og helgar kl. 13-17.

→ Tónleikar

13.00 Sönghúsið Domus Vox verður með söngskemmtun laugardag og sunnudag að Laugavegi 116. Skemmtunin hefist báða dagana kl. 13. Fram koma m.a. **Gospelsystur Reykjavíkur**, **Stúlnakór Reykjavíkur** og **Vox feminae**. Sérstakir gestir verða **Sigrún Hjálmtýsdóttir** og **Hanna Björk Guðjónsdóttir**.



14.00 Sinfóníu- og fjölskyldudagskrána Maximús Músíkús heimsækir hljómsveitina í Háskólabíói við Hagatorg. Ásamt hljómsveitinni kemur fram

Valur Freyr Einarsson leikari en hann er sögumaður dagskrárinnar.

14.00 Senjórítur Kvennakórs Reykjavíkur verða með vortónleika í Nesirkirkju við Hagatorg. Á efnisskránni verða ýmir létt sönglög.

15.00 Sudden Weather Change verða með tónleika í Smekkleysubúðinni við Laugaveg 35.

→ Dansleikir

20.00 Dansleikir Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4, kl. 20-23.30. Danshljómsveitin Klassik leikur danslög við allra hæfi.

→ Fyrirlestrar

14.00 Adolf Friðriksson fornleifafraeðingur flytur erindi um þingstaðinn Þinghól í Kópavogi. Fyrirlesturinn fer fram í Kórnum, fjölnotasal Náttúrufræðistofu Kópavogs við Hamraborg 6a. Að erindinu loknu er ráðgerð skoðunarferð á Þinghól. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



→ Leiðsögn

14.00 Ólöf K. Sigurðardóttir og **Sigríður Melrós Ólafsdóttir** verða með leiðsögn um sýninguna RÍM á Ásmundarsafni við Sigtún. Aðgangur ókeypis.

→ Útivist

11.00 Íslenski fjallahjólaklúbburinn stendur fyrir barna- og fjölskylduhjóliferð úr Laugardalnum. Lagt verður af stað frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og fólk beðið um að hafa með sér nesti. Allir velkomir. Nánari upplýsingar á www.ifhk.is.



13.00 Náttúrustofa Kópavogs stendur fyrir göngu á Þríhnúkaag í Bláfjöllum í fylgd **Árna Hjartarsonar** jarðfræðings. Þessi víðurburður er í tengslum við Kópavogsdaga sem standa yfir til 15. maí. Nánari upplýsingar www.natkop.is

15.00 Nemendur frá Fjölnenn og Söngskóla Sigurðar Demetz verða með sameiginlega tónleika í Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna við Þverholt. Þessi víðurburður hluti af hátíðinni List án landamæra.

17.00 Kór Orkuveitu Reykjavíkur heldur tónleika í Skálholtskirkju. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

17.00 Hörn Hrafnaldóttir mezzosópran og **Antónía Hevesí** píanóleikari verða með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir **Schumann**, **Verdi** og **Tchaikovsky**.

19.00 Barnakórinn Englaraddir flytur söngleikinn **Hósanna!** eftir **Julian M. Hewlett** í Kópavogskirkju.

22.00 Djasstríóid Hrafnaspark verður með tónleika á Café Ros-enberg við Klapparstíg.

22.00 Bryndis Ásmundsdóttir og hljómsveit leika **Janis Joplin** lög á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið er opnað kl. 21.



→ Dansleikir

20.00 Félag eldri borgara í Kópavogi heldur Skvettuball í Félagsheimilinu Gullsmára, Gullsmára 13 í Kópavogi, milli kl. 20 og 23. Þorvaldur Halldórsson leikur og syngur fyrir dansi.

Sálin verður á Players við Bæjarlind í Kópavogi.

Sniglabandið verður á 800 Bar við Eyrarveg á Selfossi.

Nýdönsk verður á Bifröst í Norðurárdal í Borgarfirði.

Buff og **Á móti sól** verða á Top of the Rock á Vallarheiði í Reykjanesbæ.

→ Málþing

15.00 Þjóðminjasafnið og UNICEF; Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna standa fyrir málþingi í tengslum við sýninguna „Þrælkun, þroski, þrá?“ sem fjallar um börn við vinnu á sjó og í landi. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Þjóðminjasafnið við Suðurgötu.

→ Tónleikar

15.00 Yfir 100 börn úr Grafavogi koma fram á tónleikum í Grafavogskirkju við Logafold. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

16.00 Kennakórinn Hekklurnar verður með tónleika í sal Tónlistarskóla FÍH við Rauðagerði 27. Á efnisskránni verða íslenskar og erlendar dægurperlur.

17.00 Kór Háteigs Kirkju við Háteigsveg stendur fyrir vortónleikum þar sem kórinn flytur fjölbreytta tónlist allt frá 11. öld og til þeirra 20. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

17.00 Kvennakór Gardabæjar heldur vortónleika í Hásöllum, safnaðarheimili Hafnarjarðarkirkju við Strandgötu í Hafnarfirði. Á efnisskránni verða m.a. þjóðlög frá ýmsum löndum og þekkt kórverk.

17.00 Þórunn Þórsdóttir píanóleikari verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir **Bach**, **Beethoven** og **Debussy**.

20.00 Tónlistarhópurinn Elektra Ensemble verður með tónleika á Kjarvalsstöðum við Flókagötu. Á efnisskránni verða verk eftir **Mozart**, **Beethoven** og **Brahms**.

20.00 Anna Jónsdóttir sópran og **Sigríður Freyja Ingimarsdóttir** píanóleikari verða með tónleika til styrktar mæðrastyrksnefnd í Seltjarnarnesarkirkju.

20.00 Listafélag Langholtskirkju við Sólheima stendur fyrir orgeltónleikum þar sem fram koma **Guðný Einarsdóttir** organisti ásamt félagum úr **Voces Thules**. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir **Arvo Pärt** og **Porkel Sigurbjörnsson**.


20.00 Sálumessa (Requiem) eftir **Karl Jenkins** verður flutt í Lindakirkju við Uppsali í Kópavogi. Um 170 manns taka þátt í flutningnum frá Samkór Kópavogs, Skólakór Kársness og Strengjasveit Tónlistarskóla Kópavogs.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Gallerí Fold

fer fram mánudaginn 11. maí, kl. 18.15 í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Svavar Guðnason

Verkin verða sýnd: laugardag 11-17, sunnudag 12-17 og mánudag 10-17

Opnið í Gallerí Fold á Rauðarárstíg virka daga 10-18, laugard. 11-16 og sunnud. 14-16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



Velkomin í BT



Topptölva botnverð

acer

Acer Extensa 5230

- 2.0GHz Intel Celeron M 575 Centrino með 1MB flýtiminni
- 1GB DDR2 667MHz 200pin
- 160GB SATA hjóllátur 5400RPM
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
- Innbyggt þráðlaust 802.11 bgn netkort með loftneti í skjá
- 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800
- Windows Vista Home Basic

• 69.999

Flakkari

LACIE

LaCie Hard Drive

- Falleg þanó svört hýsing
- Afritunarhugbúnaður og allir kaplar fylgja
- USB2.0
- 500 GB

14.999

~~16.999~~

500GB

Sjónvarpsflakkari

ARGOSY

margmiðlunarspilari

- 500GB SATA,
- USB2 margmiðlunarspilari,
- 720p upscaling,
- SCART, HDTV, Coaxial ofl.

27.999

~~29.999~~

HDMI tengi

Myndavél

OLYMPUS

Olympus FE 45

- 10.0 megapíxlar
- 2.5" LCD skjár
- 3x optical zoom
- 100-1600
- Dual image stabilization
- Advanced face detection
- Notar AA battery



100 framkollunar MYNDR FYLGJA

• 21.999

17.999

~~19.999~~

Fartölva

TOSHIBA

Toshiba Satellite P300-1DA

- Intel Pentium Dual-Core T3200 2.0GHz
- 3 GB DDR 800 MHz
- 250GB SATA 5400rpm diskur
- 17" WXGA TRUBRITE 8ms Skjár
- 256MB ATI HD3470 Skjákort HDMI
- 1.3 MP vefmyndavél sem greinir andlit
- Windows Vista Home Premium

10.000 kr. lækkun

139.999

~~149.999~~



TOSHIBA

Toshiba Satellite Pro L300-1DT

- Örgjörvi : Intel Pentium Dual Core T3400 2.16 GHz
- Minni : 2GB DDR2 667MHz
- Harður diskur : 160GB 5400RPM
- Geisladrif : DVD SuperMulti DL
- Skjár : 15.4" WXGA TruBrite
- Skjákort : Mobile Intel Series 4
- Þráðlaust netkort : 54Mbps 802.11 a/b/g
- Stýrikerfi : Windows Vista Home Basic
- Sérstakir eiginleikar : 0.3 MP Vefmyndavél

89.999



BT.is vefverslun

Rífindi góð verð í BT

BT

> TÍSKUSÝNING Í HAFNARHÚSINU

Annað árið í röð stendur **Fatahönnunarfélag Íslands** fyrir sýningu í **Portinu** í Hafnarhúsinu dagana 8.-9. maí undir nafninu **Showroom Reykjavík**. Sýningin er ætluð til þess að vekja athygli innkaupafólks á því að nú býðst fjölbreytt úrval af íslenski hönnun og framleiðslu. Sýningin er opin í dag á milli 10 og 17.

stíll

utlit@frettabladid.is



Hydramax Active Sérúm sem er nýtt rakagel frá Chanel og ljáir andlitinu fallegan ljóma.

OKKUR LANGAR Í

...



Nýjasta ilminn frá Gucci sem nefnist Flora. Dásamlega fágaður og frísklegur ilmur í gullfallegu glasi.



Frísklegan brúnbleikan kinnalit með tvíð-áferð frá Chanel sem gefur sumarlegt yfirbragð.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

Franskar klassapírur

Ég brosti oft út í annað þegar ég bjó í Frakklandi fyrir nokkrum árum. Frakkarnir eru mikið fyrir að setja fólk í kategóríur og það eru vissulega ákveðnir hlutir sem maður gerir eða gerir hreint ekki ef maður ætlar að halda sér inni í tískukreðsunum. Flestar franskar konur sem ég hef séð búa yfir miklum klassa og það var skemmtilegt að fylgjast með því hvað var talið merki um „klassa“ og hvað ekki. Efst á lista var að kunna að sýna mátulega mikið af holdi. Ef maður er með fallega leggi á maður að sýna þá, og eins með barminn. Hins vegar þykir ekki smekklegt að láta glitta of mikið í barminn ef hann er í stærri kantinum því þá færir maður að minna á Pamelu Anderson og verða sjoppulegur. Það sama gildir um of þröng fót og því ætti hin vakúmpakk-aða „skinkutíska“ sem oft sést á götum Reykjavíkur og á neonlystum göngum Kringlunnar alls ekki upp á pallborðið á frönskum kaffihúsum. Áberandi merkjavara þykir stimpla fólk sem nýríkt, sem er jú ekki smart. Frökkum finnst að ef fólk er í raun og veru efnað þurfi það ekki að flagga Louis Vuitton-töskum og Gucci-skóm og allt slíkt þykir bera vott af þeirri tísku sem ríkir arabar aðhyllast. Hvað varðar andlitsfarða þá á hann að vera í náttúrulega kantinum, eða að minnsta kosti í brúna eða gráa litaskalanum. Skærir litir á augum eða vörum þykja hræðilega „cheap“ og blái augnskugginn er aðeins fyrir gamlar breskar konur eða konur þær sem hanga á götuhornum á hinni alræmdu Rue St Denis. Rauðan varalit má þó auðvitað nota svona spari, því það gerði jú Coco Chanel. Langar neglur, gervineglur, og þá sérstaklega neglur með skrauti eða of hvítum naglaendum, þykja argasti viðbjóður og skulu neglur ávallt vera fremur stuttar og snyrtilegar til að minna ekki á fótbolta-eiginkonu, norn eða vændiskonu. Hvað sem hverjum kann að finnast um ofangreind atriði er örugglega slatti af sannleik sem býr í þessari speki hinnar tiskubenkjandi þjóðar suður á meginlandi.



COCO CHANEL BJÓ YFIR MIKLUM KLASSA.



SNJÁÐAR
Flottar ljósar buxur við bol og „eighties“-jakka frá Balmain.



AXLA-PÚÐAR
Svalur galla-jakki í hermanna-stíl frá Balmain.



KÚREKASTÍLL Hér eru ljósar gallabuxur undir svörtum reiðbuxum úr leðri, frá Givenchy



TÖFF Hér glittir í gallaskyrta undir svörtum toppi og við svartar niðrþröngar leðurbuxur. Frá Givenchy.

HÖNNUÐIR HRÍFAST AF BLÁU GALLAEFNI:

Gallabuxnasumar

Ljóst eða milliblátt gallaefni sást víða á tiskupöllum fyrir vor- og sumartískuna 2009. Það var oftast notað við svart leður eða rokkaðan stíl og birtist í ýmsum útgáfum. Mátti sjá gallaskyrturnar og jakka, þröngar gallabuxur og stutt gallapils og jafnvel dömulega gallakjóra.

- amb



STUTT Sætt gallapils við köflotta skyrtu og herralegan blazer-jakka frá Rag and Bone.



VESTI Blá gallaskyrta við vesti, buxur og rokkaralegar hálsfestar frá Rag and Bone.

ÞRÖNGT Bláar þröngar gallabuxur við leðurjakka og ökklassó frá Rag and Bone.

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Mein Fjarfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

fífa býður til afmælisveislu alla helgina

frábær afmælistilboð & uppákomur

30
ÁRA

fullfrísk kynnr starfsemi sína

Kynning á Brio vörum frá Svíþjóð

Jón Víðis Töframaður mætir kl. 14.30

Happdrætti með veglegum vinningum

Glaðningur fyrir börnin

& Full búð af vörum á tilboðsverðum

hér er brot af því besta:

Takmarkaðar birgðir á þessum verðum og því um að gera að drífa sig til okkar !



AFSLÁTTUR
-40 000

afmælistilboð 99.900.-
Kerruvagn Simo Kombi '08
Fullt verð 139.900.- kr.



AFSLÁTTUR
-30%

afmælistilboð 15.900.-
Kerra Carena Lieback Lux '08
Fullt verð 22.900.- kr.



AFSLÁTTUR
-20%

afmælistilboð 18.900.-
barnabílstóll CabrioFix '08
Fullt verð 23.900.- kr.



AFSLÁTTUR
-45%

afmælistilboð 5.900.-
Systkinapallar
Fullt verð 10.900.- kr.

FÍFA (Húsgagnahöllinni)
Bíldshöfða 20 . 110 Reykjavík
Sími 552 2522 . fifa@fifa.is
opið mán-lau 10-18 & sun 13-17

skoðaðu úrvalið á heimasíðunni okkar

www.fifa.is

fifa
...allt fyrir börnin

> GAT EKKI SETIÐ KYRR

Sacha Baron Cohen lenti í óheppilegu atviki við tókur á nýjustu mynd sinni, Bruno. Cohen vildi ekki raka líkamshár sín af og ákvað í staðinn að lita þau. Þetta plan gekk ekki upp því Cohen fékk útbrot um allan líkamann. „Hann gat ekki setið kyrr í þrjá daga,“ sagði heimildarmaður The Sun.

fólk

folk@frettabladid.is



Sendir fótboltaeiginkonum tóninn

Breska poppsöngkonan Lily Allen fær væntanlega ekki ársmeiða á leiki Chelsea í framtíðinni né verður hún boðin sérstaklega velkomin á leiki enska landsliðsins á Wembley, því yfirlýsingar hennar í franska knattspyrnutímaritinu SoFoot bera þess glöggt merki að hún sé ekki þar hrifin af menningunni í kringum enska knattspyrnu. „Enskir knattspyrnumenn eru heimskir,“ sagði Lily meðal annars í samtali við SoFoot og bætti við að henni byði við fárinu í kringum Victoriu og David Beckham. „Allir vita að Victoria er skrímsli og ég myndi frekar skjóta mig í hausinn heldur en að vera WAG (Wag er slangur yfir yfir eiginkonur enskra íþróttamanna, dregið af „Wives And Girlfriends“).“

Og Lily hélt áfram að hrauna yfir menninguna sem umlykur ensku knatt-

spyrnuna og tók Cheryl Cole næst fyrir. Cole sendi Allen tóninn fyrir nokkru og sagði hana vera stelpu með typpi og Lily svarar heldur betur fyrir sig í viðtalinu. „Cheryl stendur fyrir allt sem ég hata, hún er bara heimsk tík, yfirborðskennnd og ljót bæði að innan sem utan,“ sagði Allen og sneri sér næst að eiginmanni Cheryl, bakverðinum Ashley Cole sem leikur einmitt með Chelsea í London. „Hann er sá versti, mér verður flökurt þegar ég hugsa til hans, hann reynir við allt sem hreyfist,“ sagði Lily Allen en ekki er langt síðan að Ashley Cole var tekinn í sátt af eiginkonu sinni eftir nætur-langt gaman með óþektri konu. „Ég hef hitt hann nokkru sinnum, hann er ekkert sérstaklega viðkunnlegur.“



EKKI HRIFIN Lily Allen er vægast sagt ekki hrifin af menningunni í kringum enska knattspyrnu; Victoria Beckham er skrímsli í hennar augum og Cheryl Cole yfirborðskennnd tík. Svo mörg voru þau orð.



MEL GIBSON Mel Gibson og Arnold Schwarzenegger verða á meðal gesta síðustu viku Jay Leno í embætti.

Stórstjörnur kveðja Leno

Stórstjörnurnar Mel Gibson og Arnold Schwarzenegger hafa samþykkt að vera á meðal síðustu gesta Jay Leno áður en hann hættir með spjallþátt sinn The Tonight Show. Prince, Lyle Lovett og Billy Crystal verða einnig á meðal stjarnanna sem heim-sækja Leno síðustu viku hans í embætti, sem hefst 25. maí.

Ekki er vitað hvort Gibson vilji ræða um skilnað sinn við eiginkonu sína sem nú stendur yfir. Schwarzenegger á aftur á móti örugglega eftir að láta ýmislegt flakka, enda tilkynnti hann um framboð sitt til ríkisstjóra Kaliforníu í þættinum árið 2003.

Lloyd Webber veðjar á íslenska lagið

Höfundar íslenska Eurovision-lagsins hafa ekki hist síðan þeir sömdu *Is it true?* í London 2004. Nú, fimm árum seinna, eru þeir sameinaðir í þeirri trú að lagið eigi eftir að vinna hug og hjörtu Evrópubúa.

„Við ræddum þetta akkúrat í gær, hvað þetta væri í raun fáránlegt. Að fimm árum eftir að við sömdu lagið og þau gengu úr úr upptökuverinu mínu í London værum við saman komin á Eurovision í Moskvu,“ segir Óskar Páll Sveinsson. Lagahöfundarnir þrír, Óskar, Chris Neil og Tinatin Japaridze, hittust í fyrsta skipti í gær síðan *Is it true?* varð til. Tinatin var þá ung og efnileg söngkona og þeir Chris Neil og Óskar Páll voru að taka upp plötu með henni.

Óskar segir þetta hafa verið mikla fagnaðarfundi enda hafi Chris verið feikilega ánægður með nýju útsetn-

HRIFINN Andrew Lloyd Webber er ákaflega hrifinn af íslenska laginu og telur það vera sinn helsta keppinaut. Lloyd Webber samdi breska lagið í keppninni.



FAGNAÐARFUNDIR Þau Chris Neil, Óskar Páll og Tinatin Japaridze voru glöð þegar þau hittust eftir fimm ára fjarveru. Öll eru þau sameinuð í þeirri trú að Jóhanna Guðrún eigi eftir að slá í gegn á stóra sviðinu í Moskvu á þriðjudagskvöldinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ALMA

inguna. „Hann var ákaflega hrifinn, fannst Jóhanna alveg frábær og hafði meira að segja á orði hvað bakraddirnar voru góðar og þéttar.“ Að sögn Óskars eru þau bæði ákaflega spennt fyrir útkomunni en óhætt er að fullyrða að Jóhanna Guðrún sé að gera góða hluti í Rússlandi.

„Á æfingunni á miðvikudagskvöldið var salurinn hljóður eftir hvert og eitt lag en svo kom Jóhanna Guðrún og þá stóð salurinn upp og klappaði henni lof í lófa,“ segir Óskar stoltur og bætir því við að blaðamaður einnar stærstu Eurovision-vefsíðunnar, *esctoday.com*, hafi hnippið í hann og lýst því yfir, svona þeirra á milli, að flutningur íslensku söngkonunnar hafi verið stórkostlegur.

Blaðamaðurinn er ekki sá eini sem hefur hrifist af lagi og söng Jóhönnu. Því einn besti vinur Chris Neil er Sir Andrew Lloyd Webber, söngleikjakóngur með meiru. „Hann er víst mjög full út í Chris um þessar mundir, er ekki sáttur við að þurfa keppa við svona gott lag, honum finnst íslenska lagið vera aðalkeppinauturinn sinn,“ segir Óskar, ekki amalegt hrós frá manni sem verður að teljast ein stærsta stjarna keppninnar í ár. Ekki er útilokað að íslenski hópurinn fái að hitta Andrew Lloyd því hann langar mikið að snæða kvöldverð með Íslendingunum í næstu viku.

freyrgigja@frettabladid.is

Loksins komin aftur

- Hvenær kom barnið í heiminn?
- Hvenær birtist fyrsta brosið?
- Hvernig voru fyrstu jólin?

Gullfalleg minningabók sem fylgir barninu þínu alla ævi.



FORLAGIÐ
www.forlagid.is



Bar fram bónorðið

Leik- og söngkonan Jennifer Hudson hefur beðið kærasta sinn David Otunga um að giftast sér, fimm mánuðum eftir að hann bað hennar.

Hudson vildi endurgjalda kærastanum bónorðið og bar það fram á afmælisdegi hans en Otunga bað hennar einmitt líka á afmælisdaginn hennar. Hringurinn sem Hudson renndi á fingur kærastans er stórglæsilegur fimm karata demantshringur. Skartgripasali Neil Lane sem hannaði hringinn fyrir Hudson samgleðst þeim innilega. „Jennifer vildi gefa honum eitt hvað virkilega sérstakt þegar hún bað hann um að giftast sér. Þetta var mjög tilfinningarík og rómántísk stund. Þau eru verulega ástfangin.“



JENNIFER HUDSON Leik- og söngkonan hefur beðið kærastann sinn um að giftast sér.

Keypti sér lúxusvillu

Breska söngkonan Leona Lewis hefur fest kaup á mikilli lúxusvillu í Hollywood. Höllin kostaði 1,5 milljónir punda, eða rúmlega 190 milljónir íslenskra króna. Þar er allt sem hugurinn girnist; sundlaug og útibar, auk þess sem innanhúss er glæsilegur leðursófi og fjöldi flatskjáa. Lewis er upptekin beggja vegna Atlantshafsins og á því einnig tveggja herbergja íbúð í London sem hún hefur búið í með kærasta sínum Lou Al-Chamaa. Nýja húsið er rétt hjá annarri glæsivillu í eigu Simons Cowell, sem gerði einmitt útgáfusamning við Lewis eftir að hún vann X-Factor-keppnina í Bretlandi fyrir þremur árum.



LEONA LEWIS Breska söngkonan hefur fest kaup á mikilli lúxusvillu í Hollywood.

MERKJA OUTLET

Stærsta Outlet landsins!
KORPUTORGI

| Sundfatnaður | Dömufatnaður |

| Barnafatnaður | Herrafatnaður |

| Íþróttafatnaður | Skór | Töskur | DVD |

Verðdæmi:

Dömubolir	695	Barnabolir	495
Dömubuxur	995	Barnanáttföt	995
Dömütöskur	995	Barnaskór	995
Dömublússur	1.595	Barnabuxur	1.495
Kjólar	1.995		
Dömskór með háum hæl	1.995	Barbie stelpuskór	2.495
		Æfingabuxur, stelpu	2.995
FRØKEN PIL blússur	2.495		
FRØKEN PIL buxur	3.995	Töskur - Ný sending	2.495
FRØKEN PIL kjólar	6.995		
		Bikinítoppar og buxur	595
Didriksons útvistarbuxur	2.495	Arena sundskýlur, stráka	2.495
Rucanor galli fyrir stelpur	3.995	Arena sundbolir	2.995
Didriksons útvistargalli, barna og unglina	4.995	Arena sundskýlur, karla	3.495
Gúmmístígvél, svört (35-40)	4.995		
Íþróttaskór, karla og kvenna	5.495	DVD	500
Rucanor körfuboltar	995	Tölvuleikir	500
		DVD Þáttaraðir	1.000



FRØKEN PIL

ICHI



DIDRIKSONS1913

RUGBY
JEANS CO.

true

ZARA

50% aukaafsláttur af völdum vörum!

Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400

Ævisaga frá Kate Moss

Breska fyrirsætan Kate Moss hefur undirritað samning við bókaforlagið Virgin Books um útgáfu á sjálfævisögu hennar. Talið er að Moss fái um eina milljón punda í vasann, eða rúmar 190 milljónir íslenskra króna.

Munnlegt samkomulag um útgáfu bókarinnar var gert fyrir þremur árum en ekkert varð af henni vegna vandræða Moss í einkalífinu. Þá höfðu fjölmiðlar komist á snoðir um kókaínnotkun hennar og í framhaldinu þurfti hún að taka á öllu sem hún átti til að halda fyrirsætufurlinum gangandi. Ekki hefur verið ákveðið hvenær ævisagan kemur út en hennar er beðið með mikilli eftirvæntingu. Búast má við að Moss láti þar allt flakka, þar á meðal um eiturfjanotkun sína, ástarsamband sitt við rokkarann Pete Doherty og sambönd sín við fjölda annarra stjarna í gegnum tíðina.

KATE MOSS Breska fyrirsætan er með sjálfævisögu í undirbúningi.

Fjörugt fimmtudagskvöld í Reykjavík

Tveir skemmtistaðir í miðborg Reykjavíkur frumsýndu nýtt útlit á fimmtudagskvöldinu. Þetta voru Thorvaldsen og Íslenski barinn þar sem Kaffibrennslan var áður til húsa. Austurvöllur iðaði af lífi og ljóst að Íslendingar eru smám saman að jafna sig eftir að svæðið logaði í óeirðum í kringum búshaldabyltinguna frágu. Ljósmyndari Fréttablaðsins var á staðnum og drakk í sig stemninguna, sem reyndist ósvikin.



Í STUÐI Oddur Hauksson og Halla Kristjánsdóttir voru meðal gesta á Thorvaldsen.



HÝRAR Á BRÁ Valdis Árnadóttir, eigandi Thorvaldsen, og Jóhanna Karlsdóttir voru nokkuð glaðar í bragði.



LITU INN Elín Baldvinsdóttir og Kolbrún Árnadóttir stöldruðu við á Thorvaldsen.



SKEMMTILEGT Kristínu Ólafsdóttur og Bryndís Grétarsdóttir þótti nokkuð skemmtilegt á Thorvaldsen.



SÁTTAR Þær Elísabet Heiður, Emma og Freyja voru ánægðar með nýtt útlit á Thorvaldsen.



ÁNÆGÐAR Peim Matthildi Bjarnadóttur og Snædís Björt leist vel á það sem þær sáu á Íslenska barnum.



Á GALEIÐUNNI Telma Eir, Tinna Eik og Sunna Rut kíktu á Íslenska barinn.



KALDIR Á KANTINUM Þeir Albert Þór og Björn Atli voru nokkuð svalir á Íslenska barnum.



MIKLAR BREYTINGAR Eyþór Mar, Hafþór Sveinsson og Tómas Kristjánsson, eigandi Íslenska barsins, voru sáttir við þær breytingar sem átt höfðu sér stað.

FÆRÐU BRJÓSTSVIÐA EÐA SÚRT BAKFLÆÐI?...



Nýtt!

...Nú færðu Losec mups* án lyfseðils í næsta apóteki!

*Omeprazol



Notkunarvið: Losec Mups sýrubólpar töflur innihalda efnið omeprazol sem hemur magasýruframleiðslu. Losec Mups er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ónæmi fyrir omeprazol eða einhverju öðru innihaldsefnanna eða samhliða lyfjum sem innihalda atazanavir. Gæta skal varúðar ef þú færð einhver af eftirtöldum einkennum: Verulegt þyngdartap, endurtekin uppköst, kyngingareriðleika, blóðuppköst eða blóð í hægðum. Þá skal hafa samband við lækni. Látið lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð. Meðganga og brjóstgjöf: Losec Mups má nota á meðgöngu. Konur með barn á brjósti eiga að leita ráða hjá lækni áður en notkun hefst. Skömmun: Ein Losec Mups 20 mg tafla ekki oftari en einu sinni á sólarhring. Ef einkennin hafa ekki horfið eftir 14 daga stöðuga notkun skal hafa samband við lækni. Gleypa á töflumnar heilar með ½ glasi af vökva. Hvorki má tryggja þær né mylja. Töflumnar má leysa upp í vatni eða einhverjum súrum vökva (t.d. ávaxtasafa) og taka þannig inn. Það skiptir ekki máli hvort Losec Mups er tekið inn með eða án matar. Algengustu aukaverkanir eru: Höfuðverkur, niðurgangur, ógleði/uppköst, kvíðverkir, hægðatregða og aukinn vindgangur. **Lesið vandlega allan fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Mars 2009.

AstraZeneca

annt um líf og líðan

RÝMINGAR SALA

Á HÚSGÖGNUM

Húsgagnadeildin í Hagkaup Smáralind hættir

NÚ Á ALLT AÐ SELJAST!

allt að

50%

afsláttur

TAKMARKAÐ MAGN

FYRSTUR KEMUR
FYRSTUR FÆR

Gildir á meðan birgðir endast.

OPIÐ
til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

RÝMINGARGARSALA

Þakkar stuðninginn Abdul ekki háð verkjalyfjum

Hugh Jackman, aðalleikari X-Men Origins: Wolverine, hefur þakkað aðdáendum sínum fyrir að hafa flykkt í bíó og skemmt sér yfir myndinni. Wolverine hefur verið aðsóknarmesta myndin beggja vegna Atlantsála og er Jackman afar þakklátur. „Ég er svo þakklátur aðdáendum og öllum þeim sem fóru í bíó og virtust elska myndina. Mig langar bara að þakka þeim fyrir. Ég er ánægður með starfið mitt og mér líður eins heppnasta manni í heimi.“

Hann býst við því að framhaldsmynd sé væntanleg: „Aðdáendurnir hafa talað mikið um söguþráðinn og hann nýst um samúræja í Japan.“ sagði ástralski hjartaknúsarinn.



HUGH JACKMAN Aðalleikari Wolverine hefur þakkað aðdáendum sínum fyrir stuðninginn.

Idol-dómarinn Paula Abdul hefur vísað því á bug að hún hafi verið háð verkjalyfjum. Hún segir ummæli sín á netsíðu tímaritsins Ladies' Home Journal hafa verið tekin úr sambengi. Þar stóð að hún hefði verið háð lyfjum í mörg ár vegna ýmissa meiðsla sem hún hefði hlotið. Einnig stóð þar að hún hefði skráð sig á afslöppunarmiðstöð í Kaliforníu, eða svokallað spa, á síðasta ári til að losa sig við fíknina.

„Það var mjög erfitt fyrir mig að heyra þetta og að það sé haft eitthvað eftir mér sem ég sagði aldrei,“ sagði Abdul í útvarpsviðtali. „Ég hef aldrei farið í meðferð. Ég hef aldrei verið háð lyfjum eða

misnotað þau og ég hef aldrei misnotað áfengi. Ég hef aldrei verið drukkin í lífi mínu.“

Abdul sagðist hafa verið gestur á afslöppunarmiðstöðinni. „Ég var þarna í næstum þrjá daga og var að slappa af. Þetta er ekki meðferðarheimili og ekki afeitrunarstaður. Þetta er lúxus-spa. Þetta er eins og að fara í stutt frí. Mig langaði bara að slappa af og fara í nudd og kannski hand- og fót snyrtingu.“

Talsmaður Ladies' Home Journal segir að tímaritið standi við allt það sem kom fram í greininni.

PAULA ABDUL Abdul hefur vísað því á bug að hafa nokkurn tímann verið háð verkjalyfjum.



Horfði ekki á fréttir

Christian Bale hefur upplýst að hann hafi ekki horft á eina einustu frétt um dauða mótleikara síns, Heath Ledger. Þeir léku saman í The Dark Knight þar sem Bale var Leðurblöku-maðurinn en Ledger Jókerrinn. Bale vildi að eigin sögn ekki láta vanvita eyðileggja þá minningu sem hann hafði af leikaranum.

„Ég horfði ekki á neinar fréttir. Ég þekkti hann, ég þekkti fjölskyldu hans og af hverju ætti ég að hlusta á einhverja hálfvita reyna geta í eyðurnar,“ segir Bale í samtali við Esquire-tímaritið. „Ég bókstaflega horfði ekki á eina einustu frétt eða las nokkuð sem blöðin skrifuðu.“ Ledger dó í New York skömmu eftir að tókum á Batman var lokið og leikur grunur á að hann hafi



SYRGIR LEDGER Christian Bale segist ekki hafa horft á eina einustu frétt um dauða Heaths Ledger.

lást af ofneyslu svefnlyfja. „Ef ég var að horfa á sjónvarpið og einhver frétt um Ledger kom þá skipti ég um stöð eða slókti á sjónvarpinu, mér finnst svona vangaveltur ekki vera fréttamennska,“ bætti Bale við.

Hann viðurkennir að hann harmi enn svíplegt fráfall Ledgers enda hafi þeir deilt sömu ástríðu á því sem þeir voru að gera. „Sumir leikarar verða alveg forviðá þegar ég er að leika og spyrja af hverju ég gangi svona langt og halda að ég sé eitthvað klikkaður. Ég sá hjá Heath sömu þrána og ástríðuna,“ segir Bale og bætir því að hann hafi lítil samskipti við leikara utan starfsins. „Nema Heath, hann var undantekningin frá þeirri reglu.“



VALINN MAÐUR Í HVERJU RÚMI Leikhópurinn, sem í eru þau Ari, Dóri Gylfa, Jói G., Þrúður og Marianna Clara, hefur staðfært verkið sem fjallar nú um sjálfa geðheilsu Íslendinga.

VARAÞINGMAÐURINN ARI Í VANDA

Ari Matthíasson varaþingmaður og leikari á í krísu. Um leið og hann framleiðir og leikur í sýningunni Við borgum ekki er það ekkert endilega hans pólitíska skoðun að fólk eigi að hlaupa frá skuldbindingum sínum.

„Ég er í miðjum próflestri. Les heilsuhagfræði við Háskóla Íslands. Og hagfræði og húmor fara illa saman. Ef menn spyrja mig hagfræðilegrar spurningar eins og þá hvort fólk eigi að borga af lánum sínum um leið og ég á að tala um gamanleik eftir Dario Fó verður skammhlaup. Það kemur ekkert,“ segir Ari Matthíasson, varaþingmaður og leikari.

Ari tók þá ákvörðun, eftir stranga yfirlegu, að gefa kost á sér í framboð til Alþingis fyrir Vinstri græna í Reykjavík suður. Það átti þó ekki fyrir honum að liggja að verða þingmaður þó ýmislegt hefði átt að verða til þess. Kynjakvótinn, fléttulisti, var allt í einu ekki inni í myndinni af því það þóttu svo frambærilegar konur í boði! Svandís Svavarsdóttir og Lilja Mósesdóttir fóru á þing. Ari tók 4. sæti á eftir Kolbrúnu Halldórsdóttur en 24,6 prósent útstríkanir Kolbrúnar dugðu ekki til að yta Ara upp um sæti. Til þess hefði þurft 33 prósent. En Ari er engu síður, ásamt Kolbrúnu, varaþingmaður. Og nú vill nokkuð stór hópur neita að borga af lánum sínum. Um leið og þetta gerist er Ari að framleiða og leika í sýningu sem frumsýnd verður 6. júní í Borgarleikhúsinu og heitir Við borgum ekki! Við borgum ekki! eftir Dario Fó. Hárbeitur gamanleikur um það sem gerist þegar neyðin kennir naktri konu að spinna lygavef. Ari er því maðurinn til að svara spurningunni: Á fólk þá ekki að borga? Eða hvað? Ara lætur illa að vera annað en hreinskilinn og honum finnst í raun galið ef fólk vill hlaupa frá skuldbindingum sínum. En segir þetta erfitt og viðkvæmt mál.

„Ég hef fullan skilning og samúð með fólk sem borgar ekki af því það getur ekki borgað. En þeir sem



HAGFRÆÐI OG HÚMOR FARA ILLA SAMAN Þegar Ari á að svara hagfræðilegum spurningum um hvort fólk eigi að borga af lánum sínum og ræða Dario Fó verður skammhlaup. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

geta borgað, verða þeir ekki að bera ábyrgð á skuldunum sínum? Það er eiginlega málið. Ég hef meiri samúð með fólk sem á ekki fyrir mat en þeim sem hafa áhyggjur af því að einbýlishúsið sé að lækka í verði. Og segja kannski: „Þeir létu mig taka erlent lán!“ Eigum við ekki að bera ábyrgð á gerðum okkar?“ segir Ari og togstreitan milli þess að vera yfirlýsingaglaður leikari og hagfræðimenntaður og diplómátskur varaþingmaður er nánast áþreifanleg. „Hitt er svo annað mál,“ heldur Ari áfram. „Að verkið eftir Dario Fó, sem við erum búin að staðfæra til nútímans – situasjónin er raunveruleg – er um fólk sem fer að stela, er ekkert mjög klárt og spinnur lygavef. Sýning sem varðar geðheilsu Íslendinga. Leikritið heitir í rauninni á ítölsku, við borgum ekki, við getum ekki borgað. Þýðingin á ensku er: We Won't Pay! We Can't Pay.“ Það er fyrirtæki Ara, Nýja Ísland (áður Enron fyrir hrun) sem setur sýninguna upp og er valinn maður í hverju rúmi: Þrúður Leó leikstýrir en leikhópurinn er skipaður þeim Ara, Halldóri Gylfasyni, Jóhanni G. Jóhannssyni, Þrúði Vilhjálmssdóttur og Maríönnu Clöru Lúthersdóttur. jakob@frettabladid.is



Stoðumhverfi nýsköpunar

Ráðgjöf, fjármögnun og tengslamyndun

Priðjudaginn 12. maí kl. 12:30-15:30 á Grand Hótel Reykjavík

Vikan 6. - 14. maí verður helguð nýsköpunarfyrirtækjum og frumkvöðlum í Evrópu undir yfirskriftinni SME Week.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannís, Útflutningsráð og Samtök iðnaðarins halda fjölbreytta viðburði á tímabilinu sem nær hámarki með sameiginlegri kynningu þann 12. maí á Grand Hótel Reykjavík. Markmið kynningarinnar er að veita heildaryfirsýn og skapa umræðu um stoðkerfi nýsköpunar fyrir fyrirtæki og frumkvöðla á Íslandi.

Eftirfarandi aðilar kynna þjónustu sína: **Byggðastofnun, Einkaleyfastofan, Ferðamálastofa, Innovit, Kauphöllin, Klak, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Rannís, Rannsóknþjónusta HÍ, Samtök iðnaðarins og Útflutningsráð.**

Pallborðsumræður verða að kynningum loknum

Vinsamlegast skráið þátttöku á netfangið evropumidstod@nmi.is

Gestir eru velkomnir frá kl. 12:30 en formleg dagskrá hefst kl. 13:00.

Fundarstjóri: Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr



VORDAGAR

-500%

AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM
Í NOKKRA DAGA

ELDRI VÖRUR FRÁ
990,- til 3.990,-

skyrtur, peysur
flís, softshell
úlpur ofl.

Regatta 
GREAT OUTDOORS[®]

www.utivistogsport.is

OPIÐ

VIRKA DAGA 10 – 18

LAUGARD. 11 – 16

SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST&SPORT

verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

ADRIR SÖLUSTADIR: Hafnarbúðin Ísafirði, Hjá Dóru Hornafirði, Hornið, Sunnuhlíð Akureyri

NÝTT Í BIÓ

LAUGARÁS BIÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Frá höfundum Lost og Fringe, J.J.Abrams, kemur **STÖRMÝND** sem gagnrýndur aldrei vart vatni yfir!

★★★★ - S.V. MBL

650 Kr.

TILBOÐ Í BIÓ. Gildir á allar sýningar merktar með rauðri!

SÝNINGARTÍMAR

STAR TREK-POWER	kl. 5.30, 8 og 10.30	10
X-MEN ORIGINS: WOLVERINE	kl. 5.50, 8 og 10.10	14
MÚMÍNÁLFARNIR (650kr.)	kl. 2.500kr og 4-kl. tal	12
STATE OF PLAY	kl. 8 og 10.30	12
MONSTERS VS ALIENS - 3D	kl. 1.50 (850kr) og 3.40	L
FRANKLÍN OG FJÁRS.	kl. 2.500kr og 4-kl. tal	12
VILTU VINNA MILLJARÐ?	kl. 5.50 (500 kr)	L

Frá Höfundum Lost og Fringe, J.J.Abrams, kemur **STÖRMÝND** sem gagnrýndur aldrei vart vatni yfir!

★★★★

Empire

100/100 Variety

100/100 The Hollywood Reporter

100/100 "In the pop high it delivers, this is the greatest prequel ever made." Boston Globe

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	SELFOSS
STAR TREK kl. 1:30 - 4 - 6:30 - 8D - 9 - 10:40D	10	17 AGAIN kl. 5:50 - 8 L
STAR TREK XI kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40	VIP	Allred Eliasson & Loftleidir kl. 5:50 - 8 L
X MEN kl. 5:40 - 8 - 10:20	14	OBSERVE AND REPORT kl. 10:20 16
STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/ísl.tali kl. 2D - 4D - 6D	L	STATE OF PLAY kl. 10:20 12
OBSERVE AND REPORT kl. 4 - 6 - 8 - 10:40	16	STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/ísl.tali kl. 2 - 4 L
17 AGAIN kl. 2 - 4 - 6 L		MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali kl. 2 - 3:50 L
I LOVE YOU MAN kl. 8 12		AKUREYRI
THE UNBORN kl. 10:40 16		STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/ísl.tali kl. 2 - 4 L
MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali kl. 1:30 - 10:40 L		STAR TREK XI kl. 5:40 - 8 - 10:30 7
CHIHUAHUA m/ísl.tali kl. 2 L		MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali kl. 2 L
KRINGLUNNI		NEW IN TOWN kl. 4 - 8 L
LA CENERENTOLA Opera í Beinni útsendingu kl. 4:30D L		Allred Eliasson & Loftleidir kl. 6 L
STAR TREK kl. 5:30D - 8:10D - 10:40D 10		THE UNBORN kl. 10 16
Allred Eliasson & Loftleidir kl. 8D - 10:30D L		KEFLAVÍK
NEW IN TOWN kl. 6 - 8 - 10:10 L		STAR TREK XI kl. 5 - 8 - 10:30 7
STÍGVÉLADI KÖTTURINN ísl.tali kl. 1:30D - 3:30D L		Allred Eliasson & Loftleidir kl. 8 L
MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali kl. 2 - 4 L		CRANK 2 : HIGH VOLTAGE kl. 10:20 16
MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali Sýnd sunnudag í þrívídd L		MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali kl. 2 - 6 L
LET THE RIGHT ONE IN Sýnd sunnudag kl. 10:10 16		STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/ísl.tali kl. 2 - 4 L

NÝTT Í BIÓ!

VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG!

★★★★ - S.V. MBL

LÚXUS

BOAT THAT ROCKED

X-MEN ORIGINS WOLVERINE

MUMÍNÁLFARNIR ÓLAGANÓTTIN

FRANGLÍN OG FJÁRSJÓÐURINN

17 AGAIN

STATE OF PLAY

I LOVE YOU MAN

SMÁRABÍÓ Sími 564 0000	TILBOÐSVERÐ	HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919	TILBOÐSVERÐ
BOAT THAT ROCKED kl. 5:20 - 8 - 10:40	12	BOAT THAT ROCKED kl. 3 - 6 - 9	12
X-MEN WOLVERINE D kl. 1:30 - 5:40 - 8 - 10:20	14	X-MEN WOLVERINE kl. 4 - 6:30 - 9	14
X-MEN WOLVERINE LÚXUS D kl. 1:30 - 5:40 - 8 - 10:20	14	I LOVE YOU MAN kl. 5:40 - 8 - 10:15	12
CRANK 2: HIGH VOLTAGE kl. 8 - 10:10	16	DRAUMALANDIÐ kl. 3:30 - 6 - 8 - 10	L
17 AGAIN kl. 1:30 - 4 - 5:50 - 8 - 10:10	L	MUMÍNÁLFARNIR kl. 4	L
DRAUMALANDIÐ kl. 4 - 6	L		
MUMÍNÁLFARNIR kl. 1 - 3	L		
MALL COP kl. 1	L		

RESNABÓGINN Sími 551 9000	TILBOÐSVERÐ	BORGARABÍÓ Sími 462 3500	TILBOÐSVERÐ
STATE OF PLAY kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12	BOAT THAT ROCKED kl. 8 - 10:10	12
I LOVE YOU MAN kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:15	12	X-MEN WOLVERINE kl. 4 - 8 - 10	14
FAST AND FURIOUS kl. 5:40 - 8 - 10:15	12	DRAUMALANDIÐ kl. 6	L
CRANK 2: HIGH VOLTAGE kl. 3:30 - 5:50 - 8 - 10:10	16	MUMÍNÁLFARNIR kl. 4 - 6	L
MALL COP kl. 3:30	L		

Hjaltalín til Bretlandseyja

Hljómsveitin Hjaltalín fer á þriðjudag í tveggja vikna tónleikaferð um Bretlandseyjar. Þar spilar hún á nokkrum tónlistarhátíðum, meðal annars á Great Escape-hátíðinni í Brighton og Sound City í Liverpool. Einnig treður hún upp í Skotlandi og Wales.

„Þetta leggst rosavel í mig. Þetta verður skemmtilegt,“ segir söngkonan Sigríður Thorlacius. „Við höfum bara farið til London og Brighton þannig að það verður gaman að fara til annarra borga.“

Hjaltalín er þessa dagana að æfa fyrir kammer-tónleika sína á Listahátíð Reykjavíkur sem verða 27. maí í Íslensku Óperunni. Sveitin gerir einmitt hlé á tónleikaferð sinni vegna tónleikanna, sem þegar er orðið uppselt á. „Það verða tvær eða þrjár æfingar áður en við förum út. Það er verið að skrifa margt upp á nýtt og útsetja en þetta er svo „pro“ fólk sem er með okkur að við höfum ekki miklar áhyggjur,“ segir Sigríður.

Tónleikarnir verða þeir fyrstu sem Hjaltalín heldur hérlendis á þessu ári. Fjöldmörg ný lög af vænt-



HJALTALÍN Hljómsveitin Hjaltalín er á leið í tónleikaferðalag um Bretland. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

anlegri plötu verða frumflutt sérstaklega, auk þess sem eldri lög verða á efnisskránni. - fb

Ókláruð plata sett á netið

Fyrstu plötu Jónsa í Sigur Rós og gærastans Alex Somers undir yfirskriftinni Riceboy Sleeps hefur verið lekið á netið, rúmum tveimur mánuðum fyrir útgáfudag.

„Þetta er rosalega snemmt eitt-hvað. Það er svo langt þangað til hún kemur út,“ segir Jónsi, sem hafði ekkert frétt af lekanum. Hann segist vera ósáttur við tíðindin, sérstaklega vegna þess að platan er ekki fullkláruð. „Það er það eina leiðinlega við þetta,“ segir hann og Alex tekur í sama streng: „Við hefðum ekki haft yfir neinu að kvarta ef kláruð útgáfa af plötunni hefði farið á netið. En það veldur mér vonbrigðum að „grófu mixin“ séu komin þangað. Engu síður erum við að vissu leyti bara ánægðir að fólki vilji hlusta á okkur.“ Jónsi segist íhuga að leggja fram kvörtun yfir lekanum í von um að skrufað verði fyrir hann. Plötum Sigur Rósar hefur í gegnum árin verið lekið á netið en ekki eins snemma og þessari. „Stundum er þetta gott og stundum er þetta vont. Þetta var að vissu marki gott fyrir okkur í Sigur Rós þegar við vorum að byrja. Þegar plötturn-



RICEBOY SLEEPS Jónsi og Alex koma fram undir nafninu Riceboy Sleeps. Fyrsta plata þeirra verður gefin út í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ar láku á netið kynntu þær fullt af fólki fyrir tónlistinni,“ segir Jónsi. Nýja platan, sem er að stórum hluta ósungin, kemur út í Evrópu á vegum Parlophone 20. júlí. Hún verður fánæg í nokkrum útgáfum, eða á geisladiski, í stafrænu

formi, á tvöföldum vínýl og í kassa með auka EP-plötu. Þarna verður vitaskuld um fullkláraða útgáfu að ræða og má telja líklegt að æstir aðdaendur Sigur Rósar vilji frekar biða aðeins lengur eftir henni en að hlusta á verk sem enn á eftir að ljúka við. freyr@frettabladid.is

Sparbíó SAMBÍÓIN

550kr

STÍGVÉLADI KÖTTUR (ísl.tali) kl. 2 í Álf., self., kefli, og á ak. kl. 1.30 í Krínglunni

550kr

CHIHUAHUA m/ísl.tali kl. 2 í Álfabakka

550kr

17 AGAIN kl. 2 í Álfabakka

550kr

MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali kl. 1.30 í Álfabakka kr. 550 kl. 2 í Krínglunni kr. 550 kl. 2 í Keflavík, akureyri og á Selfossi

Ódýrt í bió

Sími: 553 2075 - bara lúxus

MUMÍNÁLFARNIR ÓLAGANÓTTIN ATH. 500 KR. ATH. SÝND KL.2

FRANKLÍN OG FJÁRSJÓÐURINN ÍSLENSKT TAL ATH. 500 KR. ATH. SÝND KL.2

MONSTERS VS ALIENS ATH. 850 KR. Á 3D ATH. SÝND KL. 1.50

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARABÍÓ

500kr

KL.1 SMÁRABÍÓ

500kr

KL.1 SMÁRABÍÓ

500kr

KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

500kr

KL.4 BORGARABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

500kr

KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGARABÍÓ

MEGA
FORTUNE

571.588.580
Í MEGAFORTUNE

NÚ HEFUR JACKPOT Í **MEGAFORTUNE** HELDUR BETUR UNDIÐ UPP Á SIG.
Potturinn stendur í 3.373.000 evra - já eða í um 571.588.580 milljónum króna!

TIL HAMINGJU!

Undanfarna 12 mánuði hafa 2 heppnir
Íslendingar unnið 100.000 evru
jackpot í Betsson Casino.

betsson.com™
POKER - BETTING - CASINO

Betsson er ein stærsta spilasíða í Evrópu.

Félagið er skráð í sænsku Kauphöllinni og allar færslur lúta ströngustu kröfum óháðra eftirlitsaðila.

Betsson býður upp á Net-Lengjuna, Games, Veðmál 1X2, póker og Casino - með leikjapeningum sem kosta ekkert.

Gæði, öryggi, skemmtun og skilvirkni eru okkar kjörorð.

FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR FH 1. SÆTINU Í PEPSI-DEILDINI 2009

> LYKILMAÐURINN

Davíð Þór Viðarsson er fyrirliði Íslandsmeistaranna og leiðtogi liðsins inn á vellinum. Hann átti ríkan þátt í góðum endaspretti liðsins á síðustu leiktíð þar sem liðið tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í lokaumferðinni. Davíð er þar að auki einn fárra leikmanna deildarinnar sem er reglulega valinn í íslenska landsliðið.



Verður erfitt að verja titilinn

Heimir Guðjónsson á ekki von á því að FH muni fara létt með að verja Íslandsmeistaratitilinn í sumar, eins og svo margir virðast halda fyrir fram. FH er spáð Íslandsmeistaratitilinum hjá Fréttablaðinu eins og svo víða annars staðar. Þar með er sleginn botn í upphitun blaðsins fyrir Pepsi-deildina sem hefst á morgun.

„Það er ekki hægt að segja að það komi okkur á óvart að okkur sé spáð velgengni,“ sagði Heimir. „Við erum ríkjandi meistarar og það hafa litlar breytingar átt sér stað á leikmannahópnum. Við áttum því von á þessu.“ Hann segir að sitt lið sé á góðu róli og það hafi gert liðinu gott að fara í æfingaferð til Portúgals. „Þar náðu menn að stilla saman strengi og eftir það höfum við verið á uppleið. Vonandi verður það þannig áfram.“

FH-ingar hafa þó ekki tapað einum einasta leik í mótum undirbúningstímabilsins og oftar en ekki unnið leikina með stórum mun.

„Markmiðin hjá FH eru þau sömu og hafa verið síðustu ár – að vera í toppþar áttunni. En það er ljóst að það verður erfitt að verja titilinn enda mikið af sterkum liðum í deildinni. Þau hafa verið að bæta við sig töluverðu af leikmönnum og þá kannski sérstaklega síðasta mánuðinn.“

Sjálfr hafa FH-ingar bætt við sig einum leikmanni, norska sóknarmanninum Alexander Söderlund. „Við erum mjög ánægðir með okkar leikmannahóp. Við bættum við okkur einum manni og þá eru þeir yngri sem fengu eldskírninga í fyrra orðrin ári eldri og reynslunni ríkari.“



> X-FAKTORINN

Tommy Nielsen er og hefur verið einn allra mikilvægasti leikmaður FH-inga enda einn fremsti varnarmaður deildarinnar. Hann er hins vegar orðinn 37 ára gamall og ljóst að það mun mikið mæða á honum í sumar.



AÐRIR LYKILMENN



TRYGGVI GUÐMUNDSSON



ATLI VIÐAR BJÖRNSSON



ÁSGEIR GUNNAR ÁSGEIRSSON

GENGI Á VORMÓTUNUM

■ Sigrar ■ Jafntefli ■ Töþ



GENGI SÍÐUSTU ÁRA

2008 1. sæti í A-deild

2007 2. sæti í A-deild

2006 1. sæti í A-deild

2005 1. sæti í A-deild

2004 1. sæti í A-deild

2003 2. sæti í A-deild



BIRGIR LEIFUR Sjóðheitur í Tórínó í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Birgir Leifur Hafþórsson:

Fór á kostum á Ítalíu

GOLF Kyllingurinn Birgir Leifur Hafþórsson fór mikinn á opna ítalska meistaramótinu í gær en leikið var í Tórínó.

Birgir Leifur lék frábært golf og kom í hús á 65 höggum eða 6 höggum undir pari. Hann er því samtals á 7 höggum undir pari á mótinu en annar hringurinn var leikinn í gær.

Birgir Leifur fékk átta fugla á hringnum en aðeins tvo skolla. Hann er tveimur höggum á eftir efsta manni.

Þessi frábæri hringur Birgis skilaði honum í þriðja sæti mótsins en mótinu verður fram haldið í dag og lýkur á sunnudag. - hbg



SIR ALEX Valinn stjóri mánaðarins í 23. skiptið á ferlinum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

Alex og Arshavin bestir í apríl

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Útd, var kjörinn knattspyrnustjóri aprílmánaðar í enska boltanum og Rússinn Andrey Arshavin var valinn leikmaður mánaðarins.

Þetta er í 23. skipti sem Sir Alex hlýtur þessi verðlaun. United hefur aðeins tapað tveimur af síðustu 23 leikjum sínum í deildinni og virðist fátt geta komið í veg fyrir sigur liðsins í deildinni.

Leikur Arshavins gegn Liverpool gleymist seint en Rússinn skoraði öll fjögur mörk Arsenal í leiknum ótrúlega sem endaði 4-4.

- hbg

Vil ekki fara en mun skoða mín mál

Eiður Smári Guðjohnsen segir það rangt sem kom fram í Morgunblaðinu að hann vilji fara frá Barcelona í sumar. Í raun vill hann vera áfram en hann gæti neyðst til að skoða sína stöðu í lok tímabilsins.

FÓTBOLTI „Auðvitað vil ég ekki fara frá Barcelona. En miðað við stöðu mína hjá félaginu gæti ég þurft að hugsa mig tvisvar um eftir tímabilið.“

Þetta segir Eiður Smári Guðjohnsen í samtali við Fréttablaðið. Hann segir að orð hans hafi verið rangtúlkuð í viðtali við Morgunblaðið í gær þar sem hann var sagður vilja fara frá Barcelona.

„Ég tel að ég sé búinn að gefa þessu fullan séns hér. Mér fannst ég spila mjög vel framan af tímabilinu og kom mér vel inn í liðið. Miðað við spilamennsku á ég skilið að fá fleiri mínútur inni á vellinum. Það var það sem ég átti við,“ segir Eiður.

„En það er ekkert ákveðið og nú mun ég nota alla mína krafta til að klára tímabilið með stæl. Vonandi fæ ég að spila meira en ég hef fengið á undanförunum vikum.“

Óánægður á bekknum

Hann segist ekki vera sáttur við að sitja á bekknum, ekki frekar en aðrir knattspyrnumenn. „Þó það sé gaman að vera í stórlíði sem keppir um alla titla er ég ekki sáttur við að sitja á bekknum og bíða eftir að ferillinn klárast. En þar með er ekki sagt að ég vilji fara. Ég vil hins vegar breyta minni stöðu hér.“

Eiður segir að hann sé ekki búinn að hugsa málið lengra en svo. „Ef það kemur að því að ég fari frá félaginu mun ég skoða hvaða möguleikar standa mér til boða í sumar – ekki fyrr. Ég hef ávallt sagt að það sé ekki sjálfgefið að ég fari aftur til Englands og ef ég fer þá þarf ég að taka tillit til heildarmyndarinnar. Ég á mína fjölskyldu sem liður vel hér. Strákrarnir þrír eru ánægðir, því væri það stórt skref fyrir okkur öll að fara annað.“

Sem fyrr segir hefur Eiður lítið fengið að spreyta sig að undanförunum. Hann hefur þó ekki rætt það sérstaklega við knattspyrnustjóra liðsins.

Get ekki rífið kjaft

„Það er erfitt að vera í liði þar sem allt gengur upp og vera að rífa kjaft. Ég hef bara reynt að halda áfram og vera tilbúinn þegar ég fæ mitt tækifæri. Mér var mikið hrósað þegar ég kom inn á sem vara- maður gegn Valenc-

TÍMABILID HJÁ EIÐI

Allir leikir

Leikir	29 (14 í byrjunarliði)
Mínútur	1341
Skot (á mark)	22 (7 á mark)
Mörk/stoðsendingar	4/4

Spænska deildin

Leikir	20 (8 í byrjunarliði)
Mínútur	837
Skot (á mark)	14 (4 á mark)
Mörk/stoðsendingar	3/2

Spænski bikarinn

Leikir	5 (5 í byrjunarliði)
Mínútur	376
Skot (á mark)	6 (3 á mark)
Mörk/stoðsendingar	1/0

Meistaradeildin

Leikir	4 (1 í byrjunarliði)
Mínútur	128
Skot (á mark)	2 (0 á mark)
Mörk/stoðsendingar	0/2

ia fyrir tveimur vikum og það var síðan erfitt að kyngja því að fá ekki að fylgja því eftir.“

Eiður kom aðeins við sögu í mýflugumynd í næstu þremur leikjum liðsins, í tveimur leikjum gegn Chelsea og gegn Real Madrid. Þrátt fyrir það og annað mót-læti á leiktíðinni segir hann þolinmæði sína ekki á þrotum.

„Ég held að margir knattspyrnumenn hafi klikkað á því í gegnum tíðina að vera ópolinmóðir. Ég tel að þolinmæðin hafi ávallt verið einn af mínum styrkleikum og gert mig sterkari fyrir vikið. Það hef ég margoft upplifað á mínum ferli. Ég fékk oft að heyra það þegar ég var hjá Chelsea að ég ætti að fara. En þegar kom að því fór ég sem Englandsmeistari og það eina sem ég fékk að heyra þegar ég kom til aftur til London á dögnum var að félagið hefði aldrei náð að finna neinn í staðinn fyrir mig.“

Þolinmæðin er ekki á enda þó svo að ég segist vera óánægður með mína stöðu. Ég er bara fótbolta- maður og elska að spila fótbolta.

Það er leiðinlegt þegar maður getur það ekki.

Ég hef nú líka stundum heyrt þá umræðu að það sé metnaðarleysi af minni hálfu að vera áfram hjá Barcelona. Það skil ég ekki alveg. Ég held að það sé einmitt metnaðarfullt að reyna að feta sig meðal þeirra bestu.“

Aldrei unnið þrennuna

Barcelona á nú möguleika á að vinna þrjá stærstu titlana sem í boði eru á einu og sama tímabilinu – spænsku úrvalsdeildina, spænsku



HJÁLPARHÖND Eiður Smári hjálpar Lionel Messi að reisa sig við. NORDIC PHOTOS/AFR

bikarkeppnina og Meistaradeild Evrópu. Ef liðinu tekst það verður það í fyrsta slíka þrennan í sögu félagsins.

„Um helgina getum við orðið spænskir meistarar og svo bikarmeistarar í næstu viku. Svo er úrslitaleikur Meistaradeildarinnar handan við hornið. Ein örlagaríkasta vika í sögu félagsins fer því senn að hefjast. Ég er því sannarlega ekki að hugsa um að fara eitthvað annað. Ég fer dýrvitlaus á allar æfingar og er staðráðinn í að fá mínar mínútur. Ég ætla þar að auki að njóta þess að taka þátt í velgengni liðsins, sama hversu

mikið ég fæ að taka þátt í úrslitaleikjunum.“

Hann segist vel gera sér grein fyrir því að hann hafi ekki verið mikiðvægasti leikmaður liðsins á leiktíðinni en að hann eigi sinn þátt í velgengni þess eins og aðrir leikmenn.

„Ég er enginn vitleysingur og geri mér vel grein fyrir því að ég er ekki jafn mikilvægur og Henry, Eto'o og Messi. En allir leikmenn hafa tekið þátt og lagt sitt af mörku- m, hvort sem þeir spila í níutíu mínútur í leik eða fimmtán. Það er liðsheildin sem vinnur titlana.“

eirirur@frettabladid.is

Enska úrvalsdeildin fer á fulla ferð um helgina og spennan heldur áfram:

Kemst Liverpool á toppinn í dag?

FÓTBOLTI Níu leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni um helgina og er hart barist á toppi sem botni. Liverpool getur skotist á toppinn í dag með sigri á West Ham á Upton Park. Manchester United mætir síðan grönnum sínum í City á sunnudag.

Liverpool-menn kætast yfir því að þeir Fernando Torres og Javier Mascherano verða væntanlega klárir í slaginn en þeir hafa verið að glíma við meiðsla. Xabi Alonso verður aftur á móti ekki með en hann er enn að jafna sig eftir glæpsamlega tæklingu Joey Barton. „Hver einasta vika er tækifæri

fyrir okkur til þess að setja pressu á Manchester United. Við verðum því að næla í þrjú stig,“ sagði Rafa Benítez, stjóri Liverpool. „Við verðum bara að halda áfram að vinna okkar vinnu og maður veit aldrei hvað getur gerst.“

Gianfranco Zola, stjóri West Ham, er ekkert sérstaklega spenntur fyrir því að eiga heima-leik gegn Liverpool. „Maður vill frekar mæta Liverpool á Anfield því árangur liðsins á útivelli er stórkostlegur,“ sagði Zola.

„Þetta verður erftitt en leikmennirnir eru ákveðnir í að ná árangri. Við verðum samt að skapa usla til

þess að eiga möguleika því annars munu þeir valta yfir okkur.“

Það verður væntanlega blóðug barátta á Old Trafford á sunnudaginn eins og venja er þegar Man. Utd og Man. City mætast. Gary Neville er í leikmannahópi United en hann hefur verið frá vegna meiðsla í mánuð. Wes Brown er einnig frá.

Carlos Tevez, Dimitar Berbatov og Paul Scholes fá líklega að spila. Óvissa er með þáttöku Shaun Wright-Phillips, leikmanns City, en hann er meiddur á ökkla. Sömu sögu er að segja af Pablo Zabaleta.

- hbg



MEIDDUR Xabi Alonso er enn að jafna sig eftir groddatæklingu Joey Barton og spilar ekki með Liverpool í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



RAUL Ekki á leið til Englands. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Mark Hughes:

Raul ekki á leið til Man. City

FÓTBOLTI Mark Hughes, knattspyrnustjóri Man. City, segir ekkert hæft í þeim fréttum spænskra fjölmiðla að Raul, framherji Real Madrid, sé á óskalista félagsins.

„Það er sífellt verið að orða okkur við hina og þessa leikmenn. Þessi frétt kemur frá Spáni og á sér enga stoð í raunveruleikanum,“ sagði Hughes sem ætlar sér samt að versla í sumar enda nóg til af seðlum hjá félaginu.

„Við erum að leita að leikmönnum sem munu passa vel við þá góðu leikmenn sem við höfum nú þegar hjá félaginu. Það þarf að styrkja liðið á ákveðnum stöðum og við munum leita að bestu mönnum í þær stöður. Við munum ekki drífa okkur heldur vera þolinmóðir og semja á réttum nótum,“ sagði Hughes en félög hækka eðlilega verðmiðann þegar Man. City er annars vegar enda eitt fárra félaga sem á miklu meira en nóg af peningum.

„Við munum skoða markaðinn mjög ítarlega og ef við þurfum að bíða til þess að fá rétta manninn á réttum kjörum þá er það allt í lagi. Við skoðum manninn, meiðslasöguna og hvernig persónuleikar eru á ferðinni. Allir þessir þættir skipta okkur máli enda þurfa menn að eiga erindi í hópinn.“ - hbg

Wes Brown:

Spilar ekki meira með Utd.

FÓTBOLTI Það á ekki af varnarmanninum Wes Brown að ganga. Hann hefur verið mikið meiddur í vetur og nú er ljóst að hann mun ekki taka neinn þátt á lokasprettinum þetta tímabilið.

„Það kom aðeins babb í bátinn með meiðslin hjá Wes. Þetta er ekkert stórvægilegt en tímabilið er að verða búið og við viljum ekki tefla á tvær hættur með þessi meiðsla,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United.

Brown hefur einungis komið við sögu í tveimur leikjum síðan í október. Hann byrjaði að æfa á ný í apríl en þarf að bíða fram að næsta hausti til að spila strax. - hbg

Göngudagar

20%

afsláttur af öllum gönguskóm frá fimmtudegi til sunnudags. Öll helstu merkin í gönguskóm.

MEINDL NORTH FACE SCARPA LOWA

ISLENSKA SJALIS/UTI 42579 05/08

Veigar Páll enn að jafna sig á meiðslum á læri sem hann hlaut á landsliðsæfingu í aprílbyrjun:

Veigar Páll spilar varla meira á tímabilinu

FÓTBOLTI Veigar Páll Gunnarsson er enn að glíma við meiðslu sem hann varð fyrir á æfingu með íslenska landsliðinu fyrir leikinn gegn Skotlandi um þarsíðustu mánaðamót. Í ljós kom að lærvöðvi rifnaði lítilliga en hann er þó allur að koma til.

„Ég fékk ekki rétta greiningu fyrr en ég kom aftur til Frakklands og þá fékk ég að vita að ég yrði frá í fjórar vikur. Síðan eru liðnar tæpar fimm vikur og ég er enn að skrifa saman,“ sagði Veigar, sem leikur með franska úrvalsdeildarliðinu Nancy. Hann gekk í raðir liðsins frá Stabæk í Noregi í janúar síðastliðnum en hefur

aðeins komið við sögu í fimm leikjum síðan þá.

„Nú eru fjórir leikir eftir á tímabilinu og þar af eru tveir strax í næstu viku. Ég verð ekki með í þeim tveimur og

það er svo spurning um hina tvo. Hins vegar er leikformið mitt ekki upp á marga fiska enda er ég ekki búinn að spila neitt af viti síðan tímabilinu lauk í Noregi.“

Hann segir þó að forráðamenn Nancy hafi sýnt sér þolinmæði.

„Þeir sögðu að ég ætti að nota þetta tímabil til að koma mér fyrir

og læra betur á nýtt land og nýja menningu. Það er næsta tímabil sem telur hjá mér.“

Stabæk varð Noregsmeistari í haust en hefur byrjað illa á núverandi tímabili – unnið aðeins einn af fyrstu sjö.

„Það hefur verið erfitt að fylgjast með gengi liðsins enda er ég vitaskuld mikill Stabæk-maður. Þetta kemur nokkuð á óvart þar sem þeir misstu aðeins tvo leikmenn eftir tímabilið en fengu 4-5 í staðinn. En ég vona að liðið fari að rétta úr kútnum.“

Nancy er sem stendur í fjórtaða sæti frönsku úrvalsdeildarinnar, sjö stigum frá fallsæti. - esá



VEIGAR PÁLL
Hér með búiðing Nancy.



THEO WALCOTT Ánægður með nýja samninginn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Theo Walcott:

Skrifaði undir nýjan samning

FÓTBOLTI Ungstirnið Theo Walcott hefur skrifað undir nýjan langtímasamning við Arsenal. Samningurinn er talinn renna út árið 2013.

„Ég er mjög ánægður með að hafa skrifað undir nýjan samning. Ég er afar hamingjusamur hjá félaginu og vil þakka öllum sem hafa aðstoðað mig við að taka framförum hérna,“ sagði Walcott, sem kom frá Southampton árið 2006.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var að vonum hæstánægður með þessi tíðindi.

„Theo er afar greindur leikmaður sem hefur tekið miklum framförum á þessari leiktíð,“ sagði Wenger en Walcott er afar ánægður með stjórnann sinn.

„Það er frábært að vinna með besta knattspyrnustjóra heims og spila á Emirates-vellinum. Það er ótrúlegur staður til að spila knattspyrnu. Ég vil spila hér áfram og hlakka til að ná árangri með þessu félagi,“ sagði Walcott að lokum. - hbg



GUÐJÓN VALUR Verður í lykilhutverki hjá Löwen í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Bikarhelgi í Þýskalandi:

Önnur lota hjá Kiel og Löwen

HANDBOLTI Íslendingar verða áberandi þegar úrslitahelgin í þýska bikarnum fer fram í Hamburg um helgina.

Í dag fara fram undanúrslitin. Þá mætast Hamburg og Gummersbach í fyrri leik dagsins en síðari leikurinn er ekki af verri gerðinni en þá mætast Kiel og Rhein-Neckar Löwen. Sá leikur verður sýndur á Stöð 2 Sport og hefst útsending klukkan 13.20.

Úrslitaleikurinn fer síðan fram á sunnudag. Sá leikur verður einnig sýndur á Stöð 2 Sport.

Róbert Gunnarsson verður í eldlínunni með Gummersbach en í hinum slagnum mætast Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, og Guðjón Valur Sigurðsson, leikmaður Löwen.

Liðin mættust á dögnum í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. Þá fór Kiel illa með Löwen í fyrri leiknum en Löwen marði sigur í seinni leiknum.

Það sagði Guðjón Valur vera afar mikilvægt því leikmenn þyrftu að trúa því að þeir gætu lagt hið ógnarsterka lið Kiel sem þegar hefur tryggt sér þýska meistaratitilinn. - hbg



PEPSI-DEILDIN BYRJAR AÐ RÚLLA

KR-FJÖLNIR SUNNUDAG KL. 17:00




FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOD!

50%

AFSLÁTTUR AF F-~~2009~~

ÁSKRIFTENDUR STÖÐVAR 2, SPORT 2 EDA FJÖLVARPSINS GETA NÚ BÆTT VIÐ SIG ÁSKRIFT AD STÖÐ 2 SPORT MED 50% AFSLÆTTI.
NÁÐAR UM TILBOÐIÐ Á STÖD2.IS

PEPSI-DEILDIN Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT

KEFLAVÍK – FH MÁNUDAG KL. 19:15

FYLKIR – KEFLAVÍK FIMMTUDAG KL. 20:00

STJARNAN – ÍBV 17. MAÍ KL. 20:00

BREIÐABLIK – FH 18. MAÍ KL. 20:00

KEFLAVÍK – FRAM 23. MAÍ KL. 15:00

VALUR – GRINDAVÍK 25. MAÍ KL. 20:00



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ÞAÐ VERÐUR GOTT AÐ FÁ AÐ RAKA SIG AFTUR

Stuðningsmenn Guif kalla sig Rauða hafið og ætla að fjölmenna í Globen í dag og hjálpa Íslendingnum Kristjáni Andréssyni að gera Guif að sænskum meistara í fyrsta sinn. Kristján hefur byggt upp nýtt lið á tveimur árum.

HANDBOLTI Kristján Andrésson getur gert Guif að sænskum meistara í handbolta karla í dag þegar liðið mætir Alingsås í úrslitaleik í Globen. Kristján, sem er aðeins 28 ára gamall, er á sínu öðru ári með liðið en hefur bæði árin náð miklu lengra en menn þjuggust við. Nú er hann einum leik frá því að gera GUIF að sænskum meisturum í fyrsta sinn í sögu félagsins.

„Þetta er mjög stór stund fyrir okkur og þetta verður mjög skemmtilegur leikur. Við erum allir mjög spennir,“ sagði Kristján Andrésson, þjálfari Guif, í rútu á leiðinni til Stokkhólms.

Aldrei orðið meistarar

„Það eru margir mjög ánægðir með að við erum komnir alla leið í úrslit og allir eru stoltir af Guif-liðinu. Liðið hefur aldrei orðið meistarar en það hefur komist tvisvar áður í úrslitaleikinn og síðast fyrir átta árum,“ sagði Kristján en hann lék þá með liðinu.

„Það þjuggust ekki margir við að við myndum komast í úrslitakeppnina því að við misstum tvo markahæstu mennina okkar í fyrri. Hinir leikmennirnir hafa bætt sig mikið og við erum með marga leikmenn í dag sem geta gert góða hluti fyrir liðið,“ segir Kristján.

Stuðningsmenn Guif styðja vel við liðið og klæðast allaf rauðu. Þeir kalla sig Rauða hafið en ekkert lið í sænsku deildinni fékk fleiri áhorfendur á sína leiki í vetur.

Allir að óska manni til hamingju

„Við erum búnir að vera með mjög sterka stuðningsmenn á þessu tímabili. Maður sér það líka að það eru margir að labba um í Guif-peysum í bænum og það eru allir að óska manni til hamingju og segjast vona að við vinnum leikinn,“ sagði Kristján.

Guif-liðið sló deildarmeistarann Sävehof út úr undanúrslitunum eftir sigur í oddaleik. Í sænsku úrslitakeppninni fá deildarmeistararnir að velja sér mótherja í 8 liða og undanúrslitum.

„Þeir vildu spila við okkur. Þeir voru ekki búnir að tapa fyrir okkur í sautján leikjum í röð og héldu örugglega að þeir myndu vinna okkur,“ segir Kristján en bætur við

Voru hræddir við að tapa

„Þeir voru mjög hræddir við tapa en við börðumst eins og gátum



„SLUTSPELSSKÄGG“ Kristján Andrésson er kominn með myndarleg alskegg.

MYND/TOMMY HOLL

og vorum með góðan markmann. Við vorum bara sterkari í lokin og náðum að vinna. Þetta var frábær leikur,“ sagði Kristján.

Það hefur reynt mikið á Kristján því hann hefur þurft að byggja upp nýtt lið með ungum leikmönnum.

„Við erum búnir að missa leikmenn fyrir bæði tímabilin en við

erum líka búnir að fá nokkra unga menn til okkar auk þess sem þeir sem eftir voru hafa nýtt tækifærið ótrúlega vel,“ segir Kristján og bætir við. „Auðvitað er ég stoltur af mínu liði og hvernig það hefur vaxið og dafnað þessi tvö ár. Það eru ótrúlega margir stákar sem hafa orðið betri leikmenn og eru að verða klókari og klókari. Það er mjög skemmtilegt að fylgjast með þeim. Þeir hafa komið á allar æfingar til að verða betri og það er mjög skemmtilegt að þjálfra þannig leikmenn,“ segir Kristján.

Mikil umfjöllun um liðið

Hann hefur ekki áhyggjur af reynsluleysi sinna manna þrátt fyrir ungan aldur.

„Það hefur verið mikil umfjöllun um liðið í fjölmiðlum í Svíþjóð og margir vilja fylgjast með liðinu. Við erum að reyna að fá leikmennina til að einbeita sér að leiknum. Þetta er mjög góðir strákar sem léku úrslitaleiki þegar þeir voru yngri. Þeir eru vanir þessu. Við höfum fengið mjög marga áhorfendur á pallana í vetur og ég vona að þeir séu vanir þessu. Við munum gera allt til þess að vinna leikinn,“ segir íslenski þjálfarinn.

Skeggið sést ekki á öllum

Kristján státar nú af myndarlegu alskeggi og það er ekki að ástæðulausu.

„Það er bara fyrir þessa úrslitakeppni. Þeir eru með það sem þeir kalla „slutspelsskägg“ hér í Svíþjóð. Það þýðir að maður byrjar að safna frá fyrsta leik í úrslitakeppninni og allt liðið hefur gert það. Ég er með mjög unga leikmenn þannig að það sést ekki á öllum þótt þeir séu búnir að safna í þrjár vikur,“ segir Kristján í léttum tón.

„Ég má raka mig eftir leikinn og ég geri það hvernig sem fer. Ég er byrjaður að venjast því að hafa skegg en það verður mjög gott að raka sig aftur,“ segir Kristján.

Kristján segir góða umgjörð hjá Guif skipta miklu máli. „Þetta er búið að vera stórt ævintýri. Ég hef haft góðan aðstoðarþjálfara og gott fólk í kringum liðið,“ segir Kristján.

